# HOLTAVÖRÐUHEIÐARLÍNA 3

## UMHVERFISÁHRIF Á LANDBÚNAÐ

*Samantekt á umfangi landbúnaðar á áhrifasvæði Holtavörðuheiðarlínu 3 og möguleg áhrif vegna framkvæmda og rekstus línunnar á landbúnaðarstarfsemi.*


Borgar Páll Bragason
Eiríkur Loftsson
Sigurður Torfi Sigurðsson

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins


Apríl 2024

**Verkefni unnið fyrir Landsnet hf.**

**Heiti verkefnis:** Holtavörðuheiðarlína 3, umhverfisáhrif á landbúnað

**Titill skýrslu:** Holtavörðuheiðarlína 3, umhverfisáhrif á landbúnað - Samantekt á umfangi landbúnaðar á áhrifasvæði Holtavörðuheiðarlínu 3 og möguleg áhrif vegna framkvæmda og reksturs línunnar á landbúnaðarstarfsemi

**Höfundar:** Borgar Páll Bragason
Eiríkur Loftsson
Sigurður Torfi Sigurðsson

**Útgefandi:** Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins ehf, Reykjavík, Ísland, 2024

Sími: (+354) 5165000

Netfang: rml@rml.is

Vefsíða: rml.is

**Verkefnishópur / sérfræðingar RML:**

Borgar Páll Bragason, fagstjóri rekstrar- og umhverfissviðs

Eiríkur Loftsson, ráðunautur á rekstrar- og umhverfissviði

Sigurður Torfi Sigurðsson, ráðunautur á rekstrar- og umhverfissviði

**© Höfundar og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins ehf.**

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda og eiganda.

## Efnisyfirlit :

1 Inngangur ... 1

2 Aðferð við greiningu ... 2

2.1 Greining á búfjárrækt á áhrifasvæði línunnar ... 3

2.2 Greining á umfangi og einkennum ræktunarlands og áhrifum framkvæmda ... 5

2.3 Greining á gæðum og einkennum beitarlands og áhrifum framkvæmda ... 6

3 Einkenni og grunnstaða landbúnaðar á línuleiðum - Heildaryfirlit ... 8

3.1 Búfjárrækt ... 8

3.2 Ræktað land ... 10

3.3 Beitarland / úthagar ... 11

4 Einkenni og grunnstaða landbúnaðar á valkosti D ... 12

4.1 Staða og umfang landbúnaða – Valkostur D í heild ... 12

4.2 Staða og umfang landbúnaðar – 1. hluti valkostar D1 - Holtavörðuheiði – Hrútatunga ... 13

4.3 Staða og umfang landbúnaðar – Samanburðarsvæði valkosta D2 og 2. hluta D1, Hrútatunga – Reynhólar ... 15

4.4 Staða og umfang landbúnaðar – 3. hluti valkostar D1, Reynhólar - Auðunnarstaðir ... 17

4.5 Staða og umfang landbúnaðar – Samanburðarsvæði valkosta D1.h og 4. hluta D1, Auðunnarstaðir – Lækjamót ... 19

4.6 Staða og umfang landbúnaðar – 5. hluti valkostar D1, Lækjamót - Akur ... 22

4.7 Staða og umfang landbúnaðar – Samanburðarsvæði valkosta D3 og 6. hluta D1, Akur – Tungunes ... 24

4.8 Staða og umfang landbúnaðar – 7. hluti valkostar D1, Tungunes - Eiðsstaðir ... 27

4.9 Samantekt og mat á grunnstöðu valkosta D1, D2, D3 og Dh ... 29

5 Einkenni og grunnstaða landbúnaðar á valkostum A og B ... 31

5.1 Staða og umfang landbúnaðar - Valkostir A1, A2, A3, B1 og B2, Holtavörðuheiði – Eiðsstaðir ... 31

5.2 Samantekt og mat á grunnstöðu valkosta A og B í heild ... 34

5.3 Staða og umfang landbúnaðar – Samanburðarsvæði valkosta A2 og A1 – Víðidalstunguheiði og Aðalbólsheiði - Grímstunguheiði ... 36

5.4 Staða og umfang landbúnaðar – Samanburðarsvæði valkosta B2 og B1, Grímstunguheiði - Auðkúluheiði ... 38

5.5 Staða og umfang landbúnaðar – Samanburðarsvæði valkosta A2B2 og A1B1, Víðidalstunguheiði og Aðalbólsheiði - Auðkúluheiði ... 40

5.6 Staða og umfang landbúnaðar – Samanburðarsvæði valkosta A3B3 og A1B1, Þórormstunga - Eiðsstaðir ... 42

5.7 Samantekt og mat á grunnstöðu samanburðarsvæða valkosta A1/A2, B1/B2, A1B1/A2B2 og A1B1/A3B3 ... 45

6 Áhrif á framkvæmdatíma og rekstrartíma ... 47

6.1 Samanburður á umfangi og áhrifum framkvæmda milli valkosta A, B og D á framkvæmda- og rekstrartíma ..... 48
6.2 Samanburður á umfangi og áhrifum framkvæmda milli valkosta D2 og D1 á framkvæmda- og rekstrartíma ..... 56
6.3 Samanburður á umfangi og áhrifum framkvæmda milli valkosta Dh og D1 á framkvæmda- og rekstrartíma ..... 59
6.4 Samanburður á umfangi og áhrifum framkvæmda milli valkosta D3 og D1 á framkvæmda- og rekstrartíma ..... 63
6.5 Samanburður á umfangi og áhrifum framkvæmda milli valkosta A2 og A1 á framkvæmda- og rekstrartíma ..... 67
6.6 Samanburður á umfangi og áhrifum framkvæmda milli valkosta B2 og B1 á framkvæmda- og rekstrartíma ..... 69
6.7 Samanburður á umfangi og áhrifum framkvæmda milli valkosta A2B2 og A1B1 á framkvæmda- og rekstrartíma ..... 71
6.8 Samanburður á umfangi og áhrifum framkvæmda milli valkosta A3 og A1B1 á framkvæmda- og rekstrartíma ..... 73
7 Hugmyndir að mótvægisaðgerðum og ábendingar ..... 76
8 Viðaukar ..... 77
8.1 Viðauki 1 – Matsrammi fyrir grunnstöðu landbúnaðar ..... 77
8.2 Viðauki 2 – Skýringarmyndir fyrir valkost D. ..... 78
8.3 Viðauki 3 - Skýringarmyndir fyrir valkosti A og B ..... 90
8.4 Viðauki 4 – Varnarhólf sauðfjársjúkóma ..... 101

## Listi yfir myndir:

Mynd 1. Kort af sveitarfélögum sem afmarka viðmiðunarsvæði, Húnaþing vestra og Húnabyggð ....... 3
Mynd 2. Afmörkun varnarhólfa fyrir sauðfjársjúkdóma. ..................................................................... 11
Mynd 3. Skýringarmynd D-1 af línuleiðum og útfærslum á valkosti D................................................ 78
Mynd 4. Skýringarmynd D-2 af línuleiðum og útfærslum á valkosti D................................................ 79
Mynd 5. Skýringarmynd D-3 af línuleiðum og útfærslum á valkosti D................................................ 80
Mynd 6. Skýringarmynd D-4 af línuleiðum og útfærslum á valkosti D................................................ 81
Mynd 7. Skýringarmynd D-5 af línuleiðum og útfærslum á valkosti D................................................ 82
Mynd 8. Skýringarmynd D-6 af línuleiðum og útfærslum á valkosti D................................................ 83
Mynd 9. Skýringarmynd D-7 af línuleiðum og útfærslum á valkosti D................................................ 84
Mynd 10. Skýringarmynd D-8 af línuleiðum og útfærslum á valkosti D.............................................. 85
Mynd 11. Skýringarmynd D-9 af línuleiðum og útfærslum á valkosti D.............................................. 86
Mynd 12. Skýringarmynd D-10 af línuleiðum og útfærslum á valkosti D............................................ 87
Mynd 13. Skýringarmynd D-11 af línuleiðum og útfærslum á valkosti D............................................ 88
Mynd 14. Skýringarmynd D-12 af línuleiðum og útfærslum á valkosti D............................................ 89
Mynd 15. Skýringarmynd AB-1 af línuleiðum og útfærslum á valkostum A og B ............................... 90
Mynd 16. Skýringarmynd AB-2 af línuleiðum og útfærslum á valkostum A og B ............................... 91
Mynd 17. Skýringarmynd AB-3 af línuleiðum og útfærslum á valkostum A og B ............................... 92
Mynd 18. Skýringarmynd AB-4 af línuleiðum og útfærslum á valkostum A og B ............................... 93
Mynd 19. Skýringarmynd AB-5 af línuleiðum og útfærslum á valkostum A og B ............................... 94
Mynd 20. Skýringarmynd AB-6 af línuleiðum og útfærslum á valkostum A og B ............................... 95
Mynd 21. Skýringarmynd AB-7 af línuleiðum og útfærslum á valkostum A og B ............................... 96
Mynd 22. Skýringarmynd AB-8 af línuleiðum og útfærslum á valkostum A og B ............................... 97
Mynd 23. Skýringarmynd AB-9 af línuleiðum og útfærslum á valkostum A og B ............................... 98
Mynd 24. Skýringarmynd AB-10 af línuleiðum og útfærslum á valkostum A og B ............................. 99
Mynd 25. Skýringarmynd AB-11 af línuleiðum og útfærslum á valkostum A og B ............................ 100
Mynd 26. Varnarhólf til að hindra útbreiðslu sauðfjársjókdóma og línur sem valkostir liggja yfir..... 101
Mynd 27. Skipting varnarhólfa sem eiga að hindra útbreiðslu sauðfjársjúkdóma ............................ 102

## Listi yfir töflur:

Tafla 1. Listi yfir helstu búfjártegundir í greiningum. .... 4
Tafla 2. Skýringar á hugtökum fyrir ræktað land og skógrækt. .... 5
Tafla 3. Skýringar á hugtökum er tengjast úthögum og beitarlöndum .... 6
Tafla 4. Einföld ástandsflokkun Grólindar á vistkerfum. .... 7
Tafla 5. Upplýsingar um fjölda nautgripa, sauðfjár og hrossa á viðmiðunarsvæði. .... 9
Tafla 6. Upplýsingar um fjölda nautgripa, sauðfjár og hrossa á línuleiðum og valkostum. .... 9
Tafla 7. Stærðarflokkun búgreina fyrir áhrifasvæði Holtavörðuheiðarlínu 3. .... 10
Tafla 8. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á valkosti D .... 12
Tafla 9. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á valkosti D .... 13
Tafla 10. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á 1. hluta valkosti D .... 13
Tafla 11. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á 1. hluta valkostar D. .... 14
Tafla 12. Einkenni landbúnaðar á 1. hluta valkostar D1. .... 14
Tafla 13. Lýsing og einkenni beitarhaga á 1. hluta valkostar D1. .... 15
Tafla 14. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á valkostum D2 og 2. hluta D1. .... 15
Tafla 15. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á valkostum D2 og 2. hluta D1 .... 16
Tafla 16. Einkenni landbúnaðar á valkostum D2 og 2. hluta D1 .... 16
Tafla 17. Lýsing og einkenni beitarhaga á áhrifasvæði valkosta D2 og 2. hluta D1. .... 17
Tafla 18. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á 3. hluta D1 .... 17
Tafla 19. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á 3. hluta valkostar D1. .... 18
Tafla 20. Einkenni landbúnaðar á kafla 3. hluta valkostar D1. .... 18
Tafla 21. Lýsing og einkenni beitarhaga á 3. hluta valkostar D1 . .... 19
Tafla 22. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á valkostum D1.h og 4. hluta D1. .... 19
Tafla 23. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á valkostum D1.h og 4. hluta D1. .... 20
Tafla 24. Einkenni landbúnaðar á valkostum D1.h og 4. hluta D1. .... 20
Tafla 25. Lýsing og einkenni beitarhaga á áhrifasvæði valkosta D1.h og 4. hluta D1. .... 21
Tafla 26. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á 5. hluta valkostar D1. .... 22
Tafla 27. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á 5. hluta valkostar D1. .... 22
Tafla 28. Einkenni landbúnaðar á 5. hluta valkostar D1. .... 23
Tafla 29. Lýsing og einkenni beitarhaga á kafla A .... 23
Tafla 30. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á valkostum D3 – 6. hluta D1. .... 24
Tafla 31. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á valkostum D3 og 6. hluta D1. .... 24
Tafla 32. Einkenni landbúnaðar á valkostum D3 og 6. hluta D1. .... 25
Tafla 33. Lýsing og einkenni beitarhaga á áhrifasvæði valkosta D3 og 6. hluta D1. .... 26
Tafla 34. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á valkosti D1 – 7. hluta .... 27
Tafla 35. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á 7. hluta valkostar D1. .... 27
Tafla 36. Einkenni landbúnaðar á 7. hluta valkostar D1. .... 28
Tafla 37. Lýsing og einkenni beitarhaga á 7. hluta valkostar D1 . .... 28
Tafla 38. Mat á grunnstöðu landbúnaðar, valkostur D í heild og samanburðarsvæði .... 30
Tafla 39. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á valkosti A og B .... 31
Tafla 40.Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á valkostum A og B .... 32
Tafla 41. Einkenni landbúnaðar á kafla A og B .... 33
Tafla 42. Lýsing og einkenni beitarhaga á valkostum A og B. .... 34
Tafla 43. Mat á grunnstöðu landbúnaðar, valkostir A og B í heild .... 35
Tafla 44. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á valkosti A2 og samanburðarvalkosti A1. .... 36
Tafla 45. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á valkosti A2 og samanburðarvalkosti A1 .... 36
Tafla 46. Einkenni landbúnaðar á áhrifasvæði valkostar A2 og samanburðarvalkostar A1. .... 37

Tafla 47. Lýsing og einkenni beitarhaga á áhrifasvæði valkostar A2 og samanburðarvalkostar A1. .... 37
Tafla 48. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á valkosti B2 og á samanburðarvalkosti B1................ 38
Tafla 49. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á valkosti B2 og samanburðarvalkosti B1. ........................................................................................................................................ 38
Tafla 50. Einkenni landbúnaðar á áhrifasvæði valkostar B2 og samanburðarvalkostar B1. ................ 39
Tafla 51. Lýsing og einkenni beitarhaga á áhrifasvæði valkostar B2 og samanburðarvalkostar B1...... 39
Tafla 52. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á áhrifasvæði valkostar A2B2 og samanburðarvalkostar A1B1. ................................................................................................................................... 40
Tafla 53. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á valkosti A2B2 og samanburðarvalkosti A1B1. ................................................................................................................................... 40
Tafla 54. Einkenni landbúnaðar á áhrifasvæði valkostar A2B2 og samanburðarvalkostar A1B1.......... 41
Tafla 55. Lýsing og einkenni beitarhaga á áhrifasvæði valkostar A2B2 og samanburðarvalkostar A2B2. ........................................................................................................................................ 41
Tafla 56. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á áhrifasvæði valkostar A3B3 og samanburðarvalkostar A1B1. ................................................................................................................................... 42
Tafla 57. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á valkosti A3B3 og samanburðarvalkosti A1B1. ................................................................................................................................... 42
Tafla 58. Einkenni landbúnaðar á valkosti A3B3 og samanburðarvalkosti A1B1. ............................... 43
Tafla 59. Lýsing og einkenni beitarhaga á áhrifasvæði valkostar A3B3 og samanburðarvalkostar A1B1. ........................................................................................................................................ 44
Tafla 60. Mat á grunnstöðu landbúnaðar á  samanburðarsvæðum valkosta A og B ........................... 46
Tafla 61. Umfang framkvæmda sem gætu haft áhrif á landbúnað á kafla A á línuleiðinni.................. 48
Tafla 62. Samantekt á  matsþáttum fyrir áhrif og umfang framkvæmda miðað við mismunandi útfærslur á valkosti D ................................................................................................................ 53
Tafla 63. Samantekt á  matsþáttum fyrir áhrif og umfang framkvæmda miðað við mismunandi útfærslur á valkosti A ................................................................................................................ 54
Tafla 64. Samantekt á  matsþáttum fyrir áhrif og umfang framkvæmda miðað við mismunandi útfærslur á valkosti B................................................................................................................. 55
Tafla 65. Samanburður á umfangi framkvæmda á valkostum D2 og D1 ............................................ 56
Tafla 66. Samanburður á umfangi framkvæmda á valkostum Dh og D1 ............................................ 59
Tafla 67. Samanburður á umfangi framkvæmda á valkostum D3 og D1 ............................................ 63
Tafla 68. Samanburður á umfangi framkvæmda á valkostum A2 og A1............................................. 67
Tafla 69. Samanburður á umfangi framkvæmda á valkostum B2 og B1 ............................................. 69
Tafla 70. Samanburður á umfangi framkvæmda á valkostum A2B2 og A1B1 .................................... 71
Tafla 71. Samanburður á umfangi framkvæmda á valkostum A3 og A1B1......................................... 73
Tafla 72. Matsrammi fyrir grunnstöðu landbúnaðar........................................................................... 77

# 1 Inngangur

Skýrsla þessi er unnin fyrir Landsnet og greinir frá niðurstöðum rannsóknar á áhrifum af Holtavörðuheiðarlínu 3 á landbúnað og skógrækt. Samningurinn var undirritaður í maí 2023 þar sem Landsnet er verkkaupi og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins ráðgjafi sem annast rannsóknir á landbúnaði og skógrækt. Skýrslan á að varpa ljósi á umfang og grunnástand landbúnaðar á áhrifasvæði Holtavörðuheiðarlínu 3 auk mögulegra umhverfisáhrifa á landbúnað og landbúnaðarstarfsemi, bæði vegna framkvæmda og á rekstrartíma línunnar. Í skýrslunni er einungis horft til þeirra þátta sem hafa bein áhrif á landbúnað og landbúnaðarstarfsemi á þeim bújörðum sem fyrirhugaðar línuleiðir liggja yfir, bæði á framkvæmda- og rekstrartíma. Ekki eru metin í þessari skýrslu áhrif á aðra þætti en landbúnað og skógrækt, óbein eða félagsleg áhrif vegna framkvæmdarinnar.

Í rannsókninni/greiningunni var lagt heildstætt mat á fyrirhugað framkvæmd en matsspurningarnar í matsáætluninni voru eftirfarandi:

<u>Grunnástand</u>

- Hver er staða landbúnaðarlands innan áhrifasvæðis framkvæmdar?
- Hversu viðkvæm er landbúnaðarstarfsemin fyrir framkvæmdinni þ.e. hverjir eru möguleikar á að starfsemin geti aftur náð grunnástandi?
- Hver er staða skógræktar á svæðinu?

<u>Mat á gerð og eiginleikum áhrifa á framkvæmda- og rekstrartíma</u>

- Hversu mikið munu framkvæmdir raska landbúnaðar- og skógræktarsvæðum?
- Hversu miklar takmarkanir munu verða á nýtingu lands til landbúnaðarnota og skógræktar?
- Munu skapast ný tækifæri fyrir landbúnaðarstarfsemi eða skógrækt með tilkomu framkvæmda?

Samantektin byggir á grunnupplýsingum sem sóttar eru í þau skráningarkerfi sem RML hefur aðgang að og hefur rétt á að vinna með gögn úr. Í allri vinnu og framsetningu er þess gætt að ekki megi rekja upplýsingar til einstaklinga eða einstakra bújarða. Upplýsingar sem gefnar eru upp í skýrslunni eru ekki bundnar einstökum bújörðum heldur eru samantektir og greiningar fyrir hvern kafla línuleiðar og valkosti innan þeirra. Umfang búrekstrar og stærðir á skráðu nytjalandi miðast við skýrsluhald[1] ársins 2022 ásamt nýrri upplýsingum sem lágu fyrir þegar unnið var að samantekt tölulegra gagna.

Í skýrslunni er greining á áhrifum hvers kafla línuleiðarinnar (A, B og D) á þær bújarðir sem línuleið og framkvæmdasvæði ná yfir. Jafnframt er gerður samanburður á áhrifum valkosta innan hvers kafla. Samanburður valkosta miðast í öllum tilfellum við að viðkomandi valkostir hafi sama upphafs- og endapunkt en ekki er gerður samanburður á samsetningu valkosta á lengri leið, t.a.m. á heilum kafla línuleiðar.

Verkfræðiskrifstofurnar VSÓ og Efla sáu um að miðla upplýsingum um staðsetningu og kafla línuleiðar, þjónustuvegi, línumöstur, skilgreiningu á valkostum og annað sem er tengt framkvæmdinni.

[1] Skýrsluhaldsupplýsingum eru upplýsingar um gripafjölda sem sóttar eru í skýrsluhalds forrit búfjártegunda og jarðræktar þ.e. Jörð.is fyrir jarðrækt, Huppa fyrir nautgripi, Fjárvís sauðfé, Worldfengur fyrir hross og Heiðrún fyrir geitur. Viðmiðunar ár er 2022.

## 2 Aðferð við greiningu

Þessi skýrsla fjallar um niðurstöðu greininga á núverandi stöðu landbúnaðar á því svæði sem línan mun liggja um, auk þess sem í henni er lagt mat á bein áhrif línunnar á landbúnaðarstarfsemi á framkvæmda- og rekstrartíma. Greiningar ná til svæða þar sem búast má við raski við framkvæmdina og þar sem breytingar verða til lengri tíma vegna framkvæmda. Rask á framkvæmdatíma tekur mið af lengd línustæðis ásamt tilheyrandi helgunarsvæði, en varanlegar breytingar miðast við mannvirki sem eftir standa s.s. línumöstur og þjónustuvegi. Við greiningar í skýrslunni er horft til þeirra jarða sem línan liggur um auk þeirra jarða sem eru innan framkvæmdasvæðis og þar sem fyrirhuguð eru önnur mannvirki sem línunni tengjast, t.d. línuvegir og aðkomuvegir að þeim. Gerður er greinarmunur á bújörðum í rekstri, bújörðum án landbúnaðarstarfsemi og jörðum sem flokkaðar eru utan landbúnaðarlands samkvæmt gildandi aðalskipulagi, t.d. sem iðnaðarsvæði.

Staða og einkenni landbúnaðar á línuleiðinni eru metin eftir umfangi og tegund búrekstrar. Bújarðir á áhrifasvæði línunnar eru metnar og flokkaðar eftir tegundum búfjár, fjölda ásettra gripa, stærð ræktaðs lands og möguleika til uppskerunytja fyrir þann búrekstur sem er á bújörðunum. Einnig er lagt mat á gæði og mikilvægi beitarlands fyrir búrekstur hverrar jarðar.

Lýsingar á stöðu og umfangi búrekstrar byggja á huglægu mati og fyrirliggjandi skýrsluhaldsgögnum auk annarra gagna sem fyrir liggja og stuðst er við í þessari skýrslu. „Önnur gögn“ vísa m.a. til upplýsinga af kortagrunnum o.fl. Matið nær til bújarða sem eru á hverri línuleið og valkostum. Mat á umfangi búfjárræktar byggir á haustskýrslum á viðmiðunarári. Mat á stærð og gæðum ræktunarlands byggir á fyrirliggjandi skýrsluhaldsgögnum á viðmiðunarári auk sjónmats af loftmyndum. Mat á beitarlandi nær til helgunar- og athafnasvæða línuleiða og valkosta og byggir á sjónrænu mati af loftmyndum og fyrirliggjandi gögnum, gagnagrunni Grólindar[2] og vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ)[3]. Mat á umfangi skógræktar nær til bújarða þar sem er þátttaka í samningsbundnum skógræktarverkefnum t.d. Skógrækt á lögbýlum. Í matinu er stuðst við upplýsingar og kortagrunn frá Landi og skógi hvað varðar stærð þess lands. Ekki er tekið tillit til heildarstærðar jarðanna við mat eða flokkun. Við stöðumatið var stuðst við matsramma fyrir grunnástand (sjá Viðauka 1).

Mat á áhrifum vegna framkvæmdanna nær bæði til áhrifa sem verða á framkvæmdatíma og varanlegra áhrifa á rekstrartíma línunnar. Mat á áhrifum á framkvæmdatíma nær til þeirra þátta sem gætu haft áhrif á búrekstur jarða innan áhrifasvæðis línunnar og einangra má við framkvæmdaliði vegna uppsetningar mannvirkja. Þar má nefna rask sem verður vegna framkvæmdar og mögulega truflun á búrekstri vegna þungaflutninga og vinnu í nálægð við bæjarhlöð og mikilvæg vinnusvæði bænda. Auk þess er metið mögulegt rask sem verður vegna vinnu og umferðar vinnuvéla um ræktað land og beitarhólf. Mat á varanlegum áhrifum nær til umfangs þeirra línumannvirkja sem munu standa að framkvæmdatíma loknum og svæða sem búast má við að fari undir varanleg mannvirki eins og línumöstur, undirstöður og þjónustuvegi.

---

[2] GróLind. (e.d.) Kortavefsjá. Sótt af: https://portal.land.is/portal/apps/opsdashboard/index.html#/da2d198a1e3b472da664f100fb4ea7bb

[3] Náttúrufræðistofnun Íslands. (e.d.). Vistgerðakort og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi. Sótt af: https://vistgerdakort.ni.is/

## 2.1 Greining á búfjárrækt á áhrifasvæði línunnar

Landbúnaður á því svæði sem línan liggur um einkennist af búfjárrækt. Til að lýsa einkennum búfjárræktar á línuleiðum og valkostum var gerð einföld tölfræðigreining á fjölda og tegundum búfjár á bújörðum á áhrifasvæði línunnar. Til áhrifasvæðis línunnar í landbúnaði teljast þær bújarðir sem helgunarsvæði línuleiða og valkosta eða þjónustuvegir liggja um. Samskonar greining var gerð á stærra svæði til að fá viðmið sem sýni hvort bújarðir innan áhrifasvæðisins skeri sig á einhvern hátt úr öðrum bújörðum innan sama héraðs en utan áhrifasvæðisins. Í þessari viðmiðunargreiningu marka sveitarfélög sem línuleiðirnar liggja um stærð þess svæðis, en þau eru Húnaþing vestra og Húnabyggð. (sjá mynd 1).




Mynd 1. Kort af sveitarfélögum sem afmarka viðmiðunarsvæði, Húnaþing vestra og Húnabyggð

Greiningar á umfangi búfjárræktar ná til allra búfjártegunda sem skráðar eru á bújörðum á áhrifasvæði línunnar. Greiningar á umfangi búfjárræktar á viðmiðunarsvæði ná einungis til sömu búfjártegunda og eru á áhrifasvæðinu. Í töflu 1 er listi yfir helstu búfjártegundir og viðmið sem notuð eru í greiningunum.

Tafla 1. Listi yfir helstu búfjártegundir í greiningum.

| Búfjártegund | Skýringar |
|---|---|
| Nautgripir | Gripir til mjólkur- og/eða kjötframleiðslu, samkvæmt skýrsluhaldi.<br>Kýr, naut, geldneyti og kálfar. |
| Sauðfé | Kindur á vetrarfóðrun, samkvæmt skýrsluhaldi.<br>Ær, hrútar, sauðir og ásetningslömb að hausti. |
| Hross | Hross sem eru skráð á búum hvort heldur sem þau eru í hagabeit, brúkunar- eða ræktunarhross.<br>Hryssur, geldingar, stóðhestar og folöld. |
| Geitur | Geitur sem taldar eru til búfjár á bæjum.<br>Huðnur, hafrar og kiðlingar til ásetnings. |
| Alifuglar | Alifuglar ræktaðir til kjöt- og/eða eggjaframleiðslu, samkvæmt skráningum.<br>Hænsni, kalkúnar, endur og gæsir. |
| Svín | Svín ræktuð til kjötframleiðslu, samkvæmt skráningum.<br>Gyltur, geltir og grísir í sláturstærð. |

Við greiningu á einkennum búfjárræktar er reiknaður heildarfjöldi gripa af hverri búfjártegund, meðalfjöldi gripa á hverju búi, auk mið-, lægsta og hæsta gildis. Þá er reiknað hlutfall búa í hverri búgrein af heildarfjölda bújarða á svæðinu, þar sem stunduð er búfjárrækt. Þessi greining er fyrst og fremst gerð til að átta sig á hvað er lýsandi og einkennir búrekstur svæðisins, en líka til samanburðar og stærðarflokkunar.

Við stærðarflokkun búa er hver búgrein flokkuð í fjóra flokka þar sem túlkun á stærð meðalbús liggur sem næst mitt á milli meðaltals og miðgildis og teygni látin ráðast af hæsta- og lægsta gildi.

Flokkarnir eru:

- Lítið bú
- Lítið til meðalstórt bú
- Meðalstórt til stórt bú
- Stórt bú

Í úrvinnslu gagna frá línuleiðum og/eða valkostum er reynt að draga fram hver helstu einkenni búfjárræktar eru samkvæmt þessari flokkun. Þar sem um blönduð bú er að ræða er horft til samsetningar bústofns og metið hvaða búgrein eða búgreinar hafi mest vægi á viðkomandi búum og einkenni metin af stærðarflokkun þeirra.

Áhrif framkvæmda á búfjárrækt og búrekstur eru einkum metin m.t.t. nálægðar mannvirkja og framkvæmda við búrekstrarsvæði og hvort af framkvæmdum stafi einhver truflun á starfsemi á jörðunum. Áhrif á framkvæmdatíma eru m.a. metin út frá notkun heimreiða og þjónustuvega bújarða við aðfanga- og efnisflutninga auk umferðar um héraðs-, tengi- og stofnvegi. Einnig er horft til nálægðar línuleiða við bæjarhlöð og umfang framkvæmda í nágrenni við vinnusvæði búa, s.s. fjölda mastra, lengd vegslóða o.fl. Varanleg áhrif á búrekstur eru metin af nálægð línuleiða við bæjarhlöð, stærð og umfangi varanlegra mannvirkja og tengingum við þjónustuvegi. Einnig er horft til mögulegra opnana á girðingum utan um ræktunarlönd eða beitarhólf á framkvæmdatíma og mögulega umferð um þessar leiðir á rekstrartíma línunnar.

## 2.2 Greining á umfangi og einkennum ræktunarlands og áhrifum framkvæmda

Greining og mat á ræktuðu landi byggir á upplýsingum úr Jörð.is[4] og er miðað við skýrsluhaldsgögn frá viðmiðunarári (2022). Í þeim gögnum má finna umfang túnræktar, kornræktar og garðyrkju. Einnig er greining á umfangi skógræktar þar sem stuðst er við upplýsingar um skipulögð skógræktarsvæði úr grunni Lands og skógar um skógrækt á lögbýlum.

Í greiningunni er ræktuðu landi á hverri línuleið skipt annars vegar eftir heildarstærð ræktaðs lands á bújörðunum og hins vegar eftir heildarstærð lands sem er nytjað til heyöflunar og jarðræktar á þeim. Í töflu 2 má finna skýringar á hugtökum sem eru notuð í þessu samhengi.

Tafla 2. Skýringar á hugtökum fyrir ræktað land og skógrækt.

| Hugtök | Skýringar |
|---|---|
| Ræktað land | Stærð á ræktuðu landi bújarða á viðkomandi línuleið, þ.e. spildur sem skráðar eru í túnkortagrunni og aðrar greinanlegar ræktunarspildur af loftmyndum. Undir ræktað land falla tún, korn- og grænfóðurakrar og spildur sem notaðar eru til garðræktar, t.d. kartöflugarðar. |
| Hey | Stærð þess lands sem bújarðir á viðkomandi línuleið nýta til heyöflunar (bæði tún á heimajörð og öðrum jörðum innan sem utan valkosta). |
| Gras- og grænfóðurræktun | Stærð þess lands sem er í nýræktun, endurræktun eða er nýtt til ræktunar grænfóðurs á bújörðum á viðkomandi línuleið. |
| Korn | Stærð þess lands sem nýtt er til kornræktar á bújörðum á viðkomandi línuleið. |
| Skógrækt / skógræktarland | Land á bújörðum á viðkomandi línuleið sem er samningsbundið skógræktarsvæði í verkefninu „Skógrækt á lögbýlum“ og stærð þess. Land til nytjaskógræktar. |

Áhrif framkvæmda á ræktað land eru metin eftir því hve stórt helgunarsvæði framkvæmdaaðila er að flatarmáli og að hve miklu leyti það lendir innan skráðra ræktunarspildna. Skilgreining á helgunarsvæði miðast við 65 – 85 m breitt belti ef um 220 kV loftlínu er að ræða. Þar sem 220 kV lína liggur samhliða 132 kV línu má gera ráð fyrir helgunarsvæði sem er  allt að 100 – 130 m í heild[5]. Í skýrslunni er hvort tveggja, gerð grein fyrir heildarstærð þess lands sem búast má við að verði fyrir áhrifum af framkvæmdum á hverri línuleið en einnig hversu hátt hlutfall það er af ræktuðu landi á þeirri línuleið. Varanleg áhrif á ræktunarland vegna framkvæmda eru metin út frá umfangi varanlegra innviða fyrir rekstur línunnar, t.d. línumastra ásamt tilheyrandi malarfyllum og vegslóðum. Að framkvæmdatíma loknum getur notkun á helgunarsvæði sem er utan varanlegra innviða línunnar verið óbreytt. Notkun getur þó verið háð takmörkunum og ekki er heimilt að reisa þar nein mannvirki[6]. Innan helgunarsvæðis eru jafnframt takmörk fyrir ræktun hávaxinna plöntutegunda t.d. ýmissa trjátegunda.

Mat á stærð þess lands sem telja má álitlegt ræktunarland utan núverandi ræktunarspildna og línuleiðir liggja yfir er gert með sjónmati af loftmyndum. Þar eru m.a. skoðuð þau svæði sem eru næst núverandi ræktunarlandi og rýnt hvar helstu möguleikar eru til stækkunar á þeim spildum. Einnig er horft eftir hvort aðrir staðir koma til greina t.d. þar sem land hefur verið ræst fram eða gróið vallendi er að finna.

---

[4] Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (e.d.). Jörð.is. Sótt af: https://www.rml.is/is/forrit-og-skyrsluhald/jardraekt
[5] Landsnet (e.d). *Háspennulínur – aðgát skal höfð*. Sótt af: https://www.landsnet.is/library?itemid=3621e393-da27-4fe6-904e-76d3373f4932
[6] Landsnet (2023). *Holtavörðuheiðarlína 3 – Matsáætlun.* Sótt af: https://landsnet.is/library?itemid=0004652a-3413-4b37-822c-b9677d937fa9

Þessi greining er ekki nákvæm en niðurstöður hennar má einkum nota til að bera saman valkosti. Þegar valkostur verður að aðalvalkosti gæti þurft að fara á vettvang, áður en framkvæmdaleyfi er gefið, til að meta hvort þessi svæði séu í raun ákjósanleg sem framtíðarræktunarland.

Skógrækt á bújörðum er talin til landbúnaðar ef um samningsbundin skógræktarverkefni á lögbýlum er að ræða. Í skýrslunni er skráð heildarstærð skógræktarlands á bújörðum á línuleiðum og fjöldi búa sem eru þátttakendur í samningsbundnum verkefnum.

## 2.3 Greining á gæðum og einkennum beitarlands og áhrifum framkvæmda

Mat á ástandi og gæðum úthaga og beitarlanda byggist á greiningu eftir loftmyndum. Við greiningar er jafnframt stuðst við vistgerðarkort NÍ og stöðumatskort Grólindar. Tafla 3 skýrir mun á helstu hugtökum er varða úthaga og beitarland.

Tafla 3. Skýringar á hugtökum er tengjast úthögum og beitarlöndum

| Hugtök | Skýringar |
|---|---|
| Úthagar | Gróið og ógróið land sem tilheyrir bújörðum, utan ræktunar- og skógræktarlands en er nýtt til landbúnaðar, t.d. til beitar. |
| Beitarland | Land sem hentugt er til að beita búfé, hvort tveggja ógirt og afgirt svæði. |
| Beitarhólf | Úthagar þar sem eru afgirt hólf sem nýtt eru til að beita búfé. |

Land í úthaga var flokkað á einfaldan hátt, því skipt í þrjá flokka, úthaga með greinilega gróðurhulu, úthaga þar sem land er gróðurrýrt og úthaga sem er gróðurlaus. Leið línu yfir gróna, gróðurrýra og ógróna fláka var mæld út frá uppdrætti á öllum línuleiðum og hlutfall þeirra metið. Niðurstöður fyrir þessar greiningar eru eingöngu settar fram í töflum og texta fyrir hvern kafla línuleiðar. Bent skal á að hér er ekki um nákvæma greiningu að ræða en hún gefur til kynna hvers sé að vænta á hverju svæði og gefur þannig samanburð milli valkosta. Með samanburði loftmynda við vistgerðakort NÍ má greina betur hvar sé að finna grasgefin vistkerfi í beitarlöndum.

Við mat á ástandi beitarlanda á línuleiðunum var í þessari skýrslu rýnt í ástandskort Grólindar sem sýnir stöðumat á ástandi og heilbrigði vistkerfa. Stöðumat Grólindar er unnið út frá gróðurhæð, þekju æðplantna, þekju óvarins jarðvegs, kolefni í jarðvegi og jarðvegsrofi. Farið er eftir einfaldri ástandsflokkun þar sem skipt er í fimm flokka (sjá töflu 4). Eftir því sem flokkur fær hærri einkunn því meiri er vistfræðileg virkni á svæðinu, betri vatnshagur, stöðugleikinn meiri og rof minna.[7]

Við mat á áhrifum framkvæmda á beitarlönd er að auki tekið tillit til stærðar helgunarsvæða og áhrif framkvæmda á gróin svæði innan þeirra.

[7] Bryndís Marteinsdóttir ofl. (2020). *Stöðumat á ástandi gróður- og jarðvegsauðlinda Íslands – Aðferðafræði og faglegur bakgrunnur.* Sótt af: https://grolind.is/wp-content/uploads/2020/06/GroLind_stodumat_18_06_2020.pdf

Tafla 4. Einföld ástandsflokkun Grólindar á vistkerfum.

| **Einföld ástandsflokkun Grólindar** | |
|---|---|
| Flokkur 1 | Svæði með takmarkaða virkni í vistkerfinu og/eða lítinn stöðugleika auk mikils rofs (ástandseinkunn 5-12). |
| Flokkur 2 | Svæði með lítinn stöðugleika og/eða litla vistfræðilega virkni (ástandseinkunn 13-16). |
| Flokkur 3 | Svæði þar sem vistkerfi er með nokkra eða talsverða virkni og talsvert rof EÐA svæði með litla virkni og lítið rof, t.d. mosavaxin hraun EÐA svæði með nokkuð háa vistgerðaeinkunn en þar sem rof er töluvert/mikið, t.d. vel gróin svæði með virkum rofabörðum (ástandseinkunn 17-21). |
| Flokkur 4 | Svæði með meðalvirku vistkerfi og/eða stöðugleika en með lítið rof eða svæði með mikla virkni vistkerfisins og frekar stöðug en með nokkurt rof, t.d. vel gróin svæði með rofabörðum (ástandseinkunn 22-26). |
| Flokkur 5 | Svæði með mikla virkni vistkerfisins og lítið rof (ástandseinkunn 27-30). |

# 3 Einkenni og grunnstaða landbúnaðar á línuleiðum - Heildaryfirlit

Línuleiðir valkosta liggja nánast eingöngu um landbúnaðarland og óbyggð svæði (afréttarlönd) samkvæmt gildandi aðalskipulagi sveitarfélaga á áhrifasvæði línunnar. Línuleiðirnar liggja um tvö sveitarfélög, Húnaþing vestra og Húnabyggð en innan þessara sveitarfélaga eru samtals 461 lögbýli samkvæmt lögbýlaskrá. Á áhrifasvæði línunnar eru 93 lögbýli skv. lögbýlaskrá 2022 og er landbúnaðarstarfsemi á 75 þeirra.

Aðalatvinnuvegur íbúa á áhrifasvæði línunnar er landbúnaður og landbúnaðartengd starfsemi. Landbúnaður þar einkennist af hefðbundinni búfjárrækt þ.e. ræktun nautgripa, sauðfjár og hrossa. Landbúnaður viðmiðunarsvæðisins einkennist einnig af sömu búgreinum en þar má einnig finna aðrar búgreinar á fáeinum jörðum, en í það litlum mæli að þær geta ekki talist til einkenna þess svæðis.

Landbúnaðarland á áhrifasvæði línunnar er breytilegt. Á láglendi og í byggð er það að mestu gróið og víða vel grasgefið og að stórum hluta gott til ræktunar. Jarðrækt einskorðast að mestu leyti við túnrækt. Ræktað land á lögbýlum þar sem ekki er búfjárhald eða skráður búrekstur er að mestu leyti nýtt af ábúendum á öðrum bújörðum. Kornrækt er stunduð á fáeinum jörðum en á flestum þeirra í litlum mæli og í einhverjum tilfella er land til kornræktar leigt búum utan línuleiðar. Samningsbundin skógræktarverkefni eru á 17 lögbýlum á áhrifasvæði línuleiða en á viðmiðunarsvæði eru þau 45 samtals. Víða eru skógarreitir fyrir utan samningssvæði. Lítið er um garðrækt eða ylrækt á þessu svæði.

Beitarlönd og úthagar á láglendi eru víðast mjög vel gróin og grasgefin, en rýrari hagar eru á heiðum en nýtast þó ágætlega til sumarbeitar. Ástand beitarhaga er almennt gott á láglendi en breytilegt á heiðum og hálendi, þó víða nokkuð gott samkvæmt ástandskortagrunni Grólindar.

Í viðaukum 2 og 3 eru dregnir upp kaflar línuleiða og valkosta með skýringamyndum sem sýna umfang og einkenni búrekstrar[8].

## 3.1 Búfjárrækt

Samkvæmt skýrsluhaldi byggist landbúnaður á viðmiðunarsvæði að mestu leyti á búfjárrækt. Þar er búfjárhald skráð á um 60% lögbýla eða hjá 286 einstaklingum og lögaðilum. Blönduð bú, þ.e. bú með tvær eða fleiri búfjártegundir voru 171 og einkenna þannig bú búrekstur á þessu svæði. Bú með hross voru 253 talsins þar af 91 eingöngu með hross, á 184 búum var skráð sauðfé og nautgripir á 58. Alifuglar eru skráðir á 10 lögbýli, á tveimur þeirra er fjöldi fugla umfram heimilisþarfir. Eitt svínabú er á viðmiðunarsvæði en jafnframt voru skráð þrjú svín á öðru. Tafla 5 sýnir einfalda tölfræðigreiningu fyrir umfang búrekstrar á bújörðum á viðmiðunarsvæðinu. Í greiningunni er einungis horft til hefðbundinnar búfjárræktar, þ.e. fjölda hrossa, sauðfjár og nautgripa, fjölda búa í hverri búgrein og hlutfalls búa í hverri búgrein af heildarfjölda bújarða með búfjárrækt á svæðinu.

[8] Sjá kafla „8.2 Viðauki 2 – Skýringarmyndir fyrir valkost D“ og kafla „8.3. Viðauki 3 – Skýringarmyndir fyrir valkosti A og B“.

Tafla 5. Upplýsingar um fjölda nautgripa, sauðfjár og hrossa á viðmiðunarsvæði.

| Gripafjöldi | Nautgripir | Sauðfé | Hross |
|---|---|---|---|
| Samtals | 4.757 | 63.623 | 8.398 |
| Meðalfjöldi | 82 | 346 | 33 |
| Miðgildi | 73 | 309 | 24 |
| Hæsta gildi | 226 | 1.398 | 167 |
| Lægsta gildi | 7 | 2 | 1 |
| Fjöldi búa | 58 | 184 | 253 |
| Hlutfall búa í búfjárrækt af heildarfjölda búa á áhrifasvæði | 20% | 64% | 88% |

Tafla 6 sýnir einfalda tölfræði fyrir umfang búrekstrar á bújörðum sem eru á áhrifasvæði línuleiða. Þetta er samskonar greining og í töflu 5 þar sem einungis er horft til búfjárræktar og nær til fjölda búfjár, fjölda bújarða þar sem hver búgrein er stunduð og hlutfall búa í hverri búgrein af heildarfjölda bújarða þar sem stunduð er búfjárrækt. Að auki er í töflu 6 reiknað hve stór hver búgrein er á áhrifasvæði línunnar sem hlutfall af viðmiðunarsvæði. Það er gert bæði fyrir fjölda búa og búfjár.

Tafla 6. Upplýsingar um fjölda nautgripa, sauðfjár og hrossa á línuleiðum og valkostum.

| Gripafjöldi | Nautgripir | Sauðfé | Hross |
|---|---|---|---|
| Samtals | 1.458 | 16.107 | 2.365 |
| Meðalfjöldi | 77 | 366 | 38 |
| Miðgildi | 71 | 324 | 26 |
| Hæsta gildi | 226 | 1.084 | 123 |
| Lægsta gildi | 7 | 18 | 1 |
| Fjöldi búa | 19 | 44 | 63 |
| Hlutfall búa á áhrifasvæði með viðkomandi búfjárrækt | 28% | 65% | 93% |
| Fjöldi búa í viðkomandi búgrein á áhrifasvæði línuleiða, sem hlutfall af heildarfjölda búa á viðmiðunarsvæði í sömu búgrein | 33% | 24% | 25% |
| Fjöldi búfjár af hverri tegund á línuleiðum sem hlutfall af heildarfjölda sömu tegundar á viðmiðunarsvæði | 31% | 25% | 28% |

Samkvæmt haustskýrslum fyrir árið 2022 byggir búfjárrækt á jörðum innan áhrifasvæðis línunnar nær eingöngu á „hefðbundnum búgreinum“ þ.e. hrossa-, nautgripa- og sauðfjárrækt. Þar eru 68 jarðir með skráða búfjárrækt, þar af 46 með blandaðan búrekstur. Hross eru á 63 bújörðum, á 44 er sauðfé en nautgriparækt er á 19.

Ef áhrifasvæði línunnar er borið saman við viðmiðunarsvæðið má sjá að í nautgriparækt eru frávik í hlutfallslegum fjölda bújarða og einnig á umfangi búrekstrar hvað varðar stærð búa. Nautgriparækt er hlutfallslega meiri á áhrifasvæði línunnar (28%, sjá töflu 6) en á viðmiðunarsvæði (20%, sjá töflu 5). Meðalfjöldi gripa á hverju búi á áhrifasvæðinu er þó aðeins minni en á viðmiðunarsvæði (77 á móti 82).

Á áhrifasvæði línunnar er fjöldi sauðfjárbúa nánast í hlutfallslegu samræmi við fjölda á viðmiðunarsvæðinu. Búin þar eru þó að meðaltali aðeins stærri en á viðmiðunarsvæðinu.

Hlutfallslegur fjöldi bújarða með hrossarækt og hestahald er sambærilegur á áhrifasvæði línuleiðar og á viðmiðunarsvæði. Meðalfjöldi hrossa á hverju búi er þó heldur meiri (38 á móti 33) á áhrifasvæði línuleiðar en á viðmiðunarsvæði.

Einkenni búfjárræktar á hverjum kafla línuleiðar og valkostum eru fyrst og fremst metin út frá fjölda búa og heildarfjölda af hverri búfjártegund auk skiptingar búanna í stærðarflokka eins og sýnt er í töflu 7. Skipting og stærðarflokkun byggir á gögnum og tölfræðigreiningu á viðmiðunarsvæði (töflu 5) sem er lýsandi fyrir einkenni á landbúnaði á áhrifasvæði og í nærliggjandi héraði. Hver þessara búgreina er flokkuð í fjóra flokka sbr. umfjöllun í kafla „2.1 Greining á búfjárrækt á áhrifasvæði línunnar“. Túlkun á stærð meðalbús liggur sem næst því að vera mitt á milli meðaltals og miðgildis. Skipting flokka ræðst af hæsta- og lægsta gildi og teygni þeirra frá stærð meðalbús. Fyrir vikið getur bil milli stærðarflokka verið misjafnt. Í úrvinnslu gagna frá línuleiðum og/eða valkostum er reynt að draga fram hver helstu einkenni búfjárræktar eru samkvæmt þessari flokkun. Þar sem um blönduð bú er að ræða er horft til samsetningar bústofns og metið hvaða búgrein eða búgreinar hafi mest vægi á viðkomandi búum og einkenni metin af stærðarflokkun þeirra.

Tafla 7. Stærðarflokkun búgreina fyrir áhrifasvæði Holtavörðuheiðarlínu 3.

| Búfjártegund | Flokkur | Fjöldi gripa |
|---|---|---|
| Nautgripir | Lítið | 1 - 40 |
| Nautgripir | Lítið til meðalstórt | 41 - 80 |
| Nautgripir | Meðalstórt til stórt | 81 - 120 |
| Nautgripir | Stórt | + 120 |
| | | |
| Sauðfé | Lítið | 1 - 125 |
| Sauðfé | Lítið til meðalstórt | 126 - 300 |
| Sauðfé | Meðalstórt til stórt | 301 - 500 |
| Sauðfé | Stórt | + 500 |
| | | |
| Hross | Lítið | 1 - 10 |
| Hross | Lítið til meðalstórt | 11 - 25 |
| Hross | Meðalstórt til stórt | 26 - 50 |
| Hross | Stórt | + 50 |

## 3.2 Ræktað land

Ræktað land á áhrifasvæði línunnar er víða nokkuð gott en breytilegt eftir svæðum. Víða má finna frjósamt land, framræst mýrlendi og valllendi en annarsstaðar minna frjósamt og áburðarfrekara land. Víða er ræktað land umlukið vel grónu landi þar sem möguleikar eru til aukinnar ræktunar. Jarðrækt snýst að mestu leyti um túnrækt en á sumum jörðum er ræktað grænfóður til sláttar og/eða beitar. Kornrækt er stunduð á fáeinum jörðum en á flestum þeirra í litlum mæli. Skráðar ræktunarspildur á línuleiðum eru í heild um 3.270 ha, af þeim eru um 2.840 ha nýttir til heyskapar og um 220 ha nýttir til ræktunar á korni og grænfóðri. Hluti túna er heyjaður af bændum á bújörðum utan áhrifasvæðis línuleiðar en jafnframt sækja bú á áhrifasvæði heyskap á jörðum utan svæðisins. Munar þar um 140 ha þar sem bú utan svæðisins sækja meiri heyskap á áhrifasvæði en öndvert.

Á áhrifasvæði línunnar er stunduð skógrækt með samningsbundnum verkefnum á 17 lögbýlum. Stærð skógræktarlands er þar samtals um 1.780 ha. Línuleið og/eða línuvegir liggja um skógræktarsvæði á fimm jörðum.

## 3.3 Beitarland / úthagar

Línuleið og mögulegir valkostir eru víðast á grónu landi. Línuleiðir valkosta A og B liggja nær alfarið um úthaga og beitarlönd eða á 97 – 99% hluta leiðanna eftir því hvaða útfærslur eru valdar. Á valkosti D er hlutfall úthaga og beitarlanda um 92 - 93% af heildarflatarmáli helgunarsvæðis línuleiða eftir því hvaða útfærslur eru valdar. Á láglendi eru beitarlönd og úthagar almennt vel grónir og grasgefið land en á heiðum og hálendi eru hagar breytilegir. Þar eru þeir misjafnlega vel grónir en víða ágætir hagar sem nýtast til sumarbeitar og þá aðallega fyrir sauðfé en einnig sums staðar fyrir hross. Samkvæmt ástandskortagrunni Grólindar flokkast beitarlönd í alla ástandsflokkana frá 1 til 5. Á láglendi fellur beitarland nær allt í flokka 4 og 5 og virkni vistkerfa þar almennt nokkuð góð. Þar sem valkostir liggja um heiðar og hálendi flokkast ástand vistkerfa á beitarlöndum mest í flokka 3 og 4 en á kafla þar sem land liggur hæst er ástand lakara og flokkast í ástandflokka 1 til 3 samkvæmt kortagrunninum.

Áhrif helgunarsvæða í úthögum og beitarlöndum hafa minna vægi en áhrif helgunarsvæða í ræktuðu landi því reikna má með að notkun beitilanda verði óbreytt eða breytist lítið að loknum framkvæmdum. Þar takmarkast rýrnum lands einungis við varanlega innviði t.d. malarfyllur við og undir línumöstrum og vegslóða. Notkun getur þó verið háð takmörkunum því á þessum svæðum má ekki reisa mannvirki og taka þarf tillit til helgunarsvæða við val girðingarstæða. Einnig er óheimilt að skipuleggja skógrækt á helgunarsvæðum en beitarnot geta verið að mestu óbreytt.

Á því svæði sem valkostirnir liggja um eru varnargirðingar sem ætlað er að hindra útbreiðslu sauðfjársjúkdóma. Mikilvægt er að þessar girðingar séu alltaf lokaðar og að sauðfé komist ekki milli varnarhólfa. Skylt er að lóga kindum sem fara á milli hólfa. Hólfin sem um ræðir eru Miðfjarðarhólf, Vatnsneshól og Blönduhólf. Valkostir A og B þvera Miðfjarðarlínu milli Miðfjarðarhólfs og Blönduhólfs. Valkostur D liggur úr Miðfjarðarhólfi yfir í Vatnsneshólf og áfram í Húnahólf og þverar á þeirri leið Miðfjarðarlínu og Vatnsneslínu. Mynd 2 sýnir hvar valkostir liggja milli varnarhólfa. (Sjá viðauka 4)



Mynd 2. Afmörkun varnarhólfa fyrir sauðfjársjúkdóma.

# 4 Einkenni og grunnstaða landbúnaðar á valkosti D

## 4.1 Staða og umfang landbúnaða – Valkostur D í heild

Valkostur D liggur nær alfarið í byggð og um heimalönd bújarða. Línuleiðir liggja víða nálægt bæjum og fara á nokkrum stöðum um eða yfir ræktað land og svæði sem eru mikilvæg búrekstri lenda á áhrifasvæði línuleiðar. Einkenni og staða landbúnaðar eru aðeins breytileg þegar horft er til svæðisins í heild en þó eru að jarðir almennt landmiklar og bú víða stór miðað við landsmeðaltal. Bú á áhrifasvæði línuleiða eru þó sambærileg að stærð og bú á viðmiðunarsvæði.

Til að gera betur grein fyrir einkennum og stöðu landbúnaðar er línuleiðinni skipt í sjö hluta. Þar eru hafðir sér þeir hlutar þar sem aðeins er um að ræða einn valkost og eru þeir hlutar fjórir. Milli þeirra eru þrír hlutar sem settir eru fram með tvo valkosti fyrir línuleiðina.

Skipting línuleiðar er eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| 1. hluti - D1 | Holtavörðuheiði - Hrútatunga |
| 2. hluti - D1 / D2 | Hrútatunga – Reynhólar |
| 3. hluti - D1 | Reynhólar - Auðunnarstaðir |
| 4. hluti - D1 / D1h | Auðunnarstaðir – Lækjamót |
| 5. hluti - D1 | Lækjamót - Akur |
| 6. hluti - D1 / D3 | Akur - Tungunes |
| 7. hluti - D1 | Tungunes - Eiðsstaðir |

Einkenni og staða bújarða og búskapar á þessum hlutum línuleiðarinnar eru nokkuð einsleit hvað varðar hvern hluta fyrir sig. Hver hluti stendur fyrir sig en þar sem tveir hlutar mætast geta sömu jarðir á endum þeirra tilheyrt báðum hlutum og verið hluti af umfjöllun þeirra beggja. Í töflum 8 til 37 er gerð grein fyrir umfangi landbúnaðar á svæðinu, fjölda bújarða, bústofni og landnotkun.

Töflur 8 og 9 sýna umfang búrekstrar allra bújarða á áhrifasvæði valkostar D.

Tafla 8. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á valkosti D

| Heildarumfang búrekstrar á línuleið | Fjöldi á valkosti D |
|---|---|
| Bújarðir samtals | 86 |
| Bújarðir í búrekstri | 72 |
| Annað skilgreint land t.d. afréttarhólf | 1 |
| Nautgripir | 1.458 |
| Sauðfé | 16.528 |
| Hross | 2.446 |
| Annað búfé – alifuglar | 18.227 |
| Ræktað land (ha.) | 3.177 |
| Heyjað innan bújarða (ha.) | 2.772 |
| Heyjað fyrir bújarðir (ha.) | 2.640 |
| Gras og grænfóðurræktun (ha.) | 243 |
| Korn (ha.) | 64 |
| Skógrækt (ha.) | 1.781 |

Tafla 9. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á valkosti D

| Tegundir búrekstrar á línuleið | Fjöldi á valkosti D |
|---|---|
| Nautgripir 1-40 | 4 |
| Nautgripir 41-80 | 8 |
| Nautgripir 81-120 | 5 |
| Nautgripir 120+ | 2 |
| | |
| Sauðfé 1-125 | 6 |
| Sauðfé 126-300 | 13 |
| Sauðfé 301-500 | 14 |
| Sauðfé 500+ | 11 |
| | |
| Hross 1-10 | 9 |
| Hross 11-25 | 23 |
| Hross 26-50 | 18 |
| Hross 50+ | 15 |
| | |
| Önnur búfjárrækt, óskilgreind | 3 |
| | |
| Garðrækt | 0 |
| Kornrækt | 9 |
| Skógrækt | 15 |
| Ekki skráð landbúnaðarstarfsemi, jörð e.t.v. nytjuð frá annarri bújörð | 14 |

## 4.2 Staða og umfang landbúnaðar – 1. hluti valkostar D1 - Holtavörðuheiði – Hrútatunga

Tafla 10. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á 1. hluta valkosti D

| Heildarumfang búrekstrar á línuleið | Fjöldi á valkosti D |
|---|---|
| Bújarðir samtals | 5 |
| Bújarðir með landbúnaðarstarfsemi | 4 |
| Annað skilgreint land t.d. afréttarhólf | 1 |
| Nautgripir | 0 |
| Sauðfé | 1255 |
| Hross | 57 |
| Annað búfé – alifuglar | 0 |
| Ræktað land (ha.) | 129 |
| Heyjað innan bújarða (ha.) | 129 |
| Heyjað fyrir bújarðir (ha.) | 111 |
| Gras og grænfóðurræktun (ha.) | 3 |
| Korn (ha.) | 0 |
| Skógrækt (ha.) | 0 |

Tafla 11. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á 1. hluta valkostar D.

| Tegundir búrekstrar á línuleið | Fjöldi á valkosti D |
|---|---|
| Nautgripir 1-40 | 0 |
| Nautgripir 41-80 | 0 |
| Nautgripir 81-120 | 0 |
| Nautgripir 120+ | 0 |
| | |
| Sauðfé 1-125 | 0 |
| Sauðfé 126-300 | 1 |
| Sauðfé 301-500 | 1 |
| Sauðfé 500+ | 1 |
| | |
| Hross 1-10 | 1 |
| Hross 11-25 | 3 |
| Hross 26-50 | 0 |
| Hross 50+ | 0 |
| | |
| Önnur búfjárrækt, óskilgreind | 0 |
| | |
| Garðrækt | 0 |
| Kornrækt | 0 |
| Skógrækt | 0 |
| Ekki skráð landbúnaðarstarfsemi, jörð e.t.v. nytjuð frá annarri bújörð | 1 |

Tafla 12. Einkenni landbúnaðar á 1. hluta valkostar D1.

| Einkenni landbúnaðar á 1. hluta valkostar D1 | |
|---|---|
| Almennt | Uppistaða búrekstrar á þessum hluta línuleiðarinnar er sauðfjárrækt, þar er eitt stórt bú og annað frekar stórt. Á öllum búum með búrekstur eru hross, en engir nautgripir. Ræktarland er allt nýtt til heyöflunar, en nýræktun engin á viðmiðunarári. |
| Nautgripir | Ekkert bú er með nautgripi á þessum hluta línuleiðarinnar. |
| Sauðfé | Þrjú bú eru með sauðfé, þar af er eitt „stórt“ annað „meðalstórt til stórt“ og eitt „lítið til meðalstórt“. |
| Hross | Hross eru á öllum bújörðum með búrekstur, eitt búið er „lítið“ en önnur teljast „lítil til meðalstór“. |
| Ræktað land | Stærð ræktaðs lands er heldur stærra en þarfir búanna eru til heyöflunar. Ræktað land er þó að fullu nýtt til fóðuröflunar því aðilar utan línuleiðar nytja þann hluta ræktaðs lands sem búin á línuleiðinni nýta ekki sjálf. Eitt bú innan línuleiðar sækir í litlum mæli heyskap utan hennar. Engin gras-, grænfóður eða kornrækt er skráð á viðmiðunarári. |
| Skógrækt | Engin skógrækt er skráð á þessum bújörðum. |
| Annað | Á þessum hluta línuleiðarinnar er afréttarhólf sem er ekki skilgreint sem eignarland einnar eða fleiri bújarða en er nýtt af bújörðum í nærliggjandi héraði. Lýsingar á stöðu landbúnaðar á þessum kafla nær einungis til þeirra jarða sem eiga skilgreint land og línuleið kaflans liggur um. |

Tafla 13. Lýsing og einkenni beitarhaga á 1. hluta valkostar D1.

| Úthagar á 1. hluta valkostar D1 | |
|---|---|
| Hlutfall línuleiðar í beitarlandi | 100% |
| Vel grónir úthagar á línuleið samkv. mati af loftmyndum | 80% |
| Minna grónir úthagar á línuleið samkv. mati af loftmyndum | 18% |
| Ógróið land á línuleið samkv. mati af loftmyndum | 1% |
| Ástandsflokkar Grólindar | 3, 4 og 5 |
| Áberandi vistlendi sem styðja beitargildi samkvæmt vistgerðarkorti NÍ | Mólendi, votlendi og graslendi |
| **Texti um beitarhaga** | |
| • Línuleið á þessum kafla liggur alfarið um úthaga og óræktað land fyrir utan eitt hornmastur sem er í jaðri á ræktunarspildu.<br>• Línan liggur um beitarlönd á láglendi og að hluta til um afréttarhólf sem nýtt er til sumarbeitar.<br>• Samkvæmt loftmyndum er beitarlandið nær allt gróið á línuleiðinni og 80% þess vel gróið land. Á láglendi er land almennt vel gróið en meiri breytileka að finna þar sem land liggur hærra.<br>• Samkvæmt greiningum af loftmyndum má í fáeinum tilvikum finna land á láglendi sem telja má augljósa kosti til ræktunar, það á þó sérstaklega við land sem liggur að ræktunarlandi og hefur verið framræst.<br>• Að sjá af loftmyndum er á þessum kafla ágætur beitargróður sem er þó aðeins breytilegur eftir svæðum. Á láglendi eru víðast hvar góðir beitarhagar sem einkennast af gras- og votlendisvistgerðum. Í afréttarhólfi er heldur rýrari hagagróður en þar eru fjölbreyttar vistgerðir sem henta ágætlega sem sumarbeit fyrir sauðfé.<br>• Samkvæmt vistgerðarkorti NÍ má finna vistgerðir á láglendi á línuleiðinni þar sem uppistaðan í gróðursamsetningu er ágætar beitarplöntur þ.e. vistgerðir í graslendi og votlendi. Á heiðinni í afréttarhólfi eru mólendi og votlendi ríkjandi vistlendi.<br>• Samkvæmt ástandskorti Grólindar flokkast land á þessari leið að mestu undir flokka 3, 4 og 5 | |

## 4.3 Staða og umfang landbúnaðar – Samanburðarsvæði valkosta D2 og 2. hluta D1, Hrútatunga – Reynhólar

### Umfang búrekstrar

Tafla 14. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á valkostum D2 og 2. hluta D1.

| Heildarumfang búrekstrar á línuleið | Fjöldi á D2 | Fjöldi á D1 |
|---|---|---|
| Bújarðir samtals | 13 | 19 |
| Bújarðir í búrekstri | 10 | 13 |
| Annað skilgreint land t.d. afréttarhólf | 0 | 0 |
| Nautgripir | 135 | 319 |
| Sauðfé | 4.296 | 3.715 |
| Hross | 78 | 179 |
| Annað búfé – alifuglar | 0 | 18.200 |
| Ræktað land (ha.) | 320 | 486 |
| Heyjað innan bújarða (ha.) | 291 | 434 |
| Heyjað fyrir bújarðir (ha.) | 333 | 456 |
| Gras og grænfóðurræktun (ha.) | 34 | 50 |
| Korn (ha.) | 0 | 0 |
| Skógrækt (ha.) | 23,2 | 53,2 |

Tafla 15. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á valkostum D2 og 2. hluta D1

| Tegundir búrekstrar á línuleið | Fjöldi á D2 | Fjöldi á D1 |
|---|---|---|
| Nautgripir 1-40 | 1 | 2 |
| Nautgripir 41-80 | 0 | 1 |
| Nautgripir 81-120 | 1 | 0 |
| Nautgripir 120+ | 0 | 1 |
| | | |
| Sauðfé 1-125 | 0 | 1 |
| Sauðfé 126-300 | 1 | 2 |
| Sauðfé 300-500 | 4 | 4 |
| Sauðfé 500+ | 3 | 2 |
| | | |
| Hross 1-10 | 5 | 4 |
| Hross 11-25 | 3 | 4 |
| Hross 26-50 | 0 | 0 |
| Hross 51+ | 0 | 1 |
| | | |
| Garðrækt | 0 | 0 |
| Kornrækt | 0 | 0 |
| Skógrækt | 1 | 2 |
| Ekki skráð landbúnaðarstarfsemi, jörð e.t.v. nytjuð frá annarri bújörð. | 3 | 6 |

Tafla 16. Einkenni landbúnaðar á valkostum D2 og 2. hluta D1

| Einkenni landbúnaðar á áhrifasvæði valkosta D2 og 2. hluta D1 | |
|---|---|
| Almennt | Í heild eru 21 bújörð á þessum valkostum. Báðir valkostir liggja yfir um helming þeirra en bújarðir eru talsvert fleiri á D1 og má rekja breytileika milli þessara valkosta til þess munar. Á báðum valkostum einkennist búrekstur á flestum bújörðum í rekstri af sauðfjárrækt og flest þeirra búa eru yfir meðallagi af stærð. Vægi sauðfjárræktar er þó meira á D2 en D1. Hrossarækt er á um helmingi bújarða í rekstri en er öll undir meðallagi að stærð fyrir utan að á D1 er eitt „stórt“ bú. Fleiri bú eru með nautgripi á D1, þar eru fjögur bú með skráða nautgriparækt og þar af eitt stórt. Einungis tvö bú eru með skráða nautgripi á D2 og annað þeirra lítið. Ræktað land er allt nýtt til heyskapar og akuryrkju en einnig heyja bændur á bújörðunum á jörðum utan áhrifasvæðis valkosta, þó hlutfallslega meira á D2. Jarðrækt er talsverð á báðum valkostum. Á báðum valkostum er að finna jarðir þar sem er skógrækt. |
| Nautgripir | Á valkosti D1 eru fjögur bú með nautgripi, eitt sem flokkast „stórt“, eitt „lítið til meðalstórt“ og tvö lítil. Á valkosti D2 eru bú með nautgripi tvö, annað „meðalstórt til stórt“ en hitt lítið. |
| Sauðfé | Á valkosti D1 eru 11 sauðfjárbú og þrjú þeirra lítil eða „lítil til meðalstór“ en á valkosti D2 eru sauðfjárbúin 8 og aðeins eitt þeirra „lítið til meðalstórt“ og ekkert lítið. |
| Hross | Á báðum valkostunum eru 8 bú með hross sem flokkast „lítil“ og „lítil til meðalstór“. Á valkosti D1 er eitt „stórt“ bú til viðbótar við hin átta. |
| Ræktað land | Bæði á valkosti D1 og valkosti D2 er ræktað land fullnýtt til fóðuröflunar og þarf á báðum valkostum að sækja fóðuröflun út fyrir þá til að uppfylla þarfir búanna fyrir fóður. Á D2 eru þarfir fyrir fóðuröflun utan áhrifasvæðis valkostar aðeins meiri en á D1. Talsverð tún- og grænfóðurræktun er á báðum valkostunum en engin kornrækt. |
| Skógrækt | Skógrækt er stunduð á tveimur bújörðum á þessum valkostum. Önnur þessara jarða er á áhrifasvæði beggja valkosta en hin er á áhrifasvæði D1. |
| Annað | Á einni bújörð á D1 er alifuglabú. |

Tafla 17. Lýsing og einkenni beitarhaga á áhrifasvæði valkosta D2 og 2. hluta D1

| Beitarhagar á áhrifasvæði valkosta | D2 | D1 |
|---|---|---|
| Hlutfall línuleiðar í beitarlandi | 99% | 98% |
| Vel grónir úthagar á línuleið skv. mati af loftmyndum | 58% | 54% |
| Minna grónir úthagar á línuleið skv. mati af loftmyndum | 42% | 46% |
| Ógróið land á línuleið skv. mati af loftmyndum | 0% | 0% |
| Ástandsflokkar Grólindar | 4 og 5 | 4 og 5 |
| Áberandi vistlendi sem styðja beitargildi samkvæmt vistgerðarkorti NÍ | Graslendi, votlendi, mólendi | Graslendi og votlendi |
| **Texti um beitarhaga** | | |

- Báðir valkostir þessarar línuleiðar liggja nánast alfarið utan ræktunar- og skógræktarlands, eða um 98% á D1 og 99% á D2.
- Valkostirnir liggja báðir um úthaga í heimalöndum. Leið D1 er nær bæjum og má reikna með að á áhrifasvæði hennar séu beitarlönd sem nýta má allt árið. Leið D2 liggur hins vegar hærra og á svæði sem er væntanlega að mestu nýtt til sumarbeitar.
- Á báðum valkostum er beitarland þokkalega gróið og samkvæmt grófu mati af loftmynd er hlutfall af vel grónu landi 50-60% á báðum valkostum, annað land virðist rýrara en að mestu gróið.
- Valkostir fara að mjög litlum hluta um eða í nálægð við núverandi ræktunarland en D1 liggur þó talsvert nær ræktunarlandi en D2. Samkvæmt greiningum af loftmyndum og á vettvangi er landið að mestu gróið en litlir möguleikar eru til aukinnar ræktunar á helgunarsvæðum beggja línuleiða.
- Að sjá af loftmyndum eru á báðum valkostum góðir beitarhagar sem einkennast af gras- og votlendisvistgerðum, nánast enginn munur er á gæðum beitarhaga milli valkosta.
- Samkvæmt vistgerðarkorti NÍ má á báðum valkostum finna vistgerðir þar sem uppistaðan í gróðursamsetningu er ágætar beitarplöntur, þ.e. vistgerðir í graslendi, votlendi og mólendi.
- Samkvæmt ástandskorti Grólindar flokkast land á áhrifasvæði beggja valkosta undir flokka 4 og 5.

## 4.4 Staða og umfang landbúnaðar – 3. hluti valkostar D1, Reynhólar - Auðunnarstaðir

### Umfang búrekstrar

Tafla 18. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á 3. hluta D1

| Heildarumfang búrekstrar á línuleið | Fjöldi á D1 |
|---|---|
| Bújarðir samtals | 14 |
| Bújarðir með landbúnaðarstarfsemi | 13 |
| Annað skilgreint land t.d. afréttarhólf | 0 |
| Nautgripir | 167 |
| Sauðfé | 2939 |
| Hross | 446 |
| Annað búfé – alifuglar | 27 |
| Ræktað land (ha.) | 579 |
| Heyjað innan bújarða (ha.) | 466 |
| Heyjað fyrir bújarðir (ha.) | 410 |
| Gras og grænfóðurræktun (ha.) | 48 |
| Korn (ha.) | 7 |
| Skógrækt (ha.) | 238 |

Tafla 19. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á 3. hluta valkostar D1.

| **Tegundir búrekstrar á línuleið** | **Fjöldi á D1** |
|---|---|
| Nautgripir 1-40 | 1 |
| Nautgripir 41-80 | 1 |
| Nautgripir 81-120 | 1 |
| Nautgripir 120+ | 0 |
| | |
| Sauðfé 1-125 | 1 |
| Sauðfé 126-300 | 2 |
| Sauðfé 301-500 | 2 |
| Sauðfé 500+ | 3 |
| | |
| Hross 1-10 | 2 |
| Hross 11-25 | 4 |
| Hross 26-50 | 4 |
| Hross 50+ | 3 |
| | |
| Önnur búfjárrækt, óskilgreind | 2 |
| | |
| Garðrækt | 0 |
| Kornrækt | 1 |
| Skógrækt | 2 |
| Ekki skráð landbúnaðarstarfsemi, jörð e.t.v. nytjuð frá annarri bújörð. | 1 |

Tafla 20. Einkenni landbúnaðar á kafla 3. hluta valkostar D1.

| **Einkenni landbúnaðar á 3. hluta valkostar D1** | |
|---|---|
| Almennt | Uppistaða búrekstrar á þessum hluta línuleiðarinnar er sauðfjárrækt og hrossahald. Öll nema tvö búa á þessu svæði eru með hross, helmingur er yfir meðalstærð, þar af þrjú stór. Átta bú eru með sauðfé, flest yfir meðalstærð og þrjú stór. Nautgripir eru á þremur jörðum. Ræktarland er umfram þarfir til heyöflunar á þessu svæði. Skógrækt er á tveimur bújörðum. |
| Nautgripir | Þrjú bú eru með nautgripi á þessum hluta línuleiðarinnar. Eitt er „meðalstórt til stórt en hin minni, þar af annað „lítið“. |
| Sauðfé | Átta bú eru með sauðfé og þar af eru þrjú „stór“ tvö „meðalstór til stór“ tvö „lítil til meðalstór“ og eitt „lítið”. |
| Hross | Hross eru á flestum bújörðum með búrekstur, þrjú búin eru „stór“, fjögur „meðalstór til stór“, önnur fjögur eru „lítil til meðalstór“ en tvö „lítil“. |
| Ræktað land | Ræktað land er stærra en nemur þörfum búa á línuleiðinni til heyöflunar. Ræktaða landið er þó að mestu leyti nýtt til fóðuröflunar því tíu bújarðir utan línuleiðar nýta ræktað land á henni jafnframt því sem þrjú bú á línuleiðinni afla heyja á jörðum utan hennar. Á sjö jörðum, helmingi jarða á þessum kafla línuleiðar er stunduð gras- og/eða grænfóðurrækt og á einni þeirra kornrækt. |
| Skógrækt | Á tveimur bújörðum er samningsbundið skógræktarsvæði og ábúendur þátttakendur í verkefninu „Skógrækt á lögbýlum“. |
| Annað | Á ekki við. |

Tafla 21. Lýsing og einkenni beitarhaga á 3. hluta valkostar D1 .

| Úthagar á valkosti 3. hluta valkostar D1 | |
|---|---|
| Hlutfall línuleiðar í beitarlandi | 92% |
| Hlutfall vel gróinna úthaga á línuleið skv. mati af loftmyndum | 86% |
| Hlutfall minna gróinna úthaga á línuleið skv. mati af loftmyndum | 11% |
| Hlutfall ógróins lands á línuleið skv. mati af loftmyndum | 3% |
| Ástandsflokkar Grólindar | 4 og 5 |
| Áberandi vistlendi sem styðja beitargildi samkvæmt vistgerðarkorti NÍ | Votlendi, mólendi og graslendi |
| **Texti um beitarhaga** | |
| • Línuleiðin á þessum kafla liggur að mestu leyti um úthaga.<br>• Línan liggur um beitarlönd á láglendi í heimahögum bújarða.<br>• Samkvæmt loftmyndum er beitarlandið á línuleiðinni nær allt gróið og 86% þess vel gróið land.<br>• Línuleiðin liggur um og í nálægð við ræktunarland á hluta leiðarinnar, þar má í nokkrum tilvikum finna land sem telja má augljósa kosti til ræktunar. Það á þó sérstaklega við land sem hefur verið ræst fram.<br>• Að sjá af loftmyndum er á þessum hluta línuleiðarinnar ágætur beitargróður. Þarna eru víðast hvar góðir beitarhagar sem einkennast af votlendi og mólendisvistgerðum og er þar jafnframt að finna svæði með graslendi. Búast má við að beitarhólf á þessum hluta séu nýtt til beitar og vörslu búfjár allt árið.<br>• Samkvæmt vistgerðarkorti NÍ má finna vistgerðir á þessum hluta línuleiðarinnar þar sem uppistaðan í gróðursamsetningu er ágætar beitarplöntur þ.e. vistgerðir í votlendi, mólendi og graslendi.<br>• Samkvæmt ástandskorti Grólindar flokkast land á þessari leið að mestu undir flokka 4 og 5. | |

## 4.5 Staða og umfang landbúnaðar – Samanburðarsvæði valkosta D1.h og 4. hluta D1, Auðunnarstaðir – Lækjamót

### Umfang búrekstrar

Tafla 22. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á valkostum D1.h og 4. hluta D1.

| Heildarumfang búrekstrar á línuleið | Fjöldi á D1.h | Fjöldi á D1 |
|---|---|---|
| Bújarðir samtals | 5 | 5 |
| Bújarðir í búrekstri | 5 | 5 |
| Annað skilgreint land t.d. afréttarhólf | 0 | 0 |
| Nautgripir | 0 | 0 |
| Sauðfé | 0 | 0 |
| Hross | 208 | 208 |
| Annað búfé – alifuglar | 0 | 0 |
| Ræktað land (ha.) | 120 | 120 |
| Heyjað innan bújarða (ha.) | 101 | 101 |
| Heyjað fyrir bújarðir (ha.) | 68 | 68 |
| Gras og grænfóðurræktun (ha.) | 0 | 0 |
| Korn (ha.) | 0 | 0 |
| Skógrækt (ha.) | 153 | 153 |

Tafla 23. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á valkostum D1.h og 4. hluta D1.

| Tegundir búrekstrar á línuleið | Fjöldi á D1.h | Fjöldi á D1 |
|---|---|---|
| Nautgripir 1-40 | 0 | 0 |
| Nautgripir 41-80 | 0 | 0 |
| Nautgripir 81-120 | 0 | 0 |
| Nautgripir 120+ | 0 | 0 |
| | | |
| Sauðfé 1-125 | 0 | 0 |
| Sauðfé 126-300 | 0 | 0 |
| Sauðfé 300-500 | 0 | 0 |
| Sauðfé 500+ | 0 | 0 |
| | | |
| Hross 1-10 | 1 | 1 |
| Hross 11-25 | 1 | 1 |
| Hross 26-50 | 2 | 2 |
| Hross 51+ | 1 | 1 |
| | | |
| Garðrækt | 0 | 0 |
| Kornrækt | 0 | 0 |
| Skógrækt | 1 | 1 |
| Ekki skráð landbúnaðarstarfsemi, jörð e.t.v. nytjuð frá annarri bújörð. | 0 | 0 |

Tafla 24. Einkenni landbúnaðar á valkostum D1.h og 4. hluta D1.

| Einkenni landbúnaðar á áhrifasvæði valkosta D1.h og 4. hluta D1 | |
|---|---|
| Almennt | Sömu bújarðir eru á báðum valkostum og er hrossarækt á þeim öllum. Hvorki eru skráðir nautgripir né sauðfé á þessum jörðum. Ræktað land er umfram þarfir búa á jörðunum á þessum valkostum. Engin jarðrækt er skráð á viðmiðunarári. Skógrækt er á einni jörð. |
| Nautgripir | Á hvorugum valkostanna er að finna bú með nautgripi. |
| Sauðfé | Á hvorugum valkostanna er að finna bú með sauðfé. |
| Hross | Öll bú innan valkostanna eru með hross. Eitt flokkast „lítið", tvö „meðalstór til stór" og eitt „stórt". |
| Ræktað land | Það sama gildir hér um báða valkosti. Ræktað land er talsvert meira en þarfir búanna til fóðuröflunar kalla á og nytja þrjár bújarðir utan valkostanna hluta túna. Eitt bú innan valkostanna sækir hluta af sinni heyöflun utan jarða á valkostunum. ÁÁ viðmiðunarári var engin endurræktun túna, engin grænfóðurrækt -né heldur kornrækt. |
| Skógrækt | Skógrækt er stunduð einni bújörð, en þar er samningsbundið skógræktarsvæði og ábúendur þátttakendur í verkefninu „Skógrækt á lögbýlum". Línuleið og helgunarsvæði línu lendir að hluta innan skógræktarsvæðisins. |
| Annað | Á ekki við. |

Tafla 25. Lýsing og einkenni beitarhaga á áhrifasvæði valkosta D1.h og 4. hluta D1.

| Beitarhagar á áhrifasvæði valkosta | D1.h | D1 |
|---|---|---|
| Hlutfall línuleiðar í beitarlandi | 83% | 59% |
| Vel grónir úthagar á línuleið skv. mati af loftmyndum | 92% | 92% |
| Minna grónir úthagar á línuleið skv. mati af loftmyndum | 5% | 4% |
| Ógróið land á línuleið skv. mati af loftmyndum | 3% | 5% |
| Ástandsflokkar Grólindar | 3 og 4 | 4 og 5 |
| Áberandi vistlendi sem styðja beitargildi samkvæmt vistgerðarkorti NÍ | Graslendi og votlendi | Graslendi og votlendi |
| **Texti um beitarhaga** | | |

- Valkostur D1 liggur hlutfallslega minna í úthögum en D1.h en báðir valkostir á þessum hluta línuleiðar liggja að nokkru leyti um ræktunar- og skógræktarlönd. Hlutfall valkostar D1 í úthaga er 59% á móti 83% á D1.h.
- Báðir valkostir liggja um úthaga í heimalöndum sem eru nálægt bæjarstæðum og má reikna með að á áhrifasvæði beggja valkosta séu beitarlönd sem nýta má allt árið. Valkostur D1 er mjög nálægt bæjarstæði á einum stað og fer mögulega um hólf þar sem vænta má daglegrar umgengni um búfé og umferðar búfjár, s.s. viðrunarhólf hrossa.
- Samkvæmt grófu mati eftir loftmyndum er umrætt beitarland ágætlega gróið og hlutfall af vel grónu landi yfir 90% á báðum valkostum.
- Valkostir fara báðir um og í nálægð við núverandi ræktunarland en D1 mun meira en D1.h. Sama gildir um skógræktarland. Samkvæmt greiningum af loftmyndum er landið vel gróið og möguleikar til staðar til að stækka ræktunarland, einkum þó á D1 og eins eru til staðar möguleikar á að auka skógrækt á báðum valkostanna.
- Samkvæmt greiningu af loftmyndum og vistgerðarkorti NÍ er nokkur munur á landi valkosta m.t.t. beitargæða. Á valkosti D1 eru beitarhagar nokkuð góðir og einkennast af gras-, mó- og votlendisvistgerðum. Valkostur D1.h fer um heldur rýrara land sem þó svipar að hluta til landsins sem D1 fer um. Það er að hluta grasgefið en þar er jafnframt land þar sem beitargæði eru lakari, s.s. melar og sandlendi.
- Samkvæmt vistgerðarkorti NÍ má á báðum valkostum finna vistgerðir þar sem uppistaðan í gróðursamsetningu er ágætar beitarplöntur, þ.e. vistgerðir í mólendi, graslendi og votlendi.
- Samkvæmt ástandskorti Grólindar flokkast land á áhrifasvæði D1.h að mestu í flokka 3 og 4 en í flokka 4 og 5 á valkosti D1.

## 4.6 Staða og umfang landbúnaðar – 5. hluti valkostar D1, Lækjamót - Akur

### Umfang búrekstrar

Tafla 26. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á 5. hluta valkostar D1.

| Heildarumfang búrekstrar á línuleið | Fjöldi á D1 |
|---|---|
| Bújarðir samtals | 14 |
| Bújarðir með landbúnaðarstarfsemi | 14 |
| Annað skilgreint land t.d. afréttarhólf | 0 |
| Nautgripir | 356 |
| Sauðfé | 2940 |
| Hross | 456 |
| Annað búfé – alifuglar | 0 |
| Ræktað land (ha.) | 702 |
| Heyjað innan bújarða (ha.) | 660 |
| Heyjað fyrir bújarðir (ha.) | 628 |
| Gras og grænfóðurræktun (ha.) | 36 |
| Korn (ha.) | 24 |
| Skógrækt (ha.) | 100 |

Tafla 27. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á 5. hluta valkostar D1.

| Tegundir búrekstrar á línuleið | Fjöldi á D1 |
|---|---|
| Nautgripir 1-40 | 0 |
| Nautgripir 41-80 | 1 |
| Nautgripir 81-120 | 1 |
| Nautgripir 120+ | 1 |
| | |
| Sauðfé 1-125 | 1 |
| Sauðfé 126-300 | 3 |
| Sauðfé 301-500 | 2 |
| Sauðfé 500+ | 2 |
| | |
| Hross 1-10 | 2 |
| Hross 11-25 | 4 |
| Hross 26-50 | 2 |
| Hross 50+ | 4 |
| | |
| Önnur búfjárrækt, óskilgreind | 0 |
| | |
| Garðrækt | 0 |
| Kornrækt | 3 |
| Skógrækt | 3 |
| Ekki skráð landbúnaðarstarfsemi, jörð e.t.v. nytjuð frá annarri bújörð. | 0 |

Tafla 28. Einkenni landbúnaðar á 5. hluta valkostar D1.

| Einkenni landbúnaðar á 5. hluta valkostar D1 | |
|---|---|
| Almennt | Uppistaða og einkenni búrekstrar á þessum hluta línuleiðarinnar eru sauðfjárrækt og hrossahald. Öll bú nema eitt eru með hross, helmingur er yfir meðalstærð þar af eru fjögur „stór“. Átta bú eru með sauðfé, helmingur yfir meðalstærð og aðeins eitt „lítið“. Nautgripir eru á þremur jörðum. Þarfir til heyöflunar eru meiri en ræktarland á þessu svæði. Skógrækt er á þremur bújörðum. |
| Nautgripir | Þrjú bú eru með nautgripi á þessum hluta línuleiðarinnar. Eitt er „lítið til meðalstórt“, annað „meðalstórt til stórt“ og það þriðja „stórt“. |
| Sauðfé | Átta bú eru með sauðfé og þar af eru tvö „stór“ tvö „meðalstór til stór“, þrjú „lítil til meðalstór“ og eitt „lítið”. |
| Hross | Hross eru á flestum bújörðum með búrekstur, fjögur af búunum eru „stór“, tvö „meðalstór til stór“, fjögur eru „lítil til meðalstór“ en tvö „lítil“. |
| Ræktað land | Stærð ræktaðs lands er nær það sama og þarfir búa á línuleiðinni til fóðuröflunar kalla á. Ræktað land er allt nýtt til fóðuröflunar og nær eingöngu af jörðum á þessum kafla línuleiðarinnar. Sú fóðuröflun sem bú á línuleiðinni sækja út fyrir hana er álíka mikil og sú sem bújarðir utan hennar sækja inn á hana. Mögulega setur aðgangur að ræktuðu landi búunum skorður um stærð. Á sex jörðum, nær helmingi jarða á þessum kafla línuleiðar er stunduð gras- og/eða grænfóðurrækt og á þremur þeirra kornrækt. |
| Skógrækt | Á þremur bújörðum er samningsbundið skógræktarsvæði og ábúendur þátttakendur í verkefninu „Skógrækt á lögbýlum“. |
| Annað | Á ekki við. |

Tafla 29. Lýsing og einkenni beitarhaga á kafla A .

| Úthagar á 5. hluta valkostar D1 | |
|---|---|
| Hlutfall línuleiðar í beitarlandi | 90% |
| Hlutfall vel gróinna úthaga á línuleið skv. mati af loftmyndum | 91% |
| Hlutfall minna gróinna úthaga á línuleið skv. mati af loftmyndum | 8% |
| Hlutfall ógróins lands á línuleið skv. mati af loftmyndum | 1% |
| Ástandsflokkar Grólindar | 1, 2, 3, 4 og 5 |
| Áberandi vistlendi sem styðja beitargildi samkvæmt vistgerðarkorti NÍ | Graslendi, mólendi, votlendi, melar og sandlendi |

**Texti um beitarhaga**

- Á þessum kafla liggur línuleiðin að mestu leyti um úthaga.
- Línan liggur um beitarlönd á láglendi í heimahögum bújarða.
- Samkvæmt loftmyndum er beitarlandið nær allt gróið á línuleiðinni og 91% þess vel gróið land.
- Línuleið liggur um og í nálægð við ræktunarland á hluta leiðarinnar, þar má í sumum tilvikum finna land sem telja má augljósa kosti til ræktunar. Það á þó sérstaklega við land sem hefur verið ræst fram.
- Að sjá af loftmyndum er á þessum kafla ágætur beitargróður sem er þó aðeins breytilegur eftir svæðum. Vestan til eru góðir beitarhagar sem einkennast af gras- og votlendisvistgerðum en þegar austar dregur verða mos-, og sandlendi og melar áberandi á hluta leiðarinnar og þar má búast við að beitargróður sé rýrari.
- Samkvæmt vistgerðarkorti NÍ má finna vistgerðir á þessum hluta línuleiðarinnar þar sem uppistaðan í gróðursamsetningu er ágætar beitarplöntur þ.e. vistgerðir í graslendi og votlendi. Þarna má líka finna svæði þar sem beitargróður er lakari, moslendi, melar og sandlendi.
- Samkvæmt ástandskorti Grólindar flokkast land á þessari leið að mestu undir flokka 4 og 5 en fellur einnig í flokk 3 að nokkru leyti. Á tveimur stöðum er ástand lakara.

## 4.7 Staða og umfang landbúnaðar – Samanburðarsvæði valkosta D3 og 6. hluta D1, Akur – Tungunes

### Umfang búrekstrar

Tafla 30. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á valkostum D3 – 6. hluta D1.

| Heildarumfang búrekstrar á línuleið | Fjöldi á D3 | Fjöldi á D1 |
|---|---|---|
| Bújarðir samtals | 11 | 18 |
| Bújarðir í búrekstri | 7 | 15 |
| Annað skilgreint land t.d. afréttarhólf | 0 | 0 |
| Nautgripir | 71 | 315 |
| Sauðfé | 1.508 | 1.463 |
| Hross | 169 | 634 |
| Annað búfé – alifuglar | 0 | 0 |
| Ræktað land (ha.) | 302 | 583 |
| Heyjað innan bújarða (ha.) | 250 | 482 |
| Heyjað fyrir bújarðir (ha.) | 198 | 458 |
| Gras og grænfóðurræktun (ha.) | 29 | 42 |
| Korn (ha.) | 0 | 17 |
| Skógrækt (ha.) | 301,7 | 567,1 |

Tafla 31. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á valkostum D3 og 6. hluta D1.

| Tegundir búrekstrar á línuleið | Fjöldi á D3 | Fjöldi á D1 |
|---|---|---|
| Nautgripir 1-40 | 0 | 0 |
| Nautgripir 41-80 | 1 | 2 |
| Nautgripir 81-120 | 0 | 2 |
| Nautgripir 120+ | 0 | 0 |
| | | |
| Sauðfé 1-125 | 0 | 1 |
| Sauðfé 126-300 | 3 | 4 |
| Sauðfé 301-500 | 1 | 2 |
| Sauðfé 500+ | 1 | 0 |
| | | |
| Hross 1-10 | 2 | 1 |
| Hross 11-25 | 2 | 2 |
| Hross 26-50 | 2 | 6 |
| Hross 51+ | 1 | 4 |
| | | |
| Garðrækt | 0 | 0 |
| Kornrækt | 0 | 3 |
| Skógrækt | 4 | 5 |
| Ekki skráð landbúnaðarstarfsemi, jörð e.t.v. nytjuð frá annarri bújörð. | 4 | 3 |

Tafla 32. Einkenni landbúnaðar á valkostum D3 og 6. hluta D1.

| Einkenni landbúnaðar á áhrifasvæði valkosta D3 og 6. hluta D1 | |
|---|---|
| Almennt | Í heild eru 25 bújarðir á þessum valkostum. Báðir valkostir liggja yfir fjórar þeirra en bújarðir eru fleiri á D1. Tvöfalt fleiri bú eru með landbúnaðarstarfsemi á D1 en á D3 og er talsverður munur á landbúnaðarstarfsemi búa á þessum valkostum. Á valkosti D1 einkennist búrekstur af hrossarækt en öll bú með landbúnaðarstarfsemi nema tvö eru með hross og eru flest þeirra yfir meðalstærð. Hross eru líka einkennandi fyrir búrekstur á D3 en þar eru hross á öllum bújörðum með landbúnaðarstarfsemi. Þau bú eru þó að jafnaði talsvert minni en á D1. Um þriðjungur bújarða á D1 er  með sauðfé g eru flest þau bú meðalstór. Vægi sauðfjárræktar er hlutfallslega meira á D3, fjárfjöldi á valkostum er nánast sá sami en sauðfjárbú eru hlutfallslega stærri á D3 en D1. Nautgripir eru á fjórum bújörðum á valkosti D1 en einungis á einni á D3.<br>Á báðum valkostum er nánast allt ræktað land nýtt til heyöflunar og akuryrkju. Á D1 er stærð ræktaðs lands nánast sama og þarf til fóðuröflunar á því svæði. Á D3 er ræktað land hins vegar heldur umfram þarfir til fóðurframleiðslu. Jarðrækt er talsverð á báðum valkostum og kornrækt á D1.<br>Á báðum valkostum eru jarðir þar sem er talverð skógrækt. |
| Nautgripir | Á valkosti D1 eru fjögur bú með nautgripi, tvö flokkast „meðalstór til stór“ og hin tvö eru „lítil til meðalstór“. Á valkosti D3 er eitt bú með nautgripi sem flokkast „lítið til meðalstórt“. |
| Sauðfé | Á valkosti D1 eru 7 sauðfjárbú, tvö eru „meðalstór til stór“, fjögur „lítil til meðalstór“ og eitt er „lítið“. Á valkosti D3 eru sauðfjárbúin 6. Eitt þeirra er „stórt“, eitt er „meðalstórt til stórt og þrjú eru „lítil til meðalstór“. |
| Hross | Á valkosti D1 eru 13 bú með hross og flokkast fjögur sem „stór“, sex eru „meðalstór til stór“, tvö „lítil til meðalstór“ og eitt „lítið”. Á valkosti D3 er eitt „stórt“ bú en hin skiptast jafnt á hina stærðarflokkana og eru tvö í hverjum þeirra. |
| Ræktað land | Á valkosti D1 er ræktað land nær allt nýtt til fóðuröflunar og fer vel saman við þarfir búa á valkostinum fyrir fóður. Hluti ræktunar er nýtt af fjórum búum utan valkostar en eitt bú á honum sækir fóðuröflun utan hans. Á valkosti D3 er hlutfallsleg nýting ræktaðs lands til fóðuröflunar næstum jafn mikil og á D1. Á búum innan valkostar D3 er nær öll fóðuröflun innan þess valkostar en fjórar jarðir utan hans stunda þar fóðuröflun í nokkrum mæli. Talsvert meiri tún- og grænfóðurræktun er á valkosti D1 en á valkosti D3. Á þrem bújörðum á valkosti D1 er stunduð kornrækt en engin á D3. |
| Skógrækt | Talsverð skógrækt er stunduð á átta bújörðum á þessum valkostum. Fimm eru á valkosti D1 og fjórar á D3 og er tilheyrir ein jörð báðum valkostum. |
| Annað | Á ekki við. |

Tafla 33. Lýsing og einkenni beitarhaga á áhrifasvæði valkosta D3 og 6. hluta D1.

| **Beitarhagar á áhrifasvæði valkosta** | **D3** | **D1** |
|---|---|---|
| Hlutfall línuleiðar í beitarlandi | 92% | 92% |
| Vel grónir úthagar á línuleið skv. mati af loftmyndum | 87% | 94% |
| Minna grónir úthagar á línuleið skv. mati af loftmyndum | 11% | 6% |
| Ógróið land á línuleið skv. mati af loftmyndum | 3% | 0% |
| Ástandsflokkar Grólindar | 2, 3, 4 og 5 | 1, 2, 3, 4 og 5 |
| Áberandi vistlendi sem styðja beitargildi samkvæmt vistgerðarkorti NÍ | Votlendi, mólendi og moslendi | Votlendi, mólendi, moslendi og graslendi |
| **Texti um beitarhaga** | | |

- Báðir valkostir þessarar línuleiðar liggja nánast alfarið utan ræktunar- og skógræktarlands, eða um 92% af báðum línuleiðum.
- Valkostir liggja báðir um úthaga í heimalöndum. Leið D1 er í nálægð við bæjarhlað á einni bújörð. Reikna með að á áhrifasvæði beggja valkosta séu beitarlönd sem nýta má allt árið.
- Samkvæmt loftmyndum er umrætt beitarland á báðum valkostum nokkuð vel gróið og lítill munur milli þeirra.
- Línuleiðin liggur um og í nálægð við ræktunar- og skógræktarland á hluta beggja valkosta. Á þeim er sá munur að í tilvikum sem þetta á við liggur D1 meira um ræktað land en skógræktarland en D3 nær eingöngu um skógræktarland. Á báðum valkostum má finna land sem hentað gæti til akuryrkju, tún- eða skógræktar.
- Að sjá af loftmyndum eru á báðum valkostum góðir beitarhagar sem einkennast mest af votlendis- og mólendisvistgerðum en þó eru þær í heldur meira mæli á D3 en D1 og því betri hagar á D3. Samt má ætla að munur á gæðum beitarhaganna sé lítill milli valkosta.
- Samkvæmt vistgerðarkorti NÍ má á báðum valkostum finna vistgerðir þar sem uppistaðan í gróðursamsetningu er ágætar beitarplöntur, þ.e. vistgerðir í votlendi, mólendi og graslendi.
- Samkvæmt ástandskorti Grólindar flokkast land á áhrifasvæði valkostar D1 mest í flokka 3 og 4 en undir flokka 3, 4 og 5 á D3.

## 4.8 Staða og umfang landbúnaðar – 7. hluti valkostar D1, Tungunes - Eiðsstaðir

### Umfang búrekstrar

Tafla 34. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á valkosti D1 – 7. hluta

| Heildarumfang búrekstrar á línuleið | Fjöldi á D1 |
|---|---|
| Bújarðir samtals | 9 |
| Bújarðir með landbúnaðarstarfsemi | 7 |
| Annað skilgreint land t.d. afréttarhólf | 0 |
| Nautgripir | 130 |
| Sauðfé | 2609 |
| Hross | 465 |
| Annað búfé – alifuglar | 0 |
| Ræktað land (ha.) | 373 |
| Heyjað innan bújarða (ha.) | 327 |
| Heyjað fyrir bújarðir (ha.) | 348 |
| Gras og grænfóðurræktun (ha.) | 37 |
| Korn (ha.) | 15 |
| Skógrækt (ha.) | 531 |

Tafla 35. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á 7. hluta valkostar D1.

| Tegundir búrekstrar á línuleið | Fjöldi á D1 |
|---|---|
| Nautgripir 1-40 | 1 |
| Nautgripir 41-80 | 2 |
| Nautgripir 81-120 | 0 |
| Nautgripir 120+ | 0 |
| | |
| Sauðfé 1-125 | 0 |
| Sauðfé 126-300 | 3 |
| Sauðfé 301-500 | 3 |
| Sauðfé 500+ | 1 |
| | |
| Hross 1-10 | 0 |
| Hross 11-25 | 1 |
| Hross 26-50 | 2 |
| Hross 50+ | 4 |
| | |
| Önnur búfjárrækt, óskilgreind | 0 |
| | |
| Garðrækt | 0 |
| Kornrækt | 2 |
| Skógrækt | 1 |
| Ekki skráð landbúnaðarstarfsemi, jörð e.t.v. nytjuð frá annarri bújörð. | 2 |

Tafla 36. Einkenni landbúnaðar á 7. hluta valkostar D1.

| Einkenni landbúnaðar á 7. hluta valkostar D1 | |
|---|---|
| Almennt | Uppistaða búrekstrar á þessum hluta línuleiðarinnar er sauðfjárrækt og hrossahald. Öll bú á þessu svæði nema tvö eru með skráða landbúnaðarstarfsemi. Á þeim öllum er sauðfé og eru þau um eða yfir meðalstærð. Einnig eru hross á öllum búum og flest þeirra eru „stór". Nautgripir eru á þremur jörðum. Stærð ræktaðs lands er í samræmi við þarfir til heyöflunar á þessu svæði. Skógrækt er á einni bújörð. |
| Nautgripir | Þrjú bú eru með nautgripi á þessum hluta línuleiðarinnar. Tvö eru „lítil til meðalstór" en það þriðja er „lítið". |
| Sauðfé | Öll bú með búrekstur eru með sauðfé og þar af er eitt „ stórt" en hin flokkast að jöfnu sem „meðalstór til stór" og „lítil til meðalstór". |
| Hross | Hross eru á öllum bújörðum með búrekstur, fjögur búin eru „stór", önnur tvö „meðalstór til stór" og eitt „lítið til meðalstórt". |
| Ræktað land | Stærð ræktaðs lands er í samræmi við þarfir búa á línuleiðinni til fóðuröflunar. Er það nær fullnýtt og eingöngu nýtt af búum á valkostinum. Eitt bú sækir hluta af sinni fóðuröflun utan valkostar. Nokkur gras- og/eða grænfóðurrækt er stunduð á áhrifasvæði valkostarins, eða á 5 af 7 bújörðum þar sem stundaður er búrekstur. Tvær þeirra stunda einnig kornrækt. Mögulega setur aðgangur að ræktuðu landi búunum skorður um stærð. |
| Skógrækt | Á einni bújörð er samningsbundið skógræktarsvæði. |
| Annað | Á ekki við. |

Tafla 37. Lýsing og einkenni beitarhaga á 7. hluta valkostar D1 .

| Úthagar á 7. hluta valkostar D1 | |
|---|---|
| Hlutfall línuleiðar í beitarlandi | 92% |
| Hlutfall vel gróinna úthaga á línuleið skv. mati af loftmyndum | 74% |
| Hlutfall minna gróinna úthaga á línuleið skv. mati af loftmyndum | 26% |
| Hlutfall ógróins lands á línuleið skv. mati af loftmyndum | 0% |
| Ástandsflokkar Grólindar | 2, 3 og 4 |
| Áberandi vistlendi sem styðja beitargildi samkvæmt vistgerðarkorti NÍ | Mólendi, moslendi og melar |
| **Texti um beitarhaga** | |
| • Á þessum kafla liggur línuleiðin að mestu um úthaga.<br>• Línan liggur um beitarlönd í heimahögum bújarða og eru þau nýtt til beitar allt árið.<br>• Samkvæmt loftmyndum er beitarlandið á línuleiðinni nokkuð vel gróið, 74% þess er vel gróið land en annað hefur rýrari beitargróður.<br>• Línuleiðin þverar skógræktarland á hluta leiðarinnar en liggur annars ekki nálægt ræktunarlandi. Innan helgunarsvæðis línunnar er ekki hægt að greina augljósa staði þar sem tækifæri eru til ræktunar túna eða akuryrkju en land getur mögulega hentað ágætlega til skógræktar, sérstaklega nálægt núverandi skógræktarhólfum.<br>• Að sjá af loftmyndum er á þessum kafla ágætur beitargróður. Mest áberandi gróðurvistgerðir eru mó- og moslendi en í nokkrum mæli á milli eru melar með heldur rýrum beitargróðri. Syðsti hlutinn einkennist af vot- og mólendisvistgerðum með ágætum beitargróðri.<br>• Samkvæmt vistgerðarkorti NÍ má finna vistgerðir á línuleiðinni þar sem uppistaðan í gróðursamsetningu er ágætar beitarplöntur þ.e. vistgerðir í mólendi, graslendi og votlendi. Þar sem línan liggur hærra í landinu eru moslendi, mólendi og melar ríkjandi vistlendi.<br>• Samkvæmt ástandskorti Grólindar flokkast land á þessari leið að nær alveg í flokka 3 og 4. | |

## 4.9 Samantekt og mat á grunnstöðu valkosta D1, D2, D3 og Dh

Einkennum landbúnaðar á svæðinu er lýst í kaflanum „Einkenni og grunnstaða landbúnaðar á línuleiðum – Heildaryfirlit“ bls. 8 – 11. Lítill sem enginn munur er á grunnstöðu og einkennum landbúnaðar á viðmiðunarsvæði og áhrifasvæði valkostar D.

Ef horft er á svæði valkostar D í heild hefur staða landbúnaðar gott miðlungs gildi. Þar eru margar jarðir í ábúð og þónokkur búskapur á flestum þeirra, mörg bú flokkast meðalstór til stór en minni búskapur á öðrum jörðum sem er forsenda fyrir ábúð. Jarðir á leiðum valkostar D eru sumar landmiklar og byggð nokkuð dreifð á köflum en á öðrum köflum er byggð þéttari.

Staða ræktunarlands á valkostum D hefur gott miðlungs gildi. Ræktað land jarða á leiðum valkostanna er fullnýtt til fóðuröflunar og tún víða í góðri rækt, nokkuð er af grænfóðurræktun en kornrækt lítil. Land er víða frjósamt en getur verið erfitt til ræktunar. Talsverð skógrækt er á nokkrum jörðum og víða land sem hentar vel til skógræktar.

Mikilvægi og staða úthaga og beitarlands hefur miðlungs til hátt gildi á valkostum D. Þar byggir búskapur flestra bújarða á notkun úthaga og beitarlanda og eru þeir almennt vel grónir og grasgefið land á þessu svæði. Beitarlönd eru víða rúm, bæði heimalönd og afréttir og henta vel til beitar fyrir sauðfé og hross.

Viðkvæmni og ástand landbúnaðar á valkostum D hefur miðlungs gildi. Í flestum tilvikum mun landbúnaður ná grunnástandi með viðeigandi mótvægisaðgerðum. Í nokkrum tilvikum er fjarlægð línumannvirkja frá bæjarhlöðum eða mikilvægum athafnasvæðum bújarða lítil og á nokkrum stöðum liggur línan um ræktað land. Í flestum tilvikum á landbúnaður að geta náð grunnástandi með viðeigandi mótvægisaðgerðum, t.d. hvað varðar ræktað land. Í einstaka tilvikum er nálægð línu við bæjarhlöð það mikil að áhrif verða varanleg og geta jafnvel ógnað ábúð.

Á valkosti D eru á þremur stöðum bornir saman tveir valkostir mögulegra línuleiða. Þar er um að ræða samanburð á valkostum D2, Dh og D3 við samaburðarkafla á valkosti D1. Skýringar á mati fyrir grunnástand og stöðu landbúnaðar er sambærilegt við heildarlýsingu á valkosti D nema annars sé getið.

Hvað varðar D2 og samanburðarvalkost D1 er ekki greinanlegur munur á stöðu landbúnaðar á svæðinu né heldur stöðu ræktunarlands. Þessir þættir hafa miðlungs gildi á báðum valkostum. Jafnframt er ekki munur á mikilvægi og stöðu úthaga og beitarlands sem hefur miðlungs til hátt gildi á báðum valkostum. Hvað varðar viðkvæmni og ástand er munur milli valkosta þannig að gildi fyrir D2 er metið lágt til miðlungs en fyrir samanburðarvalkost D1 er það metið miðlungs. Ástæða þess að valkostur D2 fær lægra mat er sá valkostur fer um færri bújarðir, fjarlægð línuleiðar frá bæjarstæðum og mikilvægum vinnusvæðum er meiri og áhrif á ræktað land eru minni.

Hvað varðar Dh og samanburðarvalkost D1 er ekki greinanlegur munur milli valkosta á stöðu landbúnaðar á svæðinu, stöðu ræktunarlands né stöðu úthaga og beitarlands. Mikill munur er þó milli valkosta hvað varðar mat fyrir viðkvæmni og ástand. Staða landbúnaðar á svæðinu er metin lág til miðlungs fyrir báða valkosti sem er frávik frá mati fyrir heildarvalkost D. Umfang búrekstrar er minna og bústofn einhæfari og ræktað land nytjað í talsverðu mæli af jörðum utan valkosta. Á báðum valkostum hefur staða ræktunarlands miðlungs gildi og staða úthaga og beitarlands hefur miðlungs til hátt gildi og báðir þessir matsþættir ekki frábrugðnir svæði valkostar D í heild. Fyrir matsþáttinn viðkvæmi og ástand er gildi fyrir samanburðarvalkost D1 metið hátt en fyrir valkost Dh er það metið lágt til miðlungs gildi. Munurinn liggur í því að línuleiði samanburðarvalkostar D1 liggur mjög nærri athafnasvæðum bújarða, fer m.a. um ræktað land, bæjarhlað og á einum stað mjög nærri landbúnaðarbyggingum þannig að þær lenda innan helgunarsvæðis línunnar. Aftur á móti sveigir

línuleið valkostar Dh frá Laxárvatnslínu 1 og er almennt í nokkurri fjarlægð frá bæjarstæðum og helstu athafnasvæðum bújarða auk þess sem hún fer ekki um ræktað land.

Hvað varðar D3 og samanburðarvalkost D1 má greina mun á stöðu landbúnaðar á svæðinu og sama á við um stöðu ræktunarlands. Staða landbúnaðar og staða ræktunarlands er metið lágt til miðlungs á valkosti D3, en á samanburðarvalkosti D1 eru gildi fyrir þessa þætti metin miðlungs. Ástæða þess að mat er lægra á valkosti D3 er að bújarðir þar eru talsvert færri og bústærð að jafnaði nokkuð minni. Sama á við um ræktað land, það er heldur minna á valkosti D3, grænfóðurræktun er þar einnig í minna mæli og engin kornrækt. Fyrir þessa matsþætti er mat á samanburðarvalkosti D1 sambærilegt við mat á valkosti D í heild. Ekki er greinanlegur munur á mikilvægi og stöðu úthaga og beitarlands á þessum valkostum sem hefur miðlungs til hátt gildi á þeim báðum. Jafnframt er ekki hægt að greina mun á milli valkosta fyrir viðkvæmni og ástand sem metið er lágt til miðlungs gildi fyrir báða valkosti. Þetta er heldur lægra mat en fyrir valkost D í heild en línuleiðir beggja valkosta liggja að jafnaði í nokkurri fjarlægð frá helstu athafnasvæðum bújarða og ætti landbúnaður þar í flestum tilvikum að geta náð grunnástandi með viðeigandi mótvægisaðgerðum. Tafla 38 sýnir mat á grunnstöðu landbúnaðar á valkostum D.

Tafla 38. Mat á grunnstöðu landbúnaðar, valkostur D í heild og samanburðarsvæði

| **Svæði** | **Staða landbúnaðar á svæðinu** | | | | | **Staða ræktunarlands** | | | | | **Mikilvægi og staða úthaga og beitarlands** | | | | | **Viðkvæmni/ástand** | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Lágt | | Miðlungs | | Hátt | Lágt | | Miðlungs | | Hátt | Lágt | | Miðlungs | | Hátt | Lágt | | Miðlungs | | Hátt |
| **D heildar** | | | X | | | | | X | | | | | | X | | | | X | | |
| **D1 1.hluti** | | X | | | | | X | | | | | | | X | | | X | | | |
| **D1 2.hluti** | | | X | | | | | X | | | | | | X | | | | X | | |
| **D2** | | | X | | | | | X | | | | | | X | | | X | | | |
| **D1 3.hluti** | | | X | | | | | X | | | | | | X | | | | X | | |
| **D1 4.hluti** | | X | | | | | | X | | | | | | X | | | | | | X |
| **D1-h** | | X | | | | | | X | | | | | | X | | | X | | | |
| **D1 5.hluti** | | | | X | | | | | X | | | | | X | | | | X | | |
| **D1 6.hluti** | | | X | | | | | | X | | | | | X | | | X | | | |
| **D3** | | X | | | | | | X | | | | | | X | | | X | | | |
| **D1 7.hluti** | | | X | | | | | | X | | | | | X | | | X | | | |

# 5 Einkenni og grunnstaða landbúnaðar á valkostum A og B

Línuleiðir og áhrifasvæði valkosta A og B liggur nær alfarið um hálendi og heiðarlönd. Stærsti hluti línuleiða fer um afréttarhólf og sameignarlönd sem nýtt eru til sumarbeitar fyrir sauðfé og sumstaðar hross af bújörðum nærliggjandi sveita. Eignarlönd nokkurra bújarða eru báðum endum línuleiða allra valkosta en línuleiðir þó alltaf í talsverði fjarlægð frá bæjarstæðum og helstu athafnasvæðum bújarða. Áhrifasvæði allra valkosta nær til sömu bújarða með fáeinum undantekningum. Búskapur bújarða á áhrifasvæði einkennist af hrossa- og sauðfjárrækt og svipar nokkuð til einkenna búa á viðmiðunarsvæði hvað varða samsetningu og stærð.

Töflur 39 til 42 sýna stöðu landbúnaðar, umfang og einkenni búrekstrar á áhrifasvæði valkosta A1, A2, A3, B1 og B2.

Töflur 44 til 59 sýna stöðu landbúnaðar, umfang og einkenni búrekstrar á samanburðarsvæðum A1/A2, B1/B2, A1B1/A2B2 og A1B1/A3B3.

## 5.1 Staða og umfang landbúnaðar - Valkostir A1, A2, A3, B1 og B2, Holtavörðuheiði – Eiðsstaðir

**Umfang búrekstrar**

Tafla 39. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á valkosti A og B

| Heildarumfang búrekstrar á línuleið | A1 og A2 | A3 | B1 og B2 |
|---|---|---|---|
| Bújarðir sem eiga eignarlönd á línuleið | 13 | 11 | 13 |
| Bújarðir með landbúnaðarstarfsemi | 7 | 5 | 7 |
| Annað skilgreint land t.d. afréttarhólf | 15 | 17 | 16 |
| Þjóðlendur (hluti af öðru skilgr. landi) | 5 | 5 | 4 |
| Nautgripir | 77 | 0 | 77 |
| Sauðfé | 1.932 | 723 | 1.932 |
| Hross | 289 | 98 | 289 |
| Annað búfé – alifuglar | 0 | 0 | 0 |
| Ræktað land (ha.) | 282 | 152 | 282 |
| Heyjað innan bújarða (ha.) | 232 | 131 | 232 |
| Heyjað fyrir bújarðir (ha.) | 254 | 126 | 254 |
| Gras og grænfóðurræktun (ha.) | 29 | 7 | 29 |
| Korn (ha.) | 10 | 0 | 10 |
| Skógrækt (ha.) | 593 | 593 | 593 |

Tafla 40.Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á valkostum A og B

| Tegundir búrekstrar á línuleið | A1 og A2 | A3 | B1 og B2 |
|---|---|---|---|
| Nautgripir 1-40 | 0 | 0 | 0 |
| Nautgripir 41-80 | 1 | 0 | 1 |
| Nautgripir 81-120 | 0 | 0 | 0 |
| Nautgripir 120+ | 0 | 0 | 0 |
| | | | |
| Sauðfé 1-125 | 0 | 0 | 0 |
| Sauðfé 126-300 | 1 | 1 | 1 |
| Sauðfé 301-500 | 2 | 1 | 2 |
| Sauðfé 500+ | 1 | 0 | 1 |
| | | | |
| Hross 1-10 | 0 | 0 | 0 |
| Hross 11-25 | 3 | 3 | 3 |
| Hross 26-50 | 1 | 1 | 1 |
| Hross 50+ | 2 | 0 | 2 |
| | | | |
| Önnur búfjárrækt, óskilgreind | 0 | 0 | 0 |
| | | | |
| Garðrækt | 0 | 0 | 0 |
| Kornrækt | 1 | 0 | 1 |
| Skógrækt | 3 | 3 | 3 |
| Ekki skráð landbúnaðarstarfsemi, jörð e.t.v. nytjuð frá annarri bújörð. | 7 | 7 | 7 |

Tafla 41. Einkenni landbúnaðar á kafla A og B

| **Einkenni landbúnaðar á valkostum, A1, A2, A3, B1 og B2** | |
|---|---|
| Almennt | Valkostirnir liggja nær alveg um hálendi og fara þar um afréttarlönd á heiðum sem nýtt eru af bújörðum í aðliggjandi sveitum. Samkvæmt kortagrunni Grólindar eru þar skilgreind 15 aðgreind hólf af beitilandi. Valkostir A1, A2, B1, og B2 liggja um eignarlönd þrettán jarða (lögbýla) en A3 um eignarland ellefu jarða. Breytilegt er hve langt inni í landi jarðirnar eru sem línuleiðir fara um, sumar eru heiðajarðir en aðrar ná af láglendi og upp á heiðar þar sem línuleiðirnar liggja. Línuleiðirnar liggja í öllum tilvikum nema einu fjarri athafnasvæðum búrekstrar, ræktuðu landi og skógrækt og oftast mjög langt frá þeim. Undantekning frá þessu er ein bújörð með landbúnaðarstarfsemi á valkosti A3 þar sem línan liggur um skógræktarland. Einkenni búrekstrar á jörðum sem valkostir A1, A2, B1 og B2 fara um er hrossa- og sauðfjárrækt og jafnframt er nautgriparækt á einni bújörð. Á valkosti A3 byggir búfjárrækt á sauðfjár- og hrossarækt og eru búin þar meðalstór. Fyrir bú með búfjárhald á valkostum A1, A2, B1 og B2 fer saman stærð ræktaðs lands á jörðunum og stærð þess lands sem notað er til fóðuröflunar fyrir búpening. Á valkosti A3 er ræktað land bújarða heldur meira en það sem þarf til fóðuröflunar fyrir þau. Á öllum valkostunum nýtir hluti búa ræktað land utan valkosta til fóðuröflunar en að sama skapi nýta bú utan valkosta ræktað land jarða á valkostunum. Skógrækt er á þremur bújörðum og eru þær allar á öllum þessum valkostum. |
| Nautgripir | Nautgripir eru á einu búi, austast á valkostum A1, A2, B1 og B2 sem er meðalstórt. Engir nautgripir eru á bújörðum á valkosti A3. |
| Sauðfé | Stór hluti landsins sem valkostirnir fara um er nýttur af búum í aðliggjandi sveitum til upprekstrar sauðfjár til sumarbeitar. Á valkostum A1, A2, B1 og B2 eru fjögur bú með sauðfé, í öllum tilvikum sömu búin. Þrjú þessara búa eru yfir meðalstærð, þar af flokkast tvö „meðalstór til stór“ og eitt „stórt“. Fjórða búið flokkast „lítið til meðalstórt“. Tvö bú eru með sauðfé á valkosti A3 og eru þau líka á hinum valkostunum. Þessi bú eru „lítið til meðalstórt“ og „meðalstórt til stórt“. |
| Hross | Á valkostum A1, A2, B1 og B2 eru hross á fimm bújörðum með búrekstur, tvö þau bú eru „stór“, eitt „meðalstórt til stórt“ og þrjú „lítil til meðalstór“. Á valkosti A3 eru hross á fjórum búum, eitt er „meðalstórt til stórt“ og þrjú „lítil til meðalstór“. Hluti landsins sem valkostirnir fara um er nýttur til sumarbeitar fyrir hross af bújörðum í aðliggjandi sveitum. |
| Ræktað land | Fyrir bú með búfjárhald á valkostum A1, A2, B1 og B2 fer saman stærð ræktaðs lands á jörðunum og stærð þess lands sem notað er til fóðuröflunar fyrir búpening. Hluti búanna á jörðunum sækir þó fóðuröflun og nýtir land til ræktunar á jörðum utan valkostanna en að sama skapi og í líku umfangi nýta jarðir utan valkostanna ræktað land jarðar sem allir valkostir fara um. Á valkosti A3 er ræktað land bújarða heldur meira en það sem búin þurfa til eigin fóðuröflunar. Talsverður hluti ræktaða landsins er samt nýttur af jörðum utan valkostar og þurfa jarðir innan hans því að sækja hluta fóðuröflunar á nágrannajarðir utan valkostar. Grænfóðurrækt er á öllum valkostunum og á einni bújörð á valkostum A1, A2, B1 og B2 er stunduð kornrækt. |
| Skógrækt | Á þremur bújörðum eru samningsbundin skógræktarsvæði, þau sömu á öllum valkostum. |
| Annað | Á öllum valkostum eru afréttarhólf sem eru þjóðlendur, lönd í eigu sveitarfélaga eða í sameign og eru nýtt af bújörðum í aðliggjandi sveitum. |

Tafla 42. Lýsing og einkenni beitarhaga á valkostum A og B.

| Úthagar | A1 og A2 | A3 | B1 og B2 |
|---|---|---|---|
| Hlutfall línuleiðar í beitarlandi | 99% | 97% | 99% |
| Hlutfall vel gróinna úthaga á línuleið skv. mati af loftmyndum | 48% | 51% | 48% |
| Hlutfall minna gróinna úthaga á línuleið skv. mati af loftmyndum | 51% | 48% | 51% |
| Hlutfall ógróins lands á línuleið skv. mati af loftmyndum | 1% | 1% | 1% |
| Ástandsflokkar Grólindar | 2, 3, 4 og 5 | 2, 3, 4 og 5 | 3, 4 og 5 |
| Áberandi vistlendi sem styðja beitargildi samkvæmt vistgerðarkorti NÍ | Mólendi og votlendi | Mólendi og votlendi | Mólendi og votlendi |

**Texti um beitarhaga**

- Þessir valkostir línuleiðar liggja að stærstum hluta um afréttarlönd á hálendi og heiðum sem eru þjóðlendur, lönd í eigu sveitarfélaga eða í sameign. Þessi lönd eru nýtt til sumarbeitar fyrir sauðfé og á ákveðnum svæðum einnig fyrir hross. Valkostir liggja einnig um heimalönd sem nýtt eru til sumarbeitar fyrir búfé s.s. vestasti hluti allra valkosta og austasti hluti A1, A2, B1 og B2. Austasti hluti valkostar A3 liggur á einni jörð um skógræktarland sem friðað er fyrir beit.
- Samkvæmt mati af loftmyndum er beitarlandið nær allt gróið land. Um helmingur lands allra valkosta virðist vel gróið og ágætir beitarhagar en annars er beitargróður minni og rýrari.
- Samkvæmt vistgerðarkorti NÍ einkennist gróið land á öllum valkostum af mólendi og votlendi sem getur gefið ágætan beitargróður. Landið virðist heldur grónara á vestari hluta línuleiða en með rýni loftmynda er ekki hægt að greina mun með neinni vissu. Gera má ráð fyrir að á vestari hluta valkosta B1 og B2 séu betri beitarhagar en á A1 og A2 þar sem þeir liggja að hluta um svæði þar sem áður voru bújarðir og að jafnaði lægra yfir sjó. Um miðju og á austari hluta línuleiðar eru beitarhagar valkosta rýrari, er þar nokkuð af moslendi sem gefur litla beitaruppskeru. Á austasta hlutanum er landið aftur grónara og einkennist meira af mó- og votlendi þar sem vænta má meiri uppskeru og betra beitarlands.
- Línan liggur um beitarlönd í heimahögum bújarða sem nýtt eru til beitar allt árið.
- Samkvæmt ástandskorti Grólindar flokkast land á þessari leið að mestu í flokka 3, 4 og 5.

## 5.2 Samantekt og mat á grunnstöðu valkosta A og B í heild

Einkennum landbúnaðar á svæðinu er lýst í kafla „3 Einkenni og grunnstaða landbúnaðar á línuleiðum - Heildaryfirlit“ bls. 8-11 og í töflum 39 – 42. Ekki er hægt að greina mikinn mun á gildum matsþátta fyrir grunnstöðu landbúnaðar milli valkosta A1, A2, A3, B1 og B2 ef horft er á svæðið í heild. Einungis er þar hægt að greina mun milli valkosta á mikilvægi og ástandi úthaga og beitarlanda.

Staða landbúnaðar á bújörðum sem áhrifasvæði valkosta nær til hefur lágt til miðlungs gildi fyrir alla valkosti A og B í heild. Byggð á þessu svæði er dreifð en jafnframt er stærsti hluti línuleiða ofan byggðar, á heiðum og hálendi. Línuleiðir fara bæði um eignarlönd bújarða og sameignarlönd sem nýtt er af bújörðum í aðliggjandi sveitum. Bújarðir sem áhrifasvæði línuleiða nær til eru nokkuð landmiklar og einungis helmingur þeirra með skráðan búrekstur. Bú eru þó flest í meðallagi stór og skera þau sig ekki mikið frá bújörðum viðmiðunarsvæðis hvað umfang búrekstrar varðar.

Staða ræktunarlands á bújörðum sem áhrifasvæði valkosta nær til hefur lágt til miðlungsgildi. Mestur hluti línuleiða fer um sameignarlönd á heiðum og jarðir sem eru ekki eru í ábúð.  Á bújörðum í ábúð er ræktaða land nær allt nýtt til fóðuröflunar og grænfóðurræktar. Einnig er þar lítilsháttar kornrækt. Nokkur skógrækt er á bújörðum sem áhrifasvæði valkosta nær til.

Mikilvægi og staða úthaga og beitarlands hefur miðlungs gildi á valkostum A1, A2 og A3 og miðlungs til hátt gildi á valkostum B1 og B2. Allir valkostir liggja um svæði sem nýtt eru sem sumarhagar fyrir sauðfé og sumstaðar hross. Þetta er að stórum hluta afréttarhólf, bæði sameignarlönd eða þjóðlendur sem nýtt eru sem beitarlönd fyrir nærliggjandi sveitir. Einnig fara línuleiðir um eignarlönd nokkurra bújarða og er það í heldur meira mæli á valkostum B1 og B2. Liggja þeir valkostir nær byggð, þar er öflugri beitargróður og búast má við að þau svæði hafi lengri beitartíma.

Viðkvæmni og ástand landbúnaðar á  öllum valkostum hefur lágt gildi. Línuleiðir liggja alfarið fjarri bæjarstæðum, ræktuðu landi og helstu athafnarsvæðum bújarða. Á stuttum kafla liggja línuleiðir þó um skipulagt skógræktarsvæði. Mögulega geta línuvegir nýst til landbúnaðarstarfa s.s. í tengslum við smalamennsku. Landbúnaður ætti að ná grunnástandi í nær öllum tilvikum með viðeigandi mótvægisaðgerðum. Tafla 43 sýnir mat á grunnstöðu landbúnaðar á valkostum A1, A2, A3, B1 og B2 í heild.

Tafla 43. Mat á grunnstöðu landbúnaðar, valkostir A og B í heild

| **Svæði** | **Staða landbúnaðar á svæðinu** | | | | | **Staða ræktunarlands** | | | | | **Mikilvægi og staða úthaga og beitarlands** | | | | | **Viðkvæmni/ástand** | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Lágt | | Miðlungs | | Hátt | Lágt | | Miðlungs | | Hátt | Lágt | | Miðlungs | | Hátt | Lágt | | Miðlungs | | Hátt |
| **A1 og A2** | | X | | | | | X | | | | | | X | | | X | | | | |
| **B1 og B2** | | X | | | | | X | | | | | | | X | | X | | | | |
| **A3** | | X | | | | | X | | | | | | X | | | X | | | | |

## 5.3 Staða og umfang landbúnaðar – Samanburðarsvæði valkosta A2 og A1 – Víðidalstunguheiði og Aðalbólsheiði - Grímstunguheiði

### Umfang búrekstrar

Tafla 44. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á valkosti A2 og samanburðarvalkosti A1.

| Heildarumfang búrekstrar á línuleið | Fjöldi á A2 | Fjöldi á A1 |
|---|---|---|
| Bújarðir sem eiga eignarlönd á línuleið | 0 | 0 |
| Bújarðir í búrekstri | 0 | 0 |
| Annað skilgreint land t.d. afréttarhólf | 5 | 5 |
| Þjóðlendur (hluti af öðru skilgr. landi) | 2 | 2 |
| Nautgripir | 0 | 0 |
| Sauðfé | 0 | 0 |
| Hross | 0 | 0 |
| Annað búfé - alifuglar | 0 | 0 |
| Ræktað land (ha.) | 0 | 0 |
| Heyjað innan bújarða (ha.) | 0 | 0 |
| Heyjað fyrir bújarðir (ha.) | 0 | 0 |
| Gras og grænfóðurræktun (ha.) | 0 | 0 |
| Korn (ha.) | 0 | 0 |
| Skógrækt (ha.) | 0 | 0 |

Tafla 45. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á valkosti A2 og samanburðarvalkosti A1

| Tegundir búrekstrar á línuleið | Fjöldi á A2 | Fjöldi á A1 |
|---|---|---|
| Nautgripir 1-40 | 0 | 0 |
| Nautgripir 41-80 | 0 | 0 |
| Nautgripir 81-120 | 0 | 0 |
| Nautgripir 120+ | 0 | 0 |
| | | |
| Sauðfé 1-125 | 0 | 0 |
| Sauðfé 126-300 | 0 | 0 |
| Sauðfé 301-500 | 0 | 0 |
| Sauðfé 500+ | 0 | 0 |
| | | |
| Hross 1-10 | 0 | 0 |
| Hross 11-25 | 0 | 0 |
| Hross 26-50 | 0 | 0 |
| Hross 51+ | 0 | 0 |
| | | |
| Garðrækt | 0 | 0 |
| Kornrækt | 0 | 0 |
| Skógrækt | 0 | 0 |
| Ekki skráð landbúnaðarstarfsemi, jörð e.t.v. nytjuð frá annarri bújörð. | 0 | 0 |

Tafla 46. Einkenni landbúnaðar á áhrifasvæði valkostar A2 og samanburðarvalkostar A1.

| Einkenni landbúnaðar á áhrifasvæði valkostar A2 og samanburðarvalkostar A1 | |
|---|---|
| Almennt | Valkostirnir liggja um hálendi og fara þar um afréttarlönd sem nýtt eru af bújörðum í aðliggjandi sveitum. Samkvæmt kortagrunni Grólindar liggja báðir valkostir um 2 aðgreind hólf af beitilandi. Um er að ræða sömu hólf en línuleiðirnar ná ekki yfir eignarlönd. Línuleiðirnar liggja langt frá athafnasvæðum búrekstrar, ræktuðu landi og skógrækt. Undantekning frá því er gangnaskáli og hesthús sem honum tengist og er í tæplega 500 m fjarlægð frá fyrirhuguðu línustæði valkostar A2. Lengd línu á valkosti A2 er 2.890 m lengri en á A1. |
| Nautgripir | Á ekki við. |
| Sauðfé | Land sem valkostir fara um er nýtt af sauðfjárræktarbúum í héraði til sumarbeitar. |
| Hross | Á ekki við. |
| Ræktað land | Á ekki við. |
| Skógrækt | Á ekki við. |
| Annað | Á báðum valkostum eru afréttarhólf sem eru þjóðlendur, lönd í eigu sveitarfélaga eða í sameign og eru nýtt af bújörðum í aðliggjandi sveitum. |

Tafla 47. Lýsing og einkenni beitarhaga á áhrifasvæði valkostar A2 og samanburðarvalkostar A1.

| Beitarhagar á áhrifasvæði valkosta | | |
|---|---|---|
| | **A2** | **A1** |
| Hlutfall línuleiðar í beitarlandi | 100% | 100% |
| Vel grónir úthagar á línuleið skv. mati af loftmyndum | 11% | 27% |
| Minna grónir úthagar á línuleið skv. mati af loftmyndum | 88% | 71% |
| Ógróið land á línuleið skv. mati af loftmyndum | 1% | 2% |
| Ástandsflokkar Grólindar | 3 | 3 og 4 |
| Áberandi vistlendi sem styðja beitargildi samkvæmt vistgerðarkorti NÍ | Mólendi | Mólendi og votlendi |

**Texti um beitarhaga**

- Báðir valkostir þessa hluta línuleiðarinnar liggja eingöngu um afréttarlönd á hálendi og heiðum sem nýtt eru til sumarbeitar sauðfjár.
- Samkvæmt mati af loftmyndum er beitarland nær allt gróið en misvel gróið. Á valkosti A1 er um fjórðungur landsins vel gróinn en beitargróður annars minni og rýrari. Langmestur hluti A2 er minna gróið land.
- Samkvæmt vistgerðarkorti NÍ einkennist gróið land á báðum valkostum af moslendi þar sem beitargróður er uppskerulítill en einnig er þar nokkuð af mólendi sem getur gefið góða beitaruppskeru. Votlendi sem getur gefið góða beitaruppskeru er að finna á báðum valkostum en ekki í miklum mæli en þó er meira af því á leið A1.
- Samkvæmt ástandskorti Grólindar flokkast land á áhrifasvæði valkostar A2 nær allt í ástandsflokk 3. Á áhrifasvæði valkostar A1 flokkast land einnig að mestum hluta í ástandsflokk 3 en að öðru leyti í flokk 4. Ástand vistkerfa er samkvæmt því heldur betra og virkni heldur meiri á A1.

## 5.4 Staða og umfang landbúnaðar – Samanburðarsvæði valkosta B2 og B1, Grímstunguheiði - Auðkúluheiði

### Umfang búrekstrar

Tafla 48. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á valkosti B2 og á samanburðarvalkosti B1.

| Heildarumfang búrekstrar á línuleið | Fjöldi á B2 | Fjöldi á B1 |
|---|---|---|
| Bújarðir sem eiga eignarlönd á línuleið | 2 | 2 |
| Bújarðir í búrekstri | 2 | 2 |
| Annað skilgreint land t.d. afréttarhólf | 3 | 3 |
| Þjóðlendur (hluti af öðru skilgr. landi) | 1 | 1 |
| Nautgripir | 0 | 0 |
| Sauðfé | 0 | 0 |
| Hross | 39 | 39 |
| Annað búfé - alifuglar | 0 | 0 |
| Ræktað land (ha.) | 90 | 90 |
| Heyjað innan bújarða (ha.) | 71 | 71 |
| Heyjað fyrir bújarðir (ha.) | 54 | 54 |
| Gras og grænfóðurræktun (ha.) | 4 | 4 |
| Korn (ha.) | 0 | 0 |
| Skógrækt (ha.) | 62 | 62 |

Tafla 49. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á valkosti B2 og samanburðarvalkosti B1.

| Tegundir búrekstrar á línuleið | Fjöldi á B2 | Fjöldi á B1 |
|---|---|---|
| Nautgripir 1-40 | 0 | 0 |
| Nautgripir 41-80 | 0 | 0 |
| Nautgripir 81-120 | 0 | 0 |
| Nautgripir 120+ | 0 | 0 |
| | | |
| Sauðfé 1-125 | 0 | 0 |
| Sauðfé 126-300 | 0 | 0 |
| Sauðfé 301-500 | 0 | 0 |
| Sauðfé 500+ | 0 | 0 |
| | | |
| Hross 1-10 | 0 | 0 |
| Hross 11-25 | 0 | 0 |
| Hross 26-50 | 1 | 1 |
| Hross 51+ | 0 | 0 |
| | | |
| Garðrækt | 0 | 0 |
| Kornrækt | 0 | 0 |
| Skógrækt | 2 | 2 |
| Ekki skráð landbúnaðarstarfsemi, jörð e.t.v. nytjuð frá annarri bújörð. | 0 | 0 |

Tafla 50. Einkenni landbúnaðar á áhrifasvæði valkostar B2 og samanburðarvalkostar B1.

| Einkenni landbúnaðar á áhrifasvæði valkosta B2 og samanburðarvalkostar B1 | |
|---|---|
| Almennt | Valkostirnir liggja um hálendi og fara þar um afréttarlönd á tveimur heiðum og eignarlönd tveggja jarða. Samkvæmt kortagrunni Grólindar eru á valkosti B1 skilgreind 4 aðgreind hólf beitilands en 3 á B2. Báðir fara valkostirnir um eignarland sömu jarða. Jarðirnar sem línuleiðirnar liggja um eru landmiklar og ná af láglendi og upp á heiðar þar sem línuleiðirnar liggja. Línuleiðirnar liggja því langt frá athafnasvæðum búrekstrar, ræktuðu landi jarðanna og skógrækt sem stunduð er á þeim báðum. Á viðmiðunarári var ræktað land jarðanna að fjórum fimmtu hlutum nýtt til fóðuröflunar. Talsverður meirihluti þess var nýtt af jörðum utan valkosta en jafnframt sótti jörð á valkostum meirihluta af sinni heyöflun á nágrannajarðir utan valkostanna. Lengd línu á valkosti B2 er 1.380 m lengri en á B1. Hins vegar er lengd línuleiðar yfir eignarlönd 780 m lengri á B1 en B2. |
| Nautgripir | Á ekki við. |
| Sauðfé | Sauðfjárrækt er ekki stunduð á bújörðum innan valkosta en allt land sem valkostir fara um er nýtt af sauðfjárræktarbúum í héraði til sumarbeitar. |
| Hross | Á báðum valkostum er sama hrossabúið sem telst vera „meðalstórt til stórt“. |
| Ræktað land | Sama á við um báða valkosti. Ræktað land jarðanna er heldur meira en þarfir þeirra til fóðuröflunar kalla á og er það að talsverðum hluta nýtt af jörðum utan valkosta. |
| Skógrækt | Skógrækt er stunduð á sömu tveimur bújörðunum á þessum valkostum. |
| Annað | Á báðum valkostum eru afréttarhólf sem eru þjóðlendur, lönd í eigu sveitarfélaga eða í sameign og eru nýtt af bújörðum í aðliggjandi sveitum. |

Tafla 51. Lýsing og einkenni beitarhaga á áhrifasvæði valkostar B2 og samanburðarvalkostar B1.

| **Beitarhagar á áhrifasvæði valkosta** | | |
|---|---|---|
| | **B2** | **B1** |
| Hlutfall línuleiðar í beitarlandi | 99% | 100% |
| Vel grónir úthagar á línuleið skv. mati af loftmyndum | 27% | 7% |
| Minna grónir úthagar á línuleið skv. mati af loftmyndum | 72% | 93% |
| Ógróið land á línuleið skv. mati af loftmyndum | 1% | 0% |
| Ástandsflokkar Grólindar | 3 og 4 | 3 og 4 |
| Áberandi vistlendi sem styðja beitargildi samkvæmt vistgerðarkorti NÍ | Mólendi og votlendi | Mólendi og votlendi |
| **Texti um beitarhaga** | | |

- Báðir valkostir þessa hluta línuleiðarinnar liggja eingöngu um afréttarlönd og eignarlönd á heiðum sem nýtt eru til sumarbeitar sauðfjár og mögulega að hluta fyrir hross.
- Samkvæmt loftmyndum er beitarland nær allt gróið en misvel gróið. Á valkosti B2 er um fjórðungur landsins vel gróið land en annað minna gróið en langmestur hluti B1a er minna gróið land.
- Samkvæmt vistgerðarkorti NÍ skiptist gróið land að töluverðum hluta í land sem einkennist af votlendi og mólendi sem getur gefið góða beitaruppskeru en einnig er talsvert af moslendi þar sem beitargróður er uppskerulítill.
- Samkvæmt ástandskorti Grólindar flokkast land á áhrifasvæði valkostar B2 að miklu leyti í ástandsflokk 4 en annars í flokk 3. Á áhrifasvæði valkostar B1 er ástand og virkni lands heldur lakara og flokkast land þar nokkuð að jöfnu í flokka 3 og 4.

## 5.5 Staða og umfang landbúnaðar – Samanburðarsvæði valkosta A2B2 og A1B1, Víðidalstunguheiði og Aðalbólsheiði - Auðkúluheiði

**Umfang búrekstrar**

Tafla 52. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á áhrifasvæði valkostar A2B2 og samanburðarvalkostar A1B1.

| Heildarumfang búrekstrar á línuleið | Fjöldi á A2B2 | Fjöldi á A1B1 |
|---|---|---|
| Bújarðir sem eiga eignarlönd á línuleið | 2 | 2 |
| Bújarðir í búrekstri | 2 | 2 |
| Annað skilgreint land t.d. afréttarhólf | 6 | 6 |
| Þjóðlendur (hluti af öðru skilgr. landi) | 3 | 3 |
| Nautgripir | 0 | 0 |
| Sauðfé | 0 | 0 |
| Hross | 39 | 39 |
| Annað búfé - alifuglar | 0 | 0 |
| Ræktað land (ha.) | 90 | 90 |
| Heyjað innan bújarða (ha.) | 71 | 71 |
| Heyjað fyrir bújarðir (ha.) | 54 | 54 |
| Gras og grænfóðurræktun (ha.) | 4 | 4 |
| Korn (ha.) | 0 | 0 |
| Skógrækt (ha.) | 62 | 62 |

Tafla 53. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á valkosti A2B2 og samanburðarvalkosti A1B1.

| Tegundir búrekstrar á línuleið | Fjöldi á A2B2 | Fjöldi á A1B1 |
|---|---|---|
| Nautgripir 1-40 | 0 | 0 |
| Nautgripir 41-80 | 0 | 0 |
| Nautgripir 81-120 | 0 | 0 |
| Nautgripir 120+ | 0 | 0 |
| | | |
| Sauðfé 1-125 | 0 | 0 |
| Sauðfé 126-300 | 0 | 0 |
| Sauðfé 301-500 | 0 | 0 |
| Sauðfé 500+ | 0 | 0 |
| | | |
| Hross 1-10 | 0 | 0 |
| Hross 11-25 | 0 | 0 |
| Hross 26-50 | 1 | 1 |
| Hross 51+ | 0 | 0 |
| | | |
| Garðrækt | 0 | 0 |
| Kornrækt | 0 | 0 |
| Skógrækt | 2 | 2 |
| Ekki skráð landbúnaðarstarfsemi, jörð e.t.v. nytjuð frá annarri bújörð. | 0 | 0 |

Tafla 54. Einkenni landbúnaðar á áhrifasvæði valkostar A2B2 og samanburðarvalkostar A1B1.

| **Einkenni landbúnaðar á áhrifasvæði valkostar A2B2 og samanburðarvalkostar A1B1** | |
|---|---|
| Almennt | Valkostirnir liggja um hálendi og fara þar um afréttarlönd sem nýtt eru af bújörðum í aðliggjandi sveitum. Samkvæmt kortagrunni Grólindar eru þar skilgreind 4 aðgreind hólf beitilands. Valkostirnir liggja einnig báðir um eignarlönd tveggja jarða. Jarðirnar sem línuleiðirnar liggja um eru landmiklar og ná af láglendi og upp á heiðar þar sem línuleiðirnar liggja. Línuleiðirnar liggja því langt frá athafnasvæðum búrekstrar, ræktuðu landi jarðanna og skógrækt sem stunduð er á þeim báðum. Á viðmiðunarári var ræktað land jarðanna að fjórum fimmtu hlutum nýtt til fóðuröflunar. Talsverður meirihluti þess var nýttur af jörðum utan valkostanna en jafnframt sótti jörð á valkostunum meirihluta af sinni heyöflun á nágrannajarðir utan valkostanna. Lengd línu á valkosti A2B2 er 4.270 m lengri en á A1B1. Hins vegar er lengd línuleiðar yfir eignarlönd 780 m lengri á A1B1 en A2B2. |
| Nautgripir | Á ekki við. |
| Sauðfé | Sauðfjárrækt er ekki stunduð á bújörðum innan valkosta en allt land sem valkostir fara um er nýtt af sauðfjárræktarbúum í héraði til sumarbeitar. |
| Hross | Á báðum valkostum er sama hrossabúið sem telst vera „meðalstórt til stórt“. |
| Ræktað land | Sama á við um báða valkosti. Ræktað land jarðanna er heldur meira en þarfir þeirra til fóðuröflunar kalla á og það er að talsverðum hluta nýtt af jörðum utan valkosta. |
| Skógrækt | Skógrækt er stunduð á sömu tveimur bújörðunum á þessum valkostum. |
| Annað | Á báðum valkostum eru afréttarhólf sem eru þjóðlendur, lönd í eigu sveitarfélaga eða í sameign og eru nýtt af bújörðum í aðliggjandi sveitum. |

Tafla 55. Lýsing og einkenni beitarhaga á áhrifasvæði valkostar A2B2 og samanburðarvalkostar A2B2.

| **Beitarhagar á áhrifasvæði valkosta** | | |
|---|---|---|
| | **A2B2** | **A1B1** |
| Hlutfall línuleiðar í beitarlandi | 99% | 99% |
| Vel grónir úthagar á línuleið skv. mati af loftmyndum | 16% | 21% |
| Minna grónir úthagar á línuleið skv. mati af loftmyndum | 83% | 78% |
| Ógróið land á línuleið skv. mati af loftmyndum | 1% | 1% |
| Ástandsflokkar Grólindar | 3 og 4 | 3 og 4 |
| Áberandi vistlendi sem styðja beitargildi samkvæmt vistgerðarkorti NÍ | Mólendi, moslendi og votlendi | Mólendi, moslendi og votlendi |
| **Texti um beitarhaga** | | |
| • Báðir valkostir þessa hluta línuleiðarinnar liggja eingöngu um afréttarlönd á hálendi og heiðum sem nýtt eru til sumarbeitar sauðfjár.<br>• Samkvæmt mati á loftmyndum er beitarland nær allt gróið en misvel gróið. Á valkosti A1B1 er um fimmtungur landsins vel gróinn en beitargróður annars minni og rýrari. Á valkosti A2B2 er land heldur minna gróið og þar virðist beitaruppskera heldur rýrari nema á norðausturhluta leiðarinnar.<br>• Samkvæmt vistgerðarkorti NÍ einkennist gróið land á báðum valkostum af moslendi þar sem beitargróður er uppskerulítill, einnig er þar nokkuð af mólendi sem getur gefið góða beitaruppskeru og á báðum valkostum eru svæði sem einkennast af votlendi þar sem vænta má að beitaruppskera sé góð. Votlendishluti A2B2 er að mestu bundinn við norðausturhluta línuleiðarinnar en votlendi dreifist jafnar á A1B1.<br>• Samkvæmt ástandskorti Grólindar flokkast land á áhrifasvæði beggja valkosta mest undir ástandsflokk 3 en að öðru leyti í flokk 4. Heilt yfir er lítill munur á milli þessara valkosta á ástandi og virkni vistkerfa en það er misjafnt eftir svæðum. Sunnan til er virkni lands meiri á A1B1 en norðan til meiri á A2B2. | | |

## 5.6 Staða og umfang landbúnaðar – Samanburðarsvæði valkosta A3B3 og A1B1, Þórormstunga - Eiðsstaðir

### Umfang búrekstrar

Tafla 56. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á áhrifasvæði valkostar A3B3 og samanburðarvalkostar A1B1.

| Heildarumfang búrekstrar á línuleið | Fjöldi á A3B3 | Fjöldi á A1B1 |
|---|---|---|
| Bújarðir sem eiga eignarlönd á línuleið | 2 | 4 |
| Bújarðir í búrekstri | 2 | 4 |
| Annað skilgreint land t.d. afréttarhólf | 3 | 4 |
| Þjóðlendur (hluti af öðru skilgr. landi) | 1 | 1 |
| Nautgripir | 0 | 77 |
| Sauðfé | 268 | 1.477 |
| Hross | 18 | 209 |
| Annað búfé - alifuglar | 0 | 0 |
| Ræktað land (ha.) | 79 | 210 |
| Heyjað innan bújarða (ha.) | 73 | 173 |
| Heyjað fyrir bújarðir (ha.) | 30 | 159 |
| Gras og grænfóðurræktun (ha.) | 0 | 22 |
| Korn (ha.) | 0 | 10 |
| Skógrækt (ha.) | 568 | 568 |

Tafla 57. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á valkosti A3B3 og samanburðarvalkosti A1B1.

| Tegundir búrekstrar á línuleið | Fjöldi á A3B3 | Fjöldi á A1B1 |
|---|---|---|
| Nautgripir 1-40 | 0 | 0 |
| Nautgripir 41-80 | 0 | 1 |
| Nautgripir 81-120 | 0 | 0 |
| Nautgripir 120+ | 0 | 0 |
| | | |
| Sauðfé 1-125 | 0 | 0 |
| Sauðfé 126-300 | 1 | 1 |
| Sauðfé 301-500 | 0 | 1 |
| Sauðfé 500+ | 0 | 1 |
| | | |
| Hross 1-10 | 0 | 0 |
| Hross 11-25 | 1 | 1 |
| Hross 26-50 | 0 | 0 |
| Hross 51+ | 0 | 2 |
| | | |
| Garðrækt | 0 | 0 |
| Kornrækt | 0 | 1 |
| Skógrækt | 2 | 2 |
| Ekki skráð landbúnaðarstarfsemi, jörð e.t.v. nytjuð frá annarri bújörð. | 0 | 0 |

Tafla 58. Einkenni landbúnaðar á valkosti A3B3 og samanburðarvalkosti A1B1.

| Einkenni landbúnaðar á áhrifasvæði valkostar A3B3 og samanburðarvalkostar A1B1 | |
|---|---|
| Almennt | Valkostirnir liggja bæði um eignarlönd sem eru nýtt af viðkomandi jörðum og afréttarlönd sem nýtt eru af bújörðum í aðliggjandi sveitum. A1B1 liggur um eignarlönd fjögurra jarða en A3B3 um eignarlönd  tveggja. Samkvæmt kortagrunni Grólindar eru á A3B3 skilgreind 4 aðgreind hólf af beitilandi en á valkosti A1B1 eru þau 6. Allar jarðirnar sem línuleiðirnar fara um, nema ein ná af láglendi og upp á heiðar þar sem línuleiðirnar liggja. Línuleiðirnar liggja því fjarri athafnasvæðum búrekstrar, ræktuðu landi og skógrækt. Ein jörð er þó undantekning frá þessu, en þar liggur valkostur A3B3 um skógræktarland. Einkenni búrekstrar á A1B1 er hrossa- og sauðfjárrækt en á A3B3 er aðeins eitt bú skráð með búfjárrækt, á því eru sauðfé og hross og er búið undir meðalstærð. Á báðum valkostunum er á  viðmiðunarári allt ræktað land á bújörðum, þar sem haldið er búfé, nýtt til fóðuröflunar fyrir eigin bústofn en einnig er fóðurs í nokkrum mæli aflað á jörðum utan valkosta. Ræktað land á bújörð þar sem ekki er haldið búfé nýta jarðir utan valkosta. Skógrækt er á tveimur bújörðum og eru þær sömu á báðum valkostum. Lengd línu á valkosti A1B1 er 410 m lengri en á A3B3. Yfir eignarlönd er línuleið A1B1 1.260 m lengri en A3B3. |
| Nautgripir | Nautgripir eru á einu búi á valkosti A1B1 og er það rétt um meðalstærð. Engir nautgripir eru á bújörðum á A3B3. |
| Sauðfé | Sauðfjárrækt er á báðum valkostum en hún er mun meiri á A1B1, bæði fleiri bú og stærri. Þar eru þrjú bú með sauðfé, tvö þeirra eru yfir meðalstærð, þar af annað „stórt“. Eitt bú „lítið til meðalstórt“ er þar að auki, það er á báðum valkostum og hið eina á A3B3. Einnig er stór hluti þess lands sem valkostir fara um nýtt af búum í héraði til upprekstrar sauðfjár til sumarbeitar. |
| Hross | Á valkosti A1B1 eru þrjár bújarðir með hross, á tveimur þeirra eru búin „stór“ og á einni er búið rétt undir meðalstærð, það bú er á báðum valkostum og eina hrossaræktarbúið á valkosti A3B3. Hluti lands á línuleiðum valkosta er jafnframt nýtt til sumarbeitar fyrir hross. |
| Ræktað land | Ræktað land bújarða á báðum valkostum er að fullu nýtt. Á viðmiðunarári nýta bú á áhrifasvæði beggja valkosta, þar sem haldið er búfé, allt ræktað land innan sinna bújarða til fóðuröflunar. Kornrækt er stunduð af bújörð á valkosti A1B1 á jörðum sem eru fyrir utan áhrifasvæði valkostanna. Einnig stunda bændur á jörðum utan valkosta kornrækt og heyöflun á einni bújörð sem er innan beggja valkosta. Bændur á tveim bújörðum á valkosti A1B1 sækja viðbótarheyskap á jarðir utan valkosta og er önnur þeirra líka innan valkostar A3B3. Á báðum valkostum er á einni jörð, þar sem ekki er stunduð búfjárrækt, allt ræktað land nýtt af bújörðum utan áhrifasvæðis línuleiða. |
| Skógrækt | Skógrækt er stunduð á sömu tveimur bújörðunum á þessum valkostum og í talsvert miklum mæli á annarri þeirra. |
| Annað | Á báðum valkostum eru afréttarhólf sem eru ekki skilgreind sem eignarlönd einnar eða fleiri bújarða en eru nýtt af bújörðum í nærliggjandi héraði. |

Tafla 59. Lýsing og einkenni beitarhaga á áhrifasvæði valkostar A3B3 og samanburðarvalkostar A1B1.

| Beitarhagar á áhrifasvæði valkosta | A3B3 | A1B1 |
|---|---|---|
| Hlutfall línuleiðar í beitarlandi | 84% | 96% |
| Vel grónir úthagar á línuleið skv. mati af loftmyndum | 56% | 39% |
| Minna grónir úthagar á línuleið skv. mati af loftmyndum | 44% | 61% |
| Ógróið land á línuleið skv. mati af loftmyndum | 0% | 0% |
| Ástandsflokkar Grólindar | 3 og 4 | 3 og 4 |
| Áberandi vistlendi sem styðja beitargildi samkvæmt vistgerðarkorti NÍ | Mólendi og votlendi | Mólendi og votlendi |

**Texti um beitarhaga**

- Báðir valkostir þessa hluta línuleiðarinnar liggja að stærstum hluta um afréttarlönd á hálendi og heiðum sem nýtt eru til sumarbeitar sauðfjár. Hluti lands á línuleiðum valkosta er jafnframt nýttur til sumarbeitar fyrir hross. Hluti línuleiðar valkostar A1B1 liggur um heimalönd sem nýtt eru til sumarbeitar fyrir búfé.
- Samkvæmt mati á loftmyndum er beitarland nær allt gróið. Um helmingur lands beggja valkosta virðist vel gróinn og ágætir beitarhagar en annars er beitargróður minni og rýrari. Heldur meiri beitaruppskeru má vænta á valkosti A3B3 en A1B1.
- Samkvæmt vistgerðarkorti NÍ einkennist gróið land á báðum valkostum af mólendi og votlendi sem getur gefið ágætan beitargróður og uppskeru en einnig er þar nokkuð af moslendi sem gefur litla beitaruppskeru.
- Samkvæmt ástandskorti Grólindar fellur land á áhrifasvæði beggja valkosta að langmestum hluta í flokk 4.

## 5.7 Samantekt og mat á grunnstöðu samanburðarsvæða valkosta A1/A2, B1/B2, A1B1/A2B2 og A1B1/A3B3

Við gerð mats á grunnstöðu landbúnaðará valkostum A og B er gert ráð fyrir mismunnandi útfærslum á samsetningur valkosta. Á fjórum svæðum eru bornir saman tveir valkostir mögulegra línuleiða. Þar er um að ræða samanburð á valkostum A2 við samanburðarkafla A1, B2 við samanburðarkafla B1, A2B2 við samanburðarkafla A1B1 og A3B3 við samaburðarkafla A1B1. Skýringar á mati fyrir grunnástand og stöðu landbúnaðar er sambærilegt við heildarlýsingu á valkostum A og B nema annars sé getið.

Ekki er hægt að greina mun á gildum matsþátta milli valkosta A1 og A2 fyrir grunnstöðu landbúnaðar á samanburðarsvæði. Staða landbúnaðar þar hefur lágt til miðlungs gildi. Svæðið liggur um þjóðlendur og sameignarlönd og fjarri byggð en hefur þó vægi fyrir búskap nærliggjandi sveita vegna sumarbeitar sauðfjár. Staða ræktunar á þessu svæði hefur lágt gildi, túnrækt er ekki möguleg og landið hentar ekki til skógræktar. Mikilvægi og staða úthaga og beitarlanda hefur miðlungs gildi. Landið hentar ágætlega til sumarbeitar fyrir sauðfé og er þannig mikilvæg auðlind fyrir bújarðir sem þar hafa afnotarétt. Viðkvæmni og ástand lands á samanburðarsvæði hefur lágt gildi, landið ætti að ná grunnástandi með viðeigandi mótvægisaðgerðum.

Ekki hægt að greina mun á gildum matsþátta milli valkosta B1 og B2 fyrir grunnstöðu landbúnaðar á samanburðarsvæði. Staða landbúnaðar þar hefur lágt til miðlungs gildi. Svæðið liggur um eignarlönd tveggja bújarða, þjóðlendu og sameignarlönd. Báðar þessa bújarða eru með skráðan búrekstur en jafnframt hefur svæðið vægi fyrir búskap nærliggjandi sveita vegna sumarbeitar sauðfjár. Staða ræktunar á þessu svæði hefur lágt til miðlungs gildi, land á áhrifasvæði línunnar hentar ekki til túnræktar en á bújörðum sem það nær til er skógrækt og ræktað land þar nýtt að mestu leiti. Mikilvægi og staða úthaga og beitarlanda hefur miðlungs gildi. Búskapur bújarðar á svæðinu byggir á notkun úthaga og beitarlanda sem eru þokkalega gróin og henta ágætlega til sumarbeitar fyrir sauðfé og hross. Afréttarhólf á svæðinu eru einnig mikilvæg auðlind fyrir bújarðir sem þar hafa afnotarétt. Viðkvæmni og ástand lands á samanburðarsvæði hefur lágt gildi, landið ætti að ná grunnástandi með viðeigandi mótvægisaðgerðum.

Ekki hægt að greina mun á gildum matsþátta milli valkosta A1B1 og A2B2 fyrir grunnstöðu landbúnaðar á samanburðarsvæði. Sama lýsing gildir fyrir þetta svæði og samanburðarsvæði A1/A2 og B1/B2 þar sem samanburðurinn nær yfir þau svæði samsett. Þar eru eignarlönd tveggja bújarða, þjóðlendur og sameignarlönd. Staða landbúnaðar hefur lágt til miðlungs gildi sbr. A1/A2 og B1/B2. Staða ræktunar á þessu svæði hefur lágt til miðlungs gildi, þar er skógrækt og ræktað land bújarða nýtt að mestu leiti, sbr. B1/B2. Mikilvægi og staða úthaga og beitarlanda hefur miðlungs gildi og viðkvæmni og ástand lands á samanburðarsvæði hefur lágt gildi sbr. A1/A2 og B1/B2.

Greina má mun á gildum matsþátta á milli valkosta A1B1 og A3B3 fyrir grunnstöðu landbúnaðar á samanburðarsvæði. Staða landbúnaðar hefur gott miðlungs gildi á valkosti A1B1 en lágt til miðlungs gildi á valkosti A3B3. Línuleið valkostar A1B1 liggur um eignarlönd á fjórum landmiklum bújörðum en einnig um sameignarlönd og þjóðlendu sem nýtt eru til sumarbeitar sauðfjár af bújörðum nærliggjandi sveita. Allar bújarðir á valkostinum eru í ábúð og með skráðan búrekstur, búfjárrækt er á þremur yfir meðalstærð að umfangi og skógrækt á þeirri fjórðu. Á valkosti A3B3 liggur línuleið um eignarlönd tveggja bújarða, sameignarlönd og þjóðlendu. Báðar jarðirnar sem línuleið valkostarins liggur um eru í ábúð og búrekstur á þeim báðum. Umfang búrekstrar á þeim er þó hlutfallslega minna en á A1B1 og er það m.a. ástæðan fyrir lægra mati. Fyrir stöðu ræktunarlands er munur á milli valkosta. Þar er valkostur A1B1 metin í miðlungs gildi en valkostur A3B3 í lágt til miðlungs gildi. Nær allt ræktað land bújarða á báðum valkostum er nýtt til fóðuröflunar og eins er þar talsverð skógrækt er tveimur bújörðum, þeim sömu á báðum valkostum. Munur milli valkosta liggur í því að stærð ræktaðs lands er talsvert meiri á

valkosti A1B1 en þar að auki er þar talsverð grænfóðurrækt og nokkur kornrækt. Mikilvægi og staða úthaga og beitarlanda hefur miðlungs gildi á valkosti A3B3 en miðlungs til hátt gildi á valkosti A1B1. Munur milli valkosta liggur í að valkostur A1B1 er nær byggð, liggur meira um eignarlönd og heimalönd þar sem gera má ráð fyrir öflugri beitargróðri og notkun yfir lengri árstíma. Á báðum valkostum er búskapur sem byggir notkun úthaga. Sameignarlönd og afréttarhólf henta ágætlega til sumarbeitar fyrir sauðfé og hross og eru mikilvæg auðlind fyrir bújarðir sem þar hafa afnotarétt. Viðkvæmni og ástand lands á samanburðarsvæði hefur lágt gildi fyrir báða valkosti. Línuleiðir liggja alfarið fjarri bæjarstæðum, ræktuðu landi og helstu athafnarsvæðum bújarða. Línuvegi má jafnvel nýta til landbúnaðarstarfa s.s. í tengslum við smalamennsku. Á einni bújörð, þeirri sömu á báðum valkostum, liggja línuleiðir um skipulegt skógræktarsvæði og er sá kafli lengri á valkosti A3B3 en á valkosti A1B1. Þar er þó ekki verið fullplantað. Á báðum valkostum ætti að vera hægt að ná grunnástandi m.t.t. landbúnaðar með viðeigandi mótvægisaðgerðum. Tafla 60 sýnir mat á grunnstöðu landbúnaðar á samanburðarsvæðum valkosta A og B.

Tafla 60. Mat á grunnstöðu landbúnaðar á samanburðarsvæðum valkosta A og B

| Svæði | Staða landbúnaðar á svæðinu | | | | | Staða ræktunarlands | | | | | Mikilvægi og staða úthaga og beitarlands | | | | | Viðkvæmni/ástand | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Lágt | | Miðlungs | | Hátt | Lágt | | Miðlungs | | Hátt | Lágt | | Miðlungs | | Hátt | Lágt | | Miðlungs | | Hátt |
| **A1** | | X | | | | X | | | | | | | X | | | X | | | | |
| **A2** | | X | | | | X | | | | | | | X | | | X | | | | |
| **B1** | | X | | | | | X | | | | | | X | | | X | | | | |
| **B2** | | X | | | | | X | | | | | | X | | | X | | | | |
| **A1B1** | | X | | | | | X | | | | | | X | | | X | | | | |
| **A2B2** | | X | | | | | X | | | | | | X | | | X | | | | |
| **A1B1** | | | X | | | | | X | | | | | | X | | X | | | | |
| **A3B3** | | X | | | | | X | | | | | | X | | | X | | | | |

# 6 Áhrif á framkvæmdatíma og rekstrartíma

Mat á umfangi framkvæmda og áhrifum á landbúnað og skógrækt miðast við það rask sem verður á framkvæmdatíma og er metið út frá stærð eða fjölda þeirra mannvirkja sem gert er ráð fyrir að þurfi að byggja fyrir rekstur og viðhald línunnar. Metin eru áhrif allra aðalvalkosta og bornir eru saman valkostir innan þeirra, sem ná yfir minna svæði. Við gerð matsins er horft til nálægðar línuleiða við bæjarhlöð og önnur mikilvæg athafnasvæði vegna landbúnaðar s.s. útihús, geymslusvæði, fjárréttir o.fl. Þar er horft til umfangs mannvirkja, rasks á framkvæmdatíma og truflunar á bústörfum vegna umferðar vegna framkvæmda og flutninga. Þá er einnig metið hversu mikil áhrif framkvæmdir og mannvirki hafa á ræktunarland og tekið mið af hve mikið ræktunarland verður fyrir beinu raski vegna framkvæmda og mannvirkja og hve mikið af því lendir innan helgunarsvæðis línunnar. Á sama hátt eru metin  áhrif framkvæmda og mannvirkja á beitarlönd og úthaga.

Til mannvirkja teljast möstur sem bera línuna uppi, vegir sem leggja þarf vegna aðkomu að línuleiðum og umferðar meðfram henni. Skoðað er í hverju tilviki hve mörg möstur á að reisa og gerður greinarmunur á umfangi þeirra. Þau eru talin og þeim skipt niður eftir umfangi, t.d. ef um er að ræða horn og endamöstur en búast má við að uppsetning þeirra valdi meira raski en við önnur möstur. Gert er ráð fyrir að vegir verði varanlegir og nýttir til viðhalds línunnar á rekstrartíma en á framkvæmdatíma nýtast þeir m.a. fyrir flutninga á efni. Í einhverjum tilfellum kunna vegir að nýtast vegna landbúnaðar og jafnframt er er skoðað hvort umferð um þessa vegi geti haft truflandi áhrif á bústörf, s.s. þegar rjúfa þarf girðingar milli afgirtra hólfa á framkvæmdatíma. Umfang vega er metið og þeir flokkaðir eftir hvernig land þeir liggja um og er því skipt í ræktað land, skógræktarland, gróið beitarland og minna gróna úthaga.

Umhverfis háspennulínur er afmarkað ákveðið helgunarsvæði. Matið tekur mið af helgunarsvæðum sem samkvæmt útgefnum upplýsingum frá Landsneti eru 65 – 85 m belti á línuleið fyrir 220 kV línu.

Viðmið fyrir helgunarsvæði í þessari skýrslu eru:

- Þar sem línan og/eða valkostirnir liggja samhliða núverandi 132 kV línu er miðað við að heildar helgunarsvæði beggja lína sé 100 – 130 m. Fjarlægð milli nýrrar línu og eldri virðist að jafnaði vera um 50 m og skörun er á helgunarsvæði núverandi línu og helgunarsvæði nýrrar línu. Breidd helgunarsvæðis er nýrrar línu er þ.a.l. áætluð viðbót og er í þessu mati þar miðað við 65 m.
- Þar sem línuleiðir valkosta liggja fjarri eldri línu er að jafnaði miðað við að helgunarsvæði nýju línunnar sé 85 m.

Í viðauka 2 eru 12 skýringamyndir fyrir valkost D og í viðauka 3 eru 11 skýringamyndir fyrir valkosti A og B. Á myndunum eru dregnir upp kaflar línuleiða ásamt táknum sem sýna umfang og einkenni búrekstrar.

## 6.1 Samanburður á umfangi og áhrifum framkvæmda milli valkosta A, B og D á framkvæmda- og rekstrartíma

Tafla 61 sýnir samanburð, á umfangi framkvæmda á framkvæmda- og rekstrartíma, milli valkosta A, B og D og breytileika innan hvers þeirra. Allir liggja þessir valkostir frá Holtavörðuheiði að Blönduvirkjun og á þeim öllum eru tveir eða fleiri valkostir yfir skemmri kafla. Fyrir hvern slíkan kafla var gerður samanburður sem gerð er grein fyrir aftar í skýrslunni. Í töflum yfir matsþætti er talið upp magn, stærðir og umfang mannvirkja auk annarra þátta sem hafa áhrif á landbúnaðarstarfsemi á framkvæmda- og rekstrartíma. Magntölur og stærðir í töflunni standa fyrir lægsta og hæsta gildi hvers tiltekins matsþáttar og stafar breytileikinn innan hvers valkosts af því að fleiri en einn valkostur er um hverja leið. Þær tölur endurspeglast í þeim texta sem á eftir kemur.

Tafla 61. Umfang framkvæmda sem gætu haft áhrif á landbúnað á kafla A á línuleiðinni.

| Matsþættir á umfangi framkvæmda | Breytileiki á valkosti A miðað við mögulega samsetningu valkosta | Breytileiki á valkosti B miðað við mögulega samsetningu valkosta | Breytileiki á valkosti D miðað við mögulega samsetningu valkosta |
|---|---|---|---|
| Minnsta fjarlægð línuleiðar frá bæjarhlöðum eða mikilvægum vinnusvæðum á bújörðum (m) | 470 - >500 | >500 | 5 - 100 |
| Fjöldi bújarða þar sem fjarlægð línu frá bæjarhlöðum eða mikilvægum vinnusvæðum er á bilinu 0 - 500 m. | 0 – 1 | 0 | 12 – 19 |
| Heildarfjöldi mastra í úthaga (þ.e. utan ræktaðs lands) | 220 – 236 | 218 – 225 | 282 – 312 |
| Þar af horn- / endamöstur í úthaga (fjöldi) | 14 | 15 | 25 – 27 |
| Heildarlengd línu um úthaga (m) | 78.410 – 84.610 | 78.180 – 81.490 | 96.440 – 106.420 |
| Helgunarsvæði í úthaga (ha, m. v. 65 - 85 m breitt belti) | 666,5 – 719,2 | 664,5 – 692,7 | 685,1 – 738,7 |
| Vegir í úthaga (m) | 80.580 – 84.330 | 83.460 – 86.390 | 87.980 – 100.980 |
| Þar af vegir í vel grónum úthaga (m) | 35.160 – 40.530 | 39.110 – 42.610 | 69.090 – 83.210 |
| Heildarfjöldi mastra í ræktuðu landi | 0 | 0 | 10 – 15 |
| Þar af horn- / endamöstur í ræktuðu landi (fjöldi) | 0 | 0 | 1 |
| Heildarlengd línu yfir ræktuðu landi (m) | 0 | 0 | 3.780 – 6.000 |
| Helgunarsvæði í ræktuðu landi (ha, m. v. 65 - 85 m breitt belti) | 0 | 0 | 26,0 – 39,5 |
| Vegir í ræktuðu landi (m) | 0 | 0 | 680 – 1.080 |
| Heildarfjöldi mastra í skógræktarlandi | 3 – 8 | 3 – 8 | 6 – 8 |
| Þar af horn- / endamöstur í skógræktarlandi | 2 – 3 | 2 – 3 | 0 – 2 |
| Heildarlengd línu yfir skipulögðu skógræktarlandi (m) | 640 – 2.300 | 640 – 2.300 | 2.510 – 3.490 |
| Helgunarsvæði í skógræktarlandi (ha, m. v. 65 - 85 m breitt belti) | 5,4 – 19,6 | 5,4 – 19,6 | 18,9 – 25,8 |
| Vegir í skógræktarlandi (m) | 380 – 1.870 | 380 – 1.870 | 1.750 – 2.200 |

**Áhrif vegna nálægðar framkvæmda við vinnusvæði bújarða (heimasvæði) og möguleg röskun á störfum tengdum búrekstri.**

Mikill munur er á milli valkostar D og valkosta A og B varðandi fjarlægð framkvæmdasvæða frá bæjarstæðum og helstu vinnusvæðum bújarða innan áhrifasvæðis línunnar. Þar sem fjarlægð línu frá bæjarhlöðum og landbúnaðarbyggingum er um 500 m eða minni má búast við einhverjum truflunum við bústörf, sérstaklega á framkvæmdatíma.

Valkostir A og B liggja að mestu um heiðar og hálendi og eru fjarri bæjarstæðum í öllum tilfellum nema á valkosti A2, þar sem á einum stað eru gangnahús og hesthús í minna en 500 m fjarlægð frá línuleið. Á valkosti A3 er fjarlægð frá einum bæ að línu um 600 m en annars er um mun meiri fjarlægð að ræða á valkostum A og B. Aðkomuvegir fyrir valkosti A og B tengjast héraðsvegum og má þar búast við aukinni umferð á framkvæmdatíma. Aðkomuvegir liggja á þremur stöðum mjög nálægt eða í gegnum bæjarhlöð á bújörðum þar sem er lítil eða engin landbúnaðarstarfsemi en mögulega getur umferð um þessa vegi haft truflandi áhrif meðan framkvæmdir standa yfir.

Línuleiðir valkostar D liggja allar á láglendi og víða nálægt bæjarstæðum og helstu vinnusvæðum bænda. Á valkosti D eru 12 – 19 bæir í minni en 500 m fjarlægð frá línuleiðum og fer fjöldi þeirra eftir samsetningu valkosta. Á samanburðarkafla D1 við Dh er lína í um 5 m fjarlægð frá bæjarhúsum á einni bújörð og fer um vinnusvæði umhverfis þau. Vinnusvæði og landbúnaðarbyggingar lenda þar inna helgunarsvæðis línunnar sem uppfyllir ekki kröfur um fjarlægð samkv. reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2009. Á samanburðarkafla D1 við D2 er lína í einu tilviki í 80 m fjarlægð frá bæjarhlaði. Minnsta fjarlægð frá bæjarhlöðum eða mikilvægum vinnusvæðum verður 100 m ef farið er um valkosti D2 og Dh. Á öðrum hlutum D1 og á valkosti D3 er minnsta fjarlægð meiri. Aðkomuvegir að línuvegum fyrir valkost D tengjast héraðs-, tengi- eða stofnvegum og þverar línan vegi í þeim flokkum á nokkrum stöðum auk heimreiða. Línan þverar vegi á 17 – 19 stöðum og ræðst af samsetningu valkosta hversu oft það gerist. Á framkvæmdatíma geta orðið röskun og truflanir á umferð þar sem lína þverar vegi en fjöldi staða þar sem lína þverar vegi fer eftir samsetningu valkosta. Fjöldi heimreiða sem línan þverar er einnig breytileg eftir samsetningu valkosta, getur minnst orðið á fimm stöðum en mest á átta. Þverun línu á heimreiðum og notkun þeirra vegna framkvæmda getur valdið röskun á bústörfum á viðkomandi jörðum. Á valkosti D er á nokkrum stöðum reiknað með að nýta heimreiðar eða aðra vegi innan bújarða, t.d. túnvegi, sem aðkomuvegi að línuvegum. Þar má búast við umferð og þungaflutningum á framkvæmdatíma.

**Áhrif á beitarland og úthaga**

Lagning línunnar getur haft nokkur áhrif á notkun úthaga á framkvæmdatíma. Allir valkostir liggja um beitarhólf og þvera bæði línuleið og línuvegir þessi hólf. Bú á áhrifasvæðum valkosta eru með nautgripi, hross og sauðfé og eru háð aðgengi að beitarlandi og notkun þess. Beinna áhrifa mun helst gæta af umfangi og raski við gerð línumannvirkja s.s. þar sem línuleiðir og vegir þvera beitarhólf. Þar má búast við að girðingar verði opnar á meðan framkvæmdum stendur. Jafnframt má á framkvæmdatíma búast við talsverðri umferð vinnuvéla og þungaflutningum um beitarhólf og getur umferð og vinna við framkvæmdir komið styggð að búfé. Einnig getur það raskað beitarskipulagi á bújörðum og takmarkað notkun beitarhólfa meðan á framkvæmdum stendur.

Talsverður munur er á milli valkosta A, B og D hvað varðar áhrif framkvæmda á notkun úthaga og beitarlanda. Þar er valkostur D mest frábrugðinn hinum, þar sem sú leið liggur meira og minna um láglendi. Leiðir A og B liggja ofan byggðar og að mestu leyti um heiðar og hálendi þar sem eru sumarhagar sauðfjár og sums staðar einnig hrossa. Bein áhrif framkvæmda á valkosti A og B eru

sambærileg hvað varðar rask vegna línumannvirkja. Vænta má minni áhrifa á búrekstur á valkosti A þar sem sú leið liggur fjær byggð og að stórum hluta um svæði þar sem ætla má að beitarþungi sé minni. Leið B liggur norðar og nær byggð og mögulega um svæði þar sem lambfé er sleppt í sumarhaga snemma sumars og gæti þar komið styggð að búfé á framkvæmdatíma. Einnig gætu framkvæmdir á valkosti B haft meiri áhrif að hausti þegar smalamennska á afréttarlöndum stendur yfir, sér í lagi nálægt mikilvægum smalaleiðum þar sem myndast gæti fyrirstaða eða önnur truflun á störfum gangnamanna.

Búast má við meiri áhrifum á valkosti D en á valkostum A og B. Þar færi línuleiðin að mestu leyti um beitarhólf í heimalöndum bújarða. Uppistaðan í búrekstri á áhrifasvæði valkostarins er sauðfjár- og hrossarækt og er búrekstur af því tagi háður úthagabeit og aðgengi að grónu landi. Víðast á línuleið valkostar D eru góð beitarlönd og má búast við að þau séu að stórum hluta nýtt allt árið. Beinna áhrifa á úthaga og beitarlönd mun helst gæta vegna rasks við gerð mannvirkja. Einnig getur orðið röskun á beitarskipulagi bújarða á meðan framkvæmdum stendur ef styggð kemur að búfé vegna umferðar og vinnu við framkvæmdir. Að auki þarf mögulega að rjúfa girðingar og opna á milli aðskildra hólfa.

Á því svæði sem háspennulínan er fyrirhuguð eru varnargirðingar vegna sauðfjárveikivarna. Þar er um að ræða girðingar sem í sumum tilvikum liggja af láglendi og upp á hálendi. Þessum girðingum er ætlað að hindra að sauðfé geti farið á milli varnarhólfanna og þannig borið með sér sjúkdóma. Á þessu landsvæði eru varnarhólf sem eru laus við þá sjúkdóma sem barist er við en liggja að varnarhólfum þar sem verið er að vinna í að útrýma tilteknum sjúkdómum. Allir valkostir þvera í einhverjum tilvikum varnargirðingar og þarf að gæta sérstakrar varúðar þegar opna þarf slíkar girðingar og hindra að búfé geti komist á milli varnarhólfa. Sjá kort í viðauka 4 (kafli 8.4).

Áhrif framkvæmda á úthaga og beitarlönd eru að mestu bundin umfangi línumannvirkja og raski af uppsetningu þeirra á framkvæmdatíma. Varanleg áhrif á rekstrartíma liggja helst í beinum áhrifum af umferð um línuvegi. Línuvegir geta jafnframt nýst við landbúnaðarstörf t.d. í tengslum við eftirlit með búfé og smalamennsku.

Á valkosti A er fyrirhugað að reisa 220 – 236 línumöstur í úthaga og beitarlöndum með tilheyrandi efnisflutningum og vegagerð. Þar af eru 14 horn- eða endamöstur sem eru stærri að umfangi en möstur þar sem línan er bein. Heildarlengd vega sem leggja þyrfti um úthaga og beitarlönd er samkvæmt uppdrætti 80,6 – 84,3 km. Þar af liggja 35,2 – 40,5 km þeirra um vel gróið beitarland. Helgunarsvæði framkvæmdaraðila í úthaga er 666,5 – 719,2 ha.

Á valkosti B er fyrirhugað að reisa 216 – 225 línumöstur í úthaga og beitarlöndum með tilheyrandi efnisflutningum og vegagerð. Þar af eru 15 horn- eða endamöstur sem eru stærri að umfangi en möstur þar sem línan er bein. Heildarlengd vega sem leggja þyrfti um úthaga og beitarlönd er samkvæmt uppdrætti 83,5 – 86,4 km. Þar af liggja 39,1 – 42,6 km þeirra um vel gróið beitarland. Helgunarsvæði framkvæmdaraðila í úthaga er 664,5 – 692,7 ha.

Á valkosti D er fyrirhugað að reisa 282 – 312 línumöstur í úthaga og beitarlöndum með tilheyrandi efnisflutningum og vegagerð. Þar af eru 25-27 horn- eða endamöstur sem eru stærri að umfangi en möstur þar sem línan er bein. Heildarlengd vega sem leggja þyrfti um úthaga og beitarlönd er samkvæmt uppdrætti 88,0 – 101,0 km. Þar af liggja 69,1 – 83,2 km þeirra um vel gróið beitarland. Helgunarsvæði framkvæmdaraðila í úthaga er 685,1 – 738,7 ha.

Óbein áhrif koma helst fram þar sem búast má við óviðkomandi umferð milli afgirtra hólfa með tilkomu línuvega og einnig þar sem hentugt land til ræktunar eða skógræktar skerðist af völdum línumannvirkja.

**Áhrif á ræktunarland og skógrækt**

Mismunur milli valkosta hvað varðar áhrif á ræktað land og skógrækt er mikill enda ólíkar leiðir sem þeir spanna. Valkostur D sker sig úr enda liggur hann að mestu um láglendi og á köflum nálægt eða í námunda við bæjarhlöð. Valkostir A og B liggja á hinn bóginn báðir um heiðar og hálendi fjarri ræktuðu landi og helstu athafnasvæðum á bújörðum. Að hluta liggja þessir valkostir um jarðarhluta á hálendi sem eru í eigu einstaklinga eða lögaðila. Þar er í nær öllum tilvikum um að ræða sömu jarðir á báðum valkostum.

Bein áhrif á ræktað land vegna framkvæmda eru að mestu bundin umfangi línumannvirkja og varanleg á rekstrartíma. Varanleg áhrif koma einnig fram í þeim tilfellum sem staðsetning línumannvirkja veldur óhagræði við nýtingu ræktaðs lands. Búast má við einhverri umferð vinnuvéla yfir ræktað land á framkvæmdatíma samhliða lagningu vega og uppsetningu á línu og línumöstrum. Umferð um ræktað land getur valdið bælingu á uppskeru og þjöppun á jarðvegi. Mögulega þarf að opna girðingar og getur ræktað land þá verið óvarið meðan á framkvæmd stendur.

Línuleiðir valkosta A og B eru fjarri ræktuðu landi og þar eru engin línumannvirki á slíku landi. Á einni bújörð munu valkostir A og B þvera skógræktarland sama hvaða útfærsla á valkostum er valin en áhrifin eru mismikil eftir samsetningu valkosta. Möstur verða þar 3 – 8, þar af 2 – 3 horn- eða endamöstur sem eru stærri að umfangi en möstur þar sem línan liggur beint. Heildarlengd vega um skilgreind skógræktarsvæði verður samkvæmt uppdrætti 380 – 1.870 m. Helgunarsvæði framkvæmdaraðila vegna línunnar miðast við 85 m breitt svæði undir og meðfram línu. Lengd línu yfir skógræktarland er 640 – 2.300 m og verður helgunarsvæði línunnar í skilgreindu skógræktarsvæði 5,4 – 19,6 ha.

Valkostur D fer eins og áður segir um láglendi og að hluta yfir ræktað land. Línuleiðin liggur yfir ræktað land á 17 - 24 bújörðum og er heildarstærð ræktunarspildna sem lenda innan helgunarsvæðis línuleiða 158,2 – 217,8 ha.

Heildarfjöldi mastra sem lenda í ræktuðu landi eru 10 – 15 og þar af 1 sem er stærra að umfangi en möstur þar sem línan liggur beint. Lengd línu sem sker ræktað land er 3.780 – 6.000 m. Helgunarsvæði framkvæmdaraðila vegna línunnar miðast við 65 – 85 m breitt svæði undir og meðfram línu og eru samkvæmt túnkorti 26,0 – 39,5 ha af ræktuðu landi innan helgunarsvæðis línunnar á valkosti D. Innan helgunarsvæðis má búast við raski á framkvæmdatíma og e.t.v. getur notkun á því svæði verið takmörkuð að einhverju leyti. Veglagning yfir ræktað land er samkvæmt uppdrætti 680 - 1.080 m.

Línuleið valkostar D liggur yfir skilgreind skógræktarsvæði á 4 – 5 bújörðum eftir því hvaða útfærsla valkostar er valin. Línumöstur yrðu þar 6 – 8 þar af 0 – 2 horn- eða endamöstur sem eru stærri að umfangi en möstur þar sem línan er bein. Heildarlengd vega í skógræktarlandi yrði samkvæmt uppdrætti 1.750 – 2.200 m. Helgunarsvæði framkvæmdaraðila vegna línunnar miðast við 65 – 85 m breitt svæði undir og meðfram línu. Lengd línu yfir skógræktarland er 2.510 – 3.490 m og verður helgunarsvæði línunnar 18,9 – 25,8 ha.

**Samantekt**

Töflur 62 til 64 sýna samantekt á matsþáttum fyrir áhrif og umfang framkvæmda m.v. mismunandi útfærslur valkosta.

Á valkostum A og B eru áhrif framkvæmda á landbúnað og skógrækt almennt lítil, bæði á framkvæmda- og rekstrartíma. Línuleiðir þessara valkosta liggja um heiðar og hálendi, fjarri bæjarstæðum og helstu vinnusvæðum bújarða. Beinna áhrifa gætir helst á framkvæmdatíma og einkennast mest af raski sem verður við gerð mannvirkja og mögulegri truflun á búfjárbeit í sumarhögum. Báðir valkostir liggja að

litlum hluta yfir skipulagt skógræktarsvæði. Varanleg áhrif verða vegna mannvirkja í úthaga og beitarlandi auk skógræktarsvæðis. Gera má ráð fyrir að óbein áhrif af valkostum A og B verði lítil og þá helst vegna óviðkomandi umferðar um og milli afgirtra hólfa með tilkomu línuvega. Búast má við að þau áhrif komi frekar fram á valkosti B sem liggur nær byggð.

Búast má við að áhrif framkvæmda á landbúnað og skógrækt verði talsvert meiri á valkosti D en hinum valkostunum. Þeirra áhrifa mun gæta bæði á framkvæmda- og rekstrartíma og tengjast þau raski við gerð mannvirkja, umfangi línumannvirkja og mögulegri truflun búfjár í beitarhögum. Nálægð línuleiðar við ræktað land, bæjarhlöð og helstu vinnusvæði bújarða hefur bein áhrif á bústörf á einstaka bújörðum. Valkostur D liggur að mestu um úthaga og beitarhólf en í nokkrum tilvikum um ræktað land og skipulögð skógræktarlönd. Búast má við raski á framkvæmdatíma, umferð vinnuvéla og þungaflutningum sem getur valdið raski bæði í ræktuðu landi og úthögum s.s. bælingu á gróðri og þjöppun á jarðvegi. Vinna og umferð getur einnig komið styggð að búfé og raskað beitarskipulagi á bújörðum. Varanleg áhrif á rekstrartíma ráðast af umfangi og staðsetningu línumannvirkja. Á nokkrum stöðum má búast við óhagræði við nýtingu ræktaðs lands vegna staðsetningar línumannvirkja.  Þar að auki getur staðsetning þeirra skert möguleika á stækkun ræktunar- og skógræktarlands.

Á valkosti D má helst búast við óbeinum áhrifum af óviðkomandi umferð milli afgirtra hólfa með tilkomu línuvega og einnig þar sem hentugt land til ræktunar eða skógræktar skerðist af völdum línumannvirkja.

Búast má við að í einhverjum tilvika  verði girðingar milli aðskilinna hólfa opnar á meðan framkvæmdum stendur. Allir valkostir þvera í einhverjum tilvikum varnargirðingar vegna sauðfjársjúkdóma og þarf að gæta sérstakrar varúðar þegar opna þarf slíkar girðingar og hindra að búfé geti þar komist á milli varnarhólfa.

Tafla 62. Samantekt á  matsþáttum fyrir áhrif og umfang framkvæmda miðað við mismunandi útfærslur á valkosti D

| Matsþættir á umfangi framkvæmda | D1 | D1-D2 | D1-Dh | D1-D2-Dh | D1-D2-D3 | D1-Dh-D3 | D1-D3 | D1-D2-Dh-D3 | Min | Max |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nálægð línuleiðar við bæjarhlöð eða mikilvæg vinnusvæði á bújörðum (m) | 5 | 5 | 80 | 100 | 5 | 80 | 5 | 100 | 5 | 100 |
| Fjöldi bújarða þar sem fjarlægð línu frá bæjarhlöðum eða mikilvægum vinnusvæðum er á bilinu 0 - 500 m. | 19 | 15 | 19 | 15 | 12 | 16 | 16 | 12 | 12 | 19 |
| Heildarfjöldi mastra í úthaga (utan ræktaðs lands) | 306 | 300 | 312 | 306 | 282 | 294 | 288 | 288 | 282 | 312 |
| Þar af horn- / endamöstur í úthaga (utan ræktaðs lands) | 27 | 25 | 27 | 25 | 25 | 27 | 27 | 25 | 25 | 27 |
| Heildarlengd línu um úthaga (utan ræktaðs lands) (m) | 105.180 | 102.790 | 106.420 | 104.030 | 96.440 | 100.070 | 98.830 | 97.680 | 96.440 | 106.420 |
| Helgunarsvæði í úthaga (m. v. 65 m breitt belti) | 700,6 | 723,0 | 716,4 | 738,7 | 707,5 | 700,9 | 685,1 | 723,2 | 685,1 | 738,7 |
| Vegir í  úthaga | 97.160 | 100.470 | 97.670 | 100.980 | 91.290 | 88.490 | 87.980 | 91.800 | 87.980 | 100.980 |
| Þar af vegir í vel grónum úthaga | 78.480 | 82.650 | 79.040 | 83.210 | 73.090 | 69.660 | 69.090 | 73.650 | 69.090 | 83.210 |
| Heildarfjöldi mastra í ræktuðu landi | 15 | 14 | 14 | 13 | 11 | 11 | 12 | 10 | 10 | 15 |
| Þar af horn- / endamöstur í ræktuðu landi | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Heildarlengd línu yfir ræktuðu landi | 6.000 | 5.740 | 5.280 | 5.020 | 4.500 | 4.040 | 4.760 | 3.780 | 3.780 | 6.000 |
| Helgunarsvæði í ræktuðu landi | 39,5 | 38,3 | 35,6 | 34,4 | 29,9 | 27,2 | 31,1 | 26,0 | 26,0 | 39,5 |
| Vegir í ræktuðu landi | 1.080 | 1.010 | 910 | 840 | 850 | 750 | 920 | 680 | 680 | 1.080 |
| Heildarfjöldi mastra í skógræktarlandi | 7 | 7 | 6 | 6 | 8 | 7 | 8 | 7 | 6 | 8 |
| Þar af horn- / endamöstur í skógræktarlandi | 1 | 1 | 2 | 2 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 2 |
| Heildarlengd línu yfir skipulögðu skógræktarlandi | 2.830 | 2.830 | 2.510 | 2.510 | 3.490 | 3.170 | 3.490 | 3.170 | 2.510 | 3.490 |
| Helgunarsvæði í skógræktarlandi | 20,2 | 20,2 | 18,9 | 18,9 | 25,8 | 24,5 | 25,8 | 24,5 | 18,9 | 25,8 |
| Vegir í skógræktarlandi | 1.920 | 1.920 | 1.750 | 1.750 | 2.200 | 2.030 | 2.200 | 2.030 | 1.750 | 2.200 |

Tafla 63. Samantekt á  matsþáttum fyrir áhrif og umfang framkvæmda miðað við mismunandi útfærslur á valkosti A

| Matsþættir á umfangi framkvæmda | A1-B1 | A1-B2 | A2-B2 | A1-B1-A3 | A1-B2-A3 | A2-B2-A3 | Min | Max |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Minnsta fjarlægð línuleiðar frá bæjarhlöðum eða mikilvægum vinnusvæðum á bújörðum (m) | >500 | >500 | 470 | >500 | >500 | 470 | 470 | >500 |
| Fjöldi bújarða þar sem fjarlægð línu frá bæjarhlöðum eða mikilvægum vinnusvæðum er á bilinu 0 - 500 m. | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Heildarfjöldi mastra í úthaga (þ.e. utan ræktaðs lands) | 224 | 227 | 236 | 220 | 223 | 232 | 220 | 236 |
| Þar af horn- / endamöstur í úthaga (fjöldi) | 14 | 14 | 14 | 14 | 14 | 14 | 14 | 14 |
| Heildarlengd línu um úthaga (m) | 80.340 | 81.720 | 84.610 | 78.410 | 79.650 | 82.540 | 78.410 | 84.610 |
| Helgunarsvæði í úthaga (ha. m. v. 65-85 m breitt belti) | 682,9 | 694,6 | 719,2 | 666,5 | 677,0 | 701,6 | 667 | 719 |
| Vegir í grónum úthaga (m) | 82.620 | 83.510 | 84.330 | 80.580 | 81.340 | 82.160 | 80.580 | 84.330 |
| Þar af vegir í vel grónum úthaga (m) | 37.180 | 39.260 | 35.160 | 38.450 | 40.530 | 36.380 | 35.160 | 40.530 |
| Heildarfjöldi mastra í ræktuðu landi | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Þar af horn- / endamöstur í ræktuðu landi (fjöldi) | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Heildarlengd línu yfir ræktuðu landi (m) | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Helgunarsvæði í ræktuðu landi (ha, m.v. 65-85 m breitt belti) | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Vegir í ræktuðu landi (m) | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Heildarfjöldi mastra í skógræktarlandi | 3 | 3 | 3 | 8 | 8 | 8 | 3 | 8 |
| Þar af horn- / endamöstur í skógræktarlandi (fjöldi) | 2 | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 | 2 | 3 |
| Heildarlengd línu yfir skipulögðu skógræktarlandi (m) | 640 | 640 | 640 | 2.300 | 2.300 | 2.300 | 640 | 2.300 |
| Helgunarsvæði í skógræktarlandi (ha, m.v. 65-85 m breitt belti) | 5,4 | 5,4 | 5,4 | 19,6 | 19,6 | 19,6 | 5 | 20 |
| Vegir í skógræktarlandi (m) | 380 | 380 | 380 | 1.870 | 1.870 | 1.870 | 380 | 1.870 |

Tafla 64. Samantekt á matsþáttum fyrir áhrif og umfang framkvæmda miðað við mismunandi útfærslur á valkosti B

| Matsþættir á umfangi framkvæmda | B1 | B2 | B1-A3 | B2-A3 | Min | Max |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Nálægð línuleiðar við bæjarhlöð eða mikilvæg vinnusvæði á bújörðum (m) | >500 | >500 | >500 | >500 | >500 | >500 |
| Fjöldi bújarða þar sem fjarlægð línu frá bæjarhlöðum eða mikilvægum vinnusvæðum er á bilinu 0 - 500 m. | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Heildarfjöldi mastra í úthaga (utan ræktaðs lands) | 222 | 225 | 218 | 221 | 218 | 225 |
| Þar af horn- / endamöstur í úthaga (utan ræktaðs lands) | 15 | 15 | 15 | 15 | 15 | 15 |
| Heildarlengd línu um úthaga (utan ræktaðs lands) (m) | 80.110 | 81.490 | 78.180 | 79.420 | 78.180 | 81.490 |
| Helgunarsvæði í úthaga (m. v. 65 m breitt belti) | 680,9 | 692,7 | 664,5 | 675 | 665 | 693 |
| Vegir í úthaga | 85.500 | 86.390 | 83.460 | 84.220 | 83.460 | 86.390 |
| Þar af vegir í vel grónum úthaga | 39.110 | 41.250 | 40.460 | 42.610 | 39.110 | 42.610 |
| Heildarfjöldi mastra í ræktuðu landi | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Þar af horn- / endamöstur í ræktuðu landi | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Heildarlengd línu yfir ræktuðu landi | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Helgunarsvæði í ræktuðu landi | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Vegir í ræktuðu landi | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Heildarfjöldi mastra í skógræktarlandi | 3 | 3 | 8 | 8 | 3 | 8 |
| Þar af horn- / endamöstur í skógræktarlandi | 2 | 2 | 3 | 3 | 2 | 3 |
| Heildarlengd línu yfir skipulögðu skógræktarlandi | 640 | 640 | 2.300 | 2.300 | 640 | 2.300 |
| Helgunarsvæði í skógræktarlandi | 5,4 | 5,4 | 19,6 | 20 | 5 | 20 |
| Vegir í skógræktarlandi | 380 | 380 | 1.870 | 1.870 | 380 | 1.870 |

## 6.2 Samanburður á umfangi og áhrifum framkvæmda milli valkosta D2 og D1 á framkvæmda- og rekstrartíma

Tafla 65 sýnir samanburð á umfangi framkvæmda á valkostum D2 og samanburðarvalkosti D1 Samanburður nær frá tengivirki í landi Hrútatungu þar sem línuleiðir valkosta skiljast að og til þess staðar þar sem þeir koma saman í landi Reynhóla. Sjá einnig skýringarmyndir D valkosta, myndir 2 og 3 í viðauka 2.

Tafla 65. Samanburður á umfangi framkvæmda á valkostum D2 og D1

| Matsþættir á umfangi framkvæmda | Valkostur D2 | Samanburðarvalkostur D1 |
|---|---|---|
| Minnsta fjarlægð línuleiðar frá bæjarhlöðum eða mikilvægum vinnusvæðum á bújörðum (m) | 360 | 80 |
| Fjöldi bújarða þar sem fjarlægð línu frá bæjarhlöðum eða mikilvægum vinnusvæðum er á bilinu 0 - 500 m. | 1 | 5 |
| Heildarfjöldi mastra í úthaga (þ.e. utan ræktaðs lands) | 56 | 62 |
| Þar af horn- / endamöstur í úthaga (fjöldi) | 5 | 7 |
| Heildarlengd línu um úthaga (m) | 18.960 | 21.350 |
| Helgunarsvæði í úthaga (ha, m. v. 65 - 85 m breitt belti) | 161,2 | 138,8 |
| Vegir í úthaga (m) | 21.150 | 17.840 |
| Þar af vegir í vel grónum úthaga (m) | 12.320 | 9.560 |
| Heildarfjöldi mastra í ræktuðu landi | 0 | 1 |
| Þar af horn- / endamöstur í ræktuðu landi (fjöldi) | 0 | 0 |
| Heildarlengd línu yfir ræktuðu landi (m) | 220 | 480 |
| Helgunarsvæði í ræktuðu landi (ha, m. v. 65 - 85 m breitt belti) | 1,9 | 3,1 |
| Vegir í ræktuðu landi (m) | 0 | 70 |
| Heildarfjöldi mastra í skógræktarlandi | 0 | 0 |
| Þar af horn- / endamöstur í skógræktarlandi | 0 | 0 |
| Heildarlengd línu yfir skipulögðu skógræktarlandi (m) | 0 | 0 |
| Helgunarsvæði í skógræktarlandi (ha, m. v. 65 - 85 m breitt belti) | 0 | 0 |
| Vegir í skógræktarlandi (m) | 0 | 0 |

**Áhrif vegna nálægðar framkvæmda við vinnusvæði bújarða (heimasvæði) og möguleg röskun á störfum tengdum búrekstri.**

Valkostur D2 og samanburðarvalkostur D1 liggja frá tengivirki í landi Hrútatungu og að punkti í landi Reynhóla þar sem þeir sameinast aftur í valkost D1. Frá tengivirki liggur valkostur D2 í fyrstu til norðvesturs upp í Hrútafjarðarháls, hærra í landið og fjær byggð en samanburðarvalkostur D1. Báðir liggja þó valkostirnir og áhrifasvæði framkvæmda við þá um sömu jarðir, með fáum undantekningum.

Á valkosti D2 er vegur að línumannvirkjum í einu tilviki í mikilli nálægð við útihús.

Samanburðarvalkostur D1 er í tveimur tilvikum nokkuð nálægt vinnusvæðum eða bæjarhlöðum bújarða og í þremur tilvikum liggur línuleiðin eða vegur að henni mjög nálægt húsum. Einungis eitt af þeim húsum tengist landbúnaðarstarfsemi. Á þessum stöðum má búast við truflunum á framkvæmdatíma, sérstaklega þar sem umferð og efnisflutningar fara um afleggjara eða eru í námunda við byggingar. Í einu tilviki er línumastur staðsett í ræktuðu landi og liggur línuvegur að því. Þar má

búast við raski og truflunum á framkvæmdatíma og spildan minnkar til frambúðar sem nemur því landi sem fer undir línumannvirkin.

Á valkosti D2 er minnsta fjarlægð bæjarhlaðs frá línuleið 360 m og er það eina tilvikið þar sem fjarlægð bæjar frá línuleið er minni en 500 m. Á samanburðarkafla D1 er fjarlægð línuleiðar frá bæjarhúsum eða helstu vinnusvæðum umhverfis þau í 5 tilvikum minni en 500 m. Þar af er línuleiðin í einu tilviki í 80 m fjarlægð frá bæjarhlaði.

Á framkvæmdatíma getur orðið röskun og truflanir á umferð þar sem lína þverar vegi og þar sem línan þverar heimreiðir getur notkun þeirra vegna framkvæmda valdið röskun á bústörfum á viðkomandi jörðum. Báðir valkostir þvera í einu tilviki sömu heimreið. Á samanburðarvalkosti D1 er heimreið að öðru býli notuð sem aðkomuvegur og á tveimur öðrum bújörðum má búast við mikilli umferð og flutningum um eða nálægt bæjarhlaði eða um túnveg sem tengir aðkomuveg og línumannvirki. Aðkomuvegir að línuvegum fyrir þessa valkosti tengjast héraðs-, tengi- eða stofnvegum. Valkostur D2 þverar Hrútatunguveg (701) á einum stað. Samanburðarvalkostur D1 liggur á þessum kafla nærri þjóðvegi 1 og þverar hann tvisvar með stuttu millibili. Þar sem línan þverar vegi má búast við tímabundnum truflunum sem gætu haft áhrif á bústörf. Búast má við einhverjum truflunum á framkvæmdatíma vegna aukinnar umferðar og þungaflutninga beint af þjóðvegi 1 og líka á héraðsvegi m.a. um Hálsabæjaveg (703) sem tengist Miðfjarðarvegi (704).

### Áhrif á beitarland og úthaga

Lagning línunnar getur haft nokkur áhrif á notkun úthaga á framkvæmdatíma. Báðir valkostir fara nær eingöngu um beitarhólf, gróna úthaga og í sumum tilfellum land sem taka mætti til ræktunar. Þvera bæði línuleið og línuvegir þessi hólf. Bú á áhrifasvæðum valkosta eru með nautgripi, hross og sauðfé og eru háð aðgengi að beitarlandi og notkun þess. Beinna áhrifa mun helst gæta af umfangi línumannvirkja og raski við gerð þeirra s.s. þar sem línuleiðir og vegir þvera beitarhólf. Þar má búast við að girðingar verði opnar á meðan framkvæmdum stendur. Jafnframt má á framkvæmdatíma búast við talsverðri umferð vinnuvéla og þungaflutningum um beitarhólf og getur umferð og vinna við framkvæmdir komið styggð að búfé. Það getur raskað beitarskipulagi á bújörðum og takmarkað notkun beitarhólfa meðan á framkvæmdum stendur.

Á valkosti D2 er fyrirhugað að reisa 56 línumöstur í úthaga og beitarlöndum með tilheyrandi efnisflutningum og vegagerð. Þar af eru 5 horn- eða endamöstur sem eru stærri að umfangi en möstur þar sem línan liggur beint. Heildarlengd vega sem leggja þyrfti um úthaga og beitarlönd er samkvæmt uppdrætti 21,2 km. Af þeim liggja 12,2 km um vel gróið beitarland. Helgunarsvæði línuleiðar í úthaga er 161,2 ha og miðast við 85 m breitt svæði undir og umhverfis línu[9].

Á samanburðarvalkosti D1 er fyrirhugað að reisa 62 línumöstur í úthaga og beitarlöndum með tilheyrandi efnisflutningum og vegagerð. Þar af eru 7 horn- eða endamöstur sem eru stærri að umfangi en möstur þar sem línan liggur beint. Heildarlengd vega sem leggja þyrfti um úthaga og beitarlönd er samkvæmt uppdrætti 17,8 km, þar af 9,6 km um vel gróið beitarland. Helgunarsvæði línuleiðar í úthaga er 138,8 ha og miðast við 65 m breitt svæði undir og umhverfis línu[10].

---

[9] Þar sem línuleiðir valkosta liggja fjarri eldri línu er að jafnaði miðað við að helgunarsvæði nýju línunnar sé 85 m.

[10] Þar sem línan og/eða valkostir liggja samhliða núverandi 132 kV línu þá er miðað við að helgunarsvæði nýrrar línu sé 65 m á breidd. Sjá nánar á bls. 47.

**Áhrif á ræktunarland**

Bein áhrif á ræktað land vegna framkvæmda eru mest bundin umfangi línumannvirkja og staðsetningu þeirra þegar hún veldur óhagræði við nýtingu ræktaðs lands. Búast má við einhverri umferð vinnuvéla yfir ræktað land á framkvæmdatíma samhliða lagningu vega og uppsetningu línumannvirkja. Umferð um ræktað land getur valdið bælingu á uppskeru og þjöppun á jarðvegi. Mögulega þarf að opna girðingar og getur ræktað land þá verið óvarið meðan á framkvæmd stendur.

Á valkosti D2 er ekkert línumastur í ræktuðu landi. Línuleiðin liggur yfir ræktað land á tveimur bújörðum og er heildarflatarmál þeirra ræktunarspildna 7,2 ha.

Lengd línu sem þverar ræktað land er 220 m. Helgunarsvæði framkvæmdaraðila vegna línunnar miðast við 85 m breitt svæði undir og meðfram línu og samkvæmt túnkorti nemur það 1,9 ha af ræktuðu landi á valkosti D2. Innan helgunarsvæðis línunnar má búast við raski á framkvæmdatíma og e.t.v. getur notkun þess svæðis verið takmörkuð að einhverju leyti. Á valkosti D2 er engin veglagning yfir ræktað land samkvæmt uppdrætti.

Á samanburðarvalkosti D1 liggur línuleiðin yfir ræktað land á þremur bújörðum og er heildarflatarmál þeirra ræktunarspildna 10,4 ha. Þar lendir 1 mastur í ræktuðu landi og má búast við talsverðum áhrifum á framkvæmdatíma vegna uppsetningar þess og raski vegna vinnu og þungaflutninga. Ræktað land mun minnka varanlega sem línumannvirkjum nemur og búast má við að nýting ræktunarspildunnar verði ekki eins góð vegna breyttrar lögunar hennar og aukinna jaðaráhrifa.

Lengd línu sem þverar ræktað land er 480 m á valkosti D1. Helgunarsvæði framkvæmdaraðila vegna línunnar miðast við 65 m breitt svæði undir og meðfram línu og er það samkvæmt túnkorti 3,1 ha. Þar má búast við einhverju raski á framkvæmdatíma og e.t.v. getur notkun ræktaðs lands innan þess svæðis verið takmörkuð að einhverju leyti. Veglagning yfir ræktað land er samkvæmt uppdrætti 70 m.

Valkostur D2 og samanburðarvalkostur D1 liggja ekki um skógrækt eða skipulagt skógræktarland.

**Samantekt**

Nokkur munur er milli valkostanna á áhrifum framkvæmda á landbúnað og skógrækt. Beinna áhrifa gætir helst á framkvæmdatíma og einkennast þau mest af raski vegna gerðar mannvirkja og getur það valdið truflun á búrekstri. Línuleið valkostar D2 liggur almennt í meiri fjarlægð frá bæjarhlöðum bújarða og öðrum vinnusvæðum og er þar minnsta fjarlægð 360 m sem er eina tilvikið þar sem bújörð er nær línuleið en 500 m. Á samanburðarvalkosti D1 er línuleið minna en 500 m frá bæjarhlöðum á fimm bújörðum, þar af í einu tilviki í 80 m fjarlægð. Á samanburðarvalkosti D1 þverar línan þjóðveg 1 á tveimur stöðum og á þeim stöðum getur á framkvæmdatíma orðið röskun og truflanir sem mögulega hafa áhrif á bústörf. Samanburðarvalkostur D1 þverar jafnframt tvær heimreiðar á meðan valkostur D2 þverar eina en þar sem línan þverar heimreiðir og þær eru notaðar við framkvæmdir getur það valdið röskun á bústörfum á viðkomandi jörðum.

Báðir valkostir fara að mestu leyti um beitarhólf, gróna úthaga og þvera bæði línuleið og línuvegir þessi hólf. Beinna áhrifa mun helst gæta af umfangi línumannvirkja og raski við gerð þeirra s.s. við lagningu vega og uppsetningu línumastra.  Þar sem línuleiðir og vegir liggja má búast við að girðingar verði opnar milli aðskildra hólfa á meðan framkvæmdum stendur. Varanleg áhrif á landbúnað felast í grónu landi sem fer undir línumannvirki og nemur umfangi þeirra. Á línuleið má í sumum tilfellum finna gott land sem taka mætti til ræktunar en það land mun minnka varanlega sem nemur umfangi þeirra mannvirkja sem lenda á því landi. Þannig land er frekar að finna á samanburðarvalkosti D1 en valkosti D2.

Áhrif valkosta á ræktað land eru mun meiri á samanburðarvalkosti D1. Á báðum valkostum liggur línan yfir ræktað land en einungis eru línumannvirki í ræktuðu landi á samanburðarvalkosti D1. Þar er um að ræða eitt mastur og 70 m langan línuveg að því og má þar búast við talsverðum áhrifum á framkvæmdatíma af raski og vinnu við uppsetningu. Þarna mun ræktað land minnka varanlega sem nemur umfangi línumannvirkja og eins má búast við að nýting ræktunarspildunnar verði ekki eins góð vegna breyttrar lögunar hennar og jaðaráhrifa af þeim völdum.

Á báðum valkostum má búast við óbeinum áhrifum af óviðkomandi umferð milli afgirtra hólfa með tilkomu línuvega sem liggja frá almennu vegakerfi og einnig þar sem hentugt land til ræktunar skerðist af völdum línumannvirkja.

## 6.3 Samanburður á umfangi og áhrifum framkvæmda milli valkosta Dh og D1 á framkvæmda- og rekstrartíma

Tafla 66 sýnir samanburð á umfangi framkvæmda á valkostum Dh og samanburðarvalkosti D1. Samanburður byrjar í landi Auðunnarstaða 1 þar sem línuleiðir valkosta skiljast að og endar þar sem þær koma saman aftur í landi Lækjamóts. Sjá einnig skýringarmyndir D valkosta, mynd 6 í viðauka 2.

Tafla 66. Samanburður á umfangi framkvæmda á valkostum Dh og D1

| Matsþættir á umfangi framkvæmda | Valkostur Dh | Samanburðarvalkostur D1 |
|---|---|---|
| Minnsta fjarlægð línuleiðar frá bæjarhlöðum eða mikilvægum vinnusvæðum á bújörðum (m) | 100 | 5 |
| Fjöldi bújarða þar sem fjarlægð línu frá bæjarhlöðum eða mikilvægum vinnusvæðum er á bilinu 0 - 500 m. | 2 | 2 |
| Heildarfjöldi mastra í úthaga (þ.e. utan ræktaðs lands) | 13 | 8 |
| Þar af horn- / endamöstur í úthaga (fjöldi) | 1 | 1 |
| Heildarlengd línu um úthaga (m) | 3.850 | 2.610 |
| Helgunarsvæði í úthaga (ha, m. v. 65 - 85 m breitt belti) | 32,7 | 17,0 |
| Vegir í úthaga (m) | 2.400 | 1.890 |
| Þar af vegir í vel grónum úthaga (m) | 2.210 | 1.730 |
| Heildarfjöldi mastra í ræktuðu landi | 1 | 2 |
| Þar af horn- / endamöstur í ræktuðu landi (fjöldi) | 0 | 0 |
| Heildarlengd línu yfir ræktuðu landi (m) | 400 | 1.120 |
| Helgunarsvæði í ræktuðu landi (ha, m. v. 65 - 85 m breitt belti) | 3,4 | 7,3 |
| Vegir í ræktuðu landi (m) | 20 | 190 |
| Heildarfjöldi mastra í skógræktarlandi | 2 | 3 |
| Þar af horn- / endamöstur í skógræktarlandi | 1 | 0 |
| Heildarlengd línu yfir skipulögðu skógræktarlandi (m) | 380 | 700 |
| Helgunarsvæði í skógræktarlandi (ha, m. v. 65 - 85 m breitt belti) | 3,2 | 4,6 |
| Vegir í skógræktarlandi (m) | 450 | 620 |

**Áhrif vegna nálægðar framkvæmda við vinnusvæði bújarða (heimasvæði) og möguleg röskun á störfum tengdum búrekstri.**

Valkostur Dh og samanburðarvalkostur D1 liggja frá sameiginlegum punkti í landi Auðunnarstaða 1 þar sem þeir skiljast að og liggja aðgreindir að punkti í landi Lækjamóts þar sem þeir sameinast aftur í valkost D1. Þessi samanburðarkafli er stuttur en á honum liggja línuleiðir um fimm jarðir, þær sömu á báðum valkostum og nær áhrifasvæði framkvæmda einungis til þeirra. Á báðum valkostum eru línuleiðir nálægt bæjarhlöðum og helstu vinnusvæðum bújarða. Valkostur Dh sveigir til norðurs á samanburðarkaflanum og er þá heldur fjær bæjarhlöðum og helstu vinnusvæðum bújarða, bæjarstæði tveggja bújarða eru í minna en 500 m fjarlægð frá línunni annað þeirra í 100 m fjarlægð. Samanburðarvalkostur D1 liggur beint og fylgir Laxárbakkalínu 1 og er mjög nálægt þremur bæjarstæðum, sérstaklega á einni bújörð þar sem línuleið liggur rétt við og fer að hluta yfir vinnuvæði hennar og lenda landbúnaðarmannvirki innan helgunarsvæðis línunnar. Þar er heimreið jafnframt nýtt sem aðkomuvegur að línuvegum sem liggja að línumannvirkjum. Á þessum bújörðum má búast við truflunum á framkvæmdatíma sérstaklega þar sem umferð og efnisflutningar fara um afleggjara eða eru í námunda við byggingar.

Á samanburðarvalkosti D1 eru tvö möstur í ræktuðu landi en eitt á valkosti Dh og liggja línuvegir þar jafnframt yfir ræktað land. Þar má búast við raski og truflunum á framkvæmdatíma og til frambúðar munu spildur minnka sem nemur því landi sem fer undir línumannvirki.

Á framkvæmdatíma geta orðið röskun og truflanir á umferð þar sem lína þverar vegi. Báðir valkostir þvera þjóðveg 1 á einum stað og einnig Víðidalsveg (715). Þetta getur haft einhver áhrif á landbúnaðarstarfsemi á nærliggjandi bújörðum. Á Samanburðarvalkosti D1 þverar línan eina heimreið að einni bújörð. Þessi heimreið er eins og fyrr segir einnig notuð sem aðkomuvegur að línuvegum. Notkun þeirra vegna framkvæmda getur valdið röskun á bústörfum á viðkomandi jörð.

**Áhrif á beitarland og úthaga**

Lagning línunnar getur haft nokkur áhrif á notkun úthaga á framkvæmdatíma. Báðir valkostir fara að mestu leyti um gróna úthaga og valkostur Dh fer nánast eingöngu um þannig land. Að stórum hluta er um að ræða beitarhólf þar sem reikna má með gróðurvistgerðum sem henta vel til beitar og að þau séu nýtt sem slík allt árið. Bú á áhrifasvæðum valkosta eru með hross og eru háð aðgengi að beitarlandi og notkun þess. Hluti beitarhólfa þar sem línuleið samanburðarvalkostar D1 liggur eru í framræstu landi sem gera má ráð fyrir að henti vel til ræktunar. Línuleiðir og línuvegir þvera þessi hólf og mun beinna áhrifa þar helst gæta af umfangi línumannvirkja og raski við gerð þeirra. Þar má búast við að girðingar verði opnar á meðan framkvæmdum stendur. Jafnframt má á framkvæmdatíma búast við talsverðri umferð vinnuvéla og þungaflutningum um beitarhólf og getur umferð og vinna við framkvæmdir komið styggð að búfé. Það getur raskað beitarskipulagi á bújörðum og takmarkað notkun beitarhólfa meðan á framkvæmdum stendur.

Á valkosti Dh er fyrirhugað að reisa 13 línumöstur í úthaga og beitarlöndum með tilheyrandi efnisflutningum og vegagerð. Þar af er 1 hornmastur sem er stærra að umfangi en möstur þar sem línan liggur beint. Heildarlengd vega sem leggja þarf um úthaga og beitarlönd er samkvæmt uppdrætti 2,4 km. Af þeim liggja 2,2 km um vel gróið beitarland. Helgunarsvæði framkvæmda í úthaga er 32,7 ha og miðast við 85 m breitt svæði undir og umhverfis línu.

Á samanburðarvalkosti D1 er fyrirhugað að reisa 8 línumöstur í úthaga og beitarlöndum með tilheyrandi efnisflutningum og vegagerð. Þar af er 1 mastur sem er stærra að umfangi en möstur þar sem línan liggur beint. Heildarlengd vega sem leggja þarf um úthaga og beitarlönd er samkvæmt

uppdrætti 1,9 km, þar af 1,7 km um vel gróið beitarland. Helgunarsvæði framkvæmda í úthaga er 17,0 ha og miðast við 65 m breitt svæði undir og umhverfis línu.

### Áhrif á ræktunarland

Bein áhrif á ræktað land vegna framkvæmda eru mest bundin umfangi línumannvirkja og staðsetningu þeirra þegar hún veldur óhagræði við nýtingu ræktaðs lands. Búast má við einhverri umferð vinnuvéla yfir ræktað land á framkvæmdatíma samhliða lagningu vega og uppsetningu línumannvirkja. Umferð um ræktað land getur valdið bælingu á uppskeru og þjöppun á jarðvegi. Mögulega þarf að opna girðingar og getur ræktað land þá verið óvarið meðan á framkvæmd stendur.

Á valkosti Dh liggur línuleiðin yfir ræktað land á tveimur bújörðum og sker línan þar ræktað land á 400 m kafla. Heildarflatarmál þeirra ræktunarspildna sem lenda innan helgunarsvæðis línunnar er 22,4 ha. Helgunarsvæði framkvæmda við línuna miðast við 85 m breitt svæði undir og meðfram línu og er á valkosti Dh samkvæmt túnkorti 3,4 ha af ræktuðu landi. Innan helgunarsvæðis línunnar má búast við raski á framkvæmdatíma og e.t.v. getur notkun innan þess svæðis verið takmörkuð að einhverju leyti. Á valkosti Dh lendir eitt línumastur í ræktuðu landi og samkvæmt uppdrætti er gert ráð fyrir 20 m línuvegi um ræktað land.

Á samanburðarvalkosti D1 liggur línuleiðin yfir ræktað land á fjórum bújörðum og fer línan þar yfir ræktað land á 1.120 m kafla. Heildarflatarmál þeirra ræktunarspildna sem lenda innan helgunarsvæðis línunnar er 39,3 ha. Helgunarsvæði framkvæmda við línuna miðast við 65 m breitt svæði undir og meðfram línu og er á samanburðarvalkosti D1 samkvæmt túnkorti 7,3 ha af ræktuðu landi. Innan helgunarsvæðis línunnar má búast við raski á framkvæmdatíma og e.t.v. getur notkun innan þess svæðis verið takmörkuð að einhverju leyti. Á samanburðarvalkosti D1 lenda tvö línumöstur í ræktuðu landi og samkvæmt uppdrætti er gert ráð fyrir 190 m línuvegi um ræktað land.

Búast má við talsverðum áhrifum á framkvæmdatíma vegna uppsetningar á möstrum og veglagningar, raski vegna vinnu og þungaflutninga sem m.a. geta valdið bælingu á gróðri, þjöppun á jarðvegi og rýrt uppskeru þessara ræktunarspildna. Þá mun ræktað land minnka varanlega á báðum valkostum sem línumannvirkjum nemur og búast má við að nýting viðkomandi ræktunarspildna verði ekki eins góð vegna breyttrar lögunar þeirra og aukinna jaðaráhrifa.

Á suðvesturhluta samanburðarsvæðisins liggja báðir valkostir um skipulagt skógræktarsvæði á einni bújörð sem er sú sama á báðum valkostum. Nokkur munur er á milli valkosta hvað varðar umfang framkvæmda á skógræktarlandi.

Á valkosti Dh lenda 2 línumöstur innan skilgreinds skógræktarsvæðis þar af er 1 hornmastur sem er stærra að umfangi en möstur þar sem línan liggur beint. Heildarlengd vega í skógræktarlandi er samkvæmt uppdrætti 450 m. Helgunarsvæði framkvæmda vegna línunnar miðast við 85 m breitt svæði undir og meðfram línu. Lengd línu yfir skógræktarland á valkosti Dh er 380 m og verður helgunarsvæði línunnar þar 3,2 ha.

Á samanburðarvalkosti D1 lenda 3 línumöstur innan skilgreinds skógræktarsvæðis. Ekkert þeirra er horn- eða endamastur. Heildarlengd vega í skógræktarlandi er samkvæmt uppdrætti 620 m. Helgunarsvæði framkvæmda vegna línunnar miðast við 65 m breitt svæði undir og meðfram línu. Lengd línu yfir skógræktarland á valkosti D1 er 700 m og verður helgunarsvæði línunnar þar 4,6 ha.

Á skógræktarsvæðum sem línuleið liggur um má búast við talsverðum áhrifum vegna framkvæmda sem vara bæði á framkvæmda- og rekstrartíma línunnar. Á framkvæmdatíma má búast við talsverðu raski vegna vinnu við uppsetningu á möstrum og gerð annarra mannvirkja auk umferðar og þungaflutninga.

Varanleg áhrif á rekstrartíma línunnar verða nokkur, skógræktarland mun minnka varanlega á báðum valkostum sem nemur línumannvirkjum og helgunarsvæði línunnar og mögulega þarf að ryðja skóg sem þegar hefur verið plantað innan þess svæðis.

**Samantekt**

Talsverðra áhrifa á landbúnað og skógrækt mun gæta á þessum kafla línuleiðar og þau verða mjög mikil ef valinn verður samanburðarvalkostur D1. Þessi samanburðarkafli er stuttur þar sem valkostirnir liggja um fimm jarðir og er línuleið nálægt bæjarhlöðum og helstu vinnusvæðum bújarða. Beinna áhrifa gætir á framkvæmdatíma og einkennast þau mest af raski vegna mannvirkjagerðar og fyrrnefndrar nálægðar, sem getur valdið truflun á búrekstri. Valkostur Dh sveigir til norðurs og er þá heldur fjær bæjarhlöðum og helstu vinnusvæðum bújarða og þar verða áhrif mun minni en ef valinn er samanburðarvalkostur D1, en hann liggur mjög nálægt þremur bæjarstæðum, sérstaklega þó á einni bújörð þar sem línuleið liggur rétt við og fer að hluta yfir vinnuvæði hennar og lenda landbúnaðarmannvirki innan helgunarsvæðis línunnar. Þar er heimreið jafnframt nýtt sem aðkomuvegur að línuvegum sem liggja að línumannvirkjum. Þarna verða varanleg áhrif mikil ef valinn verður samanburðarvalkostur D1, vegna mikillar nálægð línunnar við athafnarsvæði bújarða.

Báðir valkostir þvera vegi á tveimur stöðum og getur það á framkvæmdatíma valdið röskun og truflunum við bústörf á nærliggjandi jörðum.

Báðir valkostir fara að stórum hluta um vel gróna úthaga og þvera bæði línuleið og línuvegir beitarhólf. Beinna áhrifa mun helst gæta af umfangi línumannvirkja og raski við gerð þeirra s.s. við lagningu vega og uppsetningu línumastra. Þar sem línuleiðir og vegir liggja má búast við að girðingar verði opnar milli aðskildra hólfa á meðan framkvæmdum stendur. Í grónum úthaga felast varanleg áhrif framkvæmda í stærð þess lands sem fer undir línumannvirki. Á línuleið beggja valkosta má finna land sem er hentugt til ræktunar. Meira er af þannig landi á samanburðavalkosti D1 þar sem línuleið liggur að hluta um framræst land.

Á báðum valkostum liggur línan yfir ræktað land en áhrif samanburðarvalkostar D1 eru meiri. Á þeim valkosti er gert ráð fyrir tveimur möstrum og 190 m af línuvegum á slíku landi en í valkosti Dh einu mastri og 20 m línuvegi. Búast má við talsverðum áhrifum á framkvæmdatíma af raski og vinnu við uppsetningu mastra og gerð línuvega. Þarna mun ræktað land minnka varanlega sem nemur umfangi línumannvirkja og eins má búast við að nýting ræktunarspildna verði ekki eins góð vegna breyttrar lögunar þeirra og jaðaráhrifa af þeim völdum.

Báðir valkostir liggja um skipulagt skógræktarsvæði á einni bújörð sem er sú sama á þeim báðum. Nokkur munur er á milli valkosta hvað varðar umfang framkvæmda á skógræktarlandi og liggur hann í því að línuleið yfir þannig land er lengri á samanburðarvalkosti D1 og eins er umfang línumannvirkja meira. Á framkvæmdatíma má búast við talsverðu raski vegna vinnu við uppsetningu á möstrum og gerð annarra mannvirkja auk umferðar og þungaflutninga. Varanleg áhrif á rekstrartíma línunnar verða nokkur, skógræktarland mun minnka varanlega á báðum valkostum sem nemur línumannvirkjum og helgunarsvæði línunnar og mögulega þarf að ryðja skóg sem þegar hefur verið plantað innan þess svæðis.

Á báðum valkostum má búast við óbeinum áhrifum af óviðkomandi umferð milli afgirtra hólfa með tilkomu línuvega sem liggja frá almennu vegakerfi og einnig þar sem hentugt land til ræktunar skerðist af völdum línumannvirkja. Jafnframt verða línumannvirki á samanburðarvalkosti D1 mög nálægt bæjarhlaði og lenda landbúnaðarmannvirki þar innan helgunarsvæðis línunnar. Þetta gæti rýrt verðmæti jarðarinnar og jafnvel ógnað ábúð.

## 6.4 Samanburður á umfangi og áhrifum framkvæmda milli valkosta D3 og D1 á framkvæmda- og rekstrartíma

Tafla 67 sýnir samanburð á umfangi framkvæmda á valkostum D3 og samanburðarvalkosti D1. Samanburður byrjar í landi Kringlu þar sem línuleiðir valkosta aðskiljast og nær til þess staðar þar sem leiðirnar sameinast aftur í landi Tunguness. Sjá einnig skýringarmyndir D valkosta, myndir 8, 9, 10 og 11 í viðauka 2.

Tafla 67. Samanburður á umfangi framkvæmda á valkostum D3 og D1

| Matsþættir á umfangi framkvæmda | Valkostur D3 | Samanburðarvalkostur D1 |
|---|---|---|
| Minnsta fjarlægð línuleiðar frá bæjarhlöðum eða mikilvægum vinnusvæðum á bújörðum (m) | >500 | 300 |
| Fjöldi bújarða þar sem fjarlægð línu frá bæjarhlöðum eða mikilvægum vinnusvæðum er á bilinu 0 - 500 m. | 0 | 3 |
| Heildarfjöldi mastra í úthaga (þ.e. utan ræktaðs lands) | 57 | 75 |
| Þar af horn- / endamöstur í úthaga (fjöldi) | 6 | 6 |
| Heildarlengd línu um úthaga (m) | 19.950 | 26.300 |
| Helgunarsvæði í úthaga (ha, m. v. 65 - 85 m breitt belti) | 169,6 | 185,1 |
| Vegir í úthaga (m) | 20.930 | 30.110 |
| Þar af vegir í vel grónum úthaga (m) | 18.300 | 28.380 |
| Heildarfjöldi mastra í ræktuðu landi | 0 | 3 |
| Þar af horn- / endamöstur í ræktuðu landi (fjöldi) | 0 | 0 |
| Heildarlengd línu yfir ræktuðu landi (m) | 90 | 1.330 |
| Helgunarsvæði í ræktuðu landi (ha, m. v. 65 - 85 m breitt belti) | 0,8 | 9,2 |
| Vegir í ræktuðu landi (m) | 0 | 160 |
| Heildarfjöldi mastra í skógræktarlandi | 5 | 4 |
| Þar af horn- / endamöstur í skógræktarlandi | 0 | 1 |
| Heildarlengd línu yfir skipulögðu skógræktarlandi (m) | 1.570 | 910 |
| Helgunarsvæði í skógræktarlandi (ha, m. v. 65 - 85 m breitt belti) | 13,3 | 7,7 |
| Vegir í skógræktarlandi (m) | 1.380 | 1.100 |

**Áhrif vegna nálægðar framkvæmda við vinnusvæði bújarða (heimasvæði) og möguleg röskun á störfum tengdum búrekstri.**

Valkostur D3 og samanburðarvalkostur D1 liggja frá sameiginlegum punkti í landi Kringlu þaðan sem þeir liggja aðgreindir að punkti í landi Tunguness þar sem þeir sameinast aftur í valkost D1. Á enda valkostanna liggja þeir um sömu jarðir en á lengstum kafla leiðanna liggja þeir um mismunandi jarðir.

Að mestum hluta liggja þessir valkostir ekki í nálægð við bæjarhlöð og helstu vinnusvæði bújarða. Á báðum valkostum má þó búast við truflunum á framkvæmdatíma, sérstaklega þar sem umferð og efnisflutningar fara um heimreiðar og afleggjara eða eru í námunda við byggingar. Á valkosti D3 er í einu tilviki aðkoma að línuvegi fyrir 8 stæður um heimreið og bæjarhlað. Á þeim valkosti er túnvegur á annarri bújörð nýttur sem línuvegur og þar má búast við talsverðri umferð vegna efnisflutninga.

Samanburðarvalkostur D1 þverar tvær heimreiðar og er í þremur tilvikum nokkuð nálægt vinnusvæðum eða bæjarhlöðum bújarða. Á þeim valkosti má í tveimur tilvikum búast við umferð og efnisflutningum um bæjarhlað vegna lagningar línu. Á samanburðarvalkosti D1 eru 3 línumöstur staðsett í ræktuðu landi og liggja þar að þeim línuvegir um slíkt land. Þar má búast við raski og truflunum á framkvæmdatíma og til frambúðar munu spildur minnka sem nemur því landi sem fer undir línumannvirki. Á valkosti D3 eru engin línumannvirki í ræktuðu landi.

Samanburðarvalkostur D1 þverar eina heimreið, aðkoma að línumannvirkjum liggur um sameiginlega heimreið tveggja bújarða og bæjarhlað annarrar og á einni bújörð að auki má búast við flutningum um bæjarhlað eða í námunda við það. Valkostir þvera vegi og þar getur á framkvæmdatíma orðið röskun og truflanir sem mögulega hafa áhrif á bústörf.

Á valkosti D3 er minnsta fjarlægð bæjarhlaðs frá línuleið alltaf meiri en 500 m. Á samanburðarvalkosti D1 er fjarlægð línuleiðar frá bæjarhúsum eða helstu vinnusvæðum umhverfis þau í þremur tilvikum minni en 500 m. Þar af er línuleiðin í einu tilviki í 300 m fjarlægð frá bæjarhlaði og öðru tilviki 310 m.

Aðkomuvegir að línuvegum fyrir þessa valkosti tengjast héraðs-, tengi- eða stofnvegum. Valkostur D3 þverar Þjóðveg 1, Reykjabraut (724) og Svínvetningabraut (731), á einum stað hvern veg. Samanburðarvalkostur D1 á þessum kafla þverar þjóðveg 1, Miðásaveg (725), Svínvetningabraut (731) og Bakásaveg (7329). Þar sem lína þverar vegi má búast við tímabundnum truflunum sem gætu haft áhrif á bústörf. Búast má við einhverjum truflunum á framkvæmdatíma vegna aukinnar umferðar og þungaflutninga beint af þjóðvegi 1 og eins tengi- og héraðsvegum inn á línuvegi valkosta.

### Áhrif á beitarland og úthaga

Lagning línunnar getur haft nokkur áhrif á notkun úthaga á framkvæmdatíma. Báðir valkostir fara nær eingöngu um beitarhólf, vel gróna úthaga og í sumum tilfellum land sem taka mætti til ræktunar eða skógræktar. Bú á áhrifasvæðum valkosta eru með nautgripi, hross og sauðfé og eru háð aðgengi að beitarlandi og notkun þess. Beinna áhrifa mun helst gæta af umfangi línumannvirkja og raski við gerð þeirra s.s. þar sem línuleiðir og vegir þvera beitarhólf. Þar má búast við að girðingar verði opnar á meðan framkvæmdum stendur. Jafnframt má á framkvæmdatíma búast við talsverðri umferð vinnuvéla og þungaflutningum um beitarhólf og getur umferð og vinna við framkvæmdir komið styggð að búfé. Það getur raskað beitarskipulagi á bújörðum og takmarkað notkun beitarhólfa meðan á framkvæmdum stendur. Á báðum valkostum er gert ráð fyrir möstrum og línuvegum í landi, m.a. framræstu landi, sem gæti hentað vel til ræktunar og geta línumannvirki varanlega skert möguleika á slíkri nýtingu þess lands.

Á valkosti D3 er fyrirhugað að reisa 57 línumöstur í úthaga og beitarlöndum með tilheyrandi efnisflutningum og vegagerð. Þar af eru 6 horn- eða endamöstur sem eru stærri að umfangi en möstur þar sem línan liggur beint. Heildarlengd vega sem leggja þyrfti um úthaga og beitarlönd er samkvæmt uppdrætti 20,9 km. Af þeim liggja 18,3 km um vel gróið beitarland. Helgunarsvæði framkvæmda í úthaga er 169,6 ha og miðast við 85 m breitt svæði undir og umhverfis línu.

Á samanburðarvalkosti D1 er fyrirhugað að reisa 75 línumöstur í úthaga og beitarlöndum með tilheyrandi efnisflutningum og vegagerð. Þar af eru 6 horn- eða endamöstur sem eru stærri að umfangi en möstur þar sem línan liggur beint. Heildarlengd vega sem leggja þyrfti um úthaga og beitarlönd er samkvæmt uppdrætti 30,1 km, þar af 28,4 km um vel gróið beitarland. Helgunarsvæði framkvæmda í úthaga er 185,1 ha og miðast við 65 m breitt svæði undir og umhverfis línu.

**Áhrif á ræktunarland**

Bein áhrif vegna framkvæmda á ræktað land og skipulagt skógræktarland eru mest bundin umfangi línumannvirkja og staðsetningu þeirra þegar hún veldur óhagræði við nýtingu landsins. Búast má við einhverri umferð vinnuvéla yfir þannig land á framkvæmdatíma samhliða lagningu vega og uppsetningu línumannvirkja. Umferð um ræktað land getur valdið bælingu á uppskeru og þjöppun á jarðvegi. Mögulega þarf að opna girðingar og getur landið þá verið óvarið meðan á framkvæmd stendur.

Á valkosti D3 liggur línuleiðin yfir ræktað land á einni bújörð og liggur línan þar yfir ræktað land á 90 m kafla. Heildarflatarmál þeirra ræktunarspildna sem lenda innan helgunarsvæðis línunnar er 5,5 ha. Helgunarsvæði framkvæmda við línuna miðast við 85 m breitt svæði undir og meðfram línu og er á valkosti D3 samkvæmt túnkorti 0,8 ha af ræktuðu landi. Innan helgunarsvæðis línunnar má búast við raski á framkvæmdatíma og e.t.v. getur notkun innan þess svæðis verið takmörkuð að einhverju leyti. Engin línumannvirki lenda í ræktuðu landi á valkosti D3.

Á samanburðarvalkosti D1 liggur línuleiðin yfir ræktað land á fimm bújörðum og liggur línan þar yfir ræktað land samtals á 1.330 m kafla. Heildarflatarmál þeirra ræktunarspildna sem lenda innan helgunarsvæðis línunnar er 45,0 ha. Helgunarsvæði framkvæmda við línuna miðast við 65 m breitt svæði undir og meðfram línu og er á samanburðarvalkosti D1 samkvæmt túnkorti 9,2 ha af ræktuðu landi. Innan helgunarsvæðis línunnar má búast við raski á framkvæmdatíma og e.t.v. getur notkun innan þess svæðis verið takmörkuð að einhverju leyti. Á samanburðarvalkosti D1 lenda þrjú línumöstur í ræktuðu landi og samkvæmt uppdrætti er gert ráð fyrir 160 m línuvegi um ræktað land.

Búast má við talsverðum áhrifum á framkvæmdatíma vegna uppsetningar á möstrum og veglagninga og raski vegna vinnu og þungaflutninga sem m.a. geta valdið bælingu á gróðri, þjöppun á jarðvegi og rýrt uppskeru ræktunarspildna. Á samanburðarvalkosti D1 mun ræktað land minnka varanlega sem nemur umfangi línumannvirkja og búast má við að nýting ræktunarspildna verði ekki eins góð vegna breyttrar lögunar þeirra og aukinna jaðaráhrifa.

Á báðum valkostum eru bújarðir með skipulögð skógræktarsvæði. Á valkosti D3 er það á tveimur bújörðum en á samanburðarvalkosti D1 á einni bújörð.

Á valkosti D3 eru 5 línumöstur fyrirhuguð í skipulögðu skógræktarlandi og liggur línuleiðin þar yfir 1.570 m af landi. Helgunarsvæði framkvæmdar vegna línunnar miðast við 85 m breitt svæði undir og meðfram línu og nemur það á valkosti D3 samkvæmt uppdrætti 13,3 ha af skipulögðu skógræktarlandi. Á valkosti D3 er veglagning yfir skipulagt skógræktarland 1.380 m samkvæmt uppdrætti.

Á samanburðarvalkosti D1 eru 4 línumöstur fyrirhuguð á skipulögðu skógræktarlandi og þar af er 1 hornmastur sem er stærra að umfangi en möstur þar sem línan liggur beint. Á valkostinum liggur línuleiðin yfir 910 m af skipulögðu skógræktarlandi. Helgunarsvæði framkvæmdar vegna línunnar á samanburðarvalkosti D1 miðast við 65 m breitt svæði undir og meðfram línu og nemur það samkvæmt uppdrætti 7,7 ha af skipulögðu skógræktarlandi. Á valkostinum er veglagning yfir skipulagt skógræktarland 1.100 m samkvæmt uppdrætti.

Á skógræktarsvæðum sem línuleið liggur um má búast við talsverðum áhrifum vegna framkvæmda sem vara bæði á framkvæmda- og rekstrartíma línunnar. Á framkvæmdatíma má búast við talsverðu raski vegna vinnu við uppsetningu á möstrum og gerð annarra mannvirkja auk umferðar og þungaflutninga. Varanleg áhrif á rekstrartíma línunnar verða nokkur, skógræktarland mun minnka varanlega á báðum valkostum sem nemur línumannvirkjum og helgunarsvæði línunnar og mögulega þarf að ryðja skóg sem þegar hefur verið plantað innan þess svæðis.

**Samantekt**

Milli valkostanna er nokkur munur á áhrifum framkvæmda á landbúnað og skógrækt. Beinna áhrifa gætir helst á framkvæmdatíma og einkennast þau mest af raski vegna mannvirkjagerðar og geta þau valdið truflun á búrekstri. Línuleið beggja valkosta liggur almennt í nokkurri fjarlægð frá bæjarhlöðum bújarða og öðrum vinnusvæðum en á samanburðarvalkosti D1 er að finna tvö tilvik þar sem þessi fjarlægð er 300 og 310 m. Á valkosti D3 er ekkert tilvik þar sem bæjarstæði eða vinnusvæði á bújörð er nær línuleið en 500 m. Á valkosti D3 er á einni bújörð aðkoma að línumannvirkjum um heimreið og á annarri bújörð um túnveg. Heimreiðar að fjórum bújörðum eru þveraðar eða nýttar sem aðkomuvegir að línumannvirkjum fyrir samanburðarvalkost D1. Þar sem lína þverar heimreiðir, þar sem þær eða aðrir vegir eru notaðir sem aðkomuvegir að línumannvirkjum og þar sem umferð og flutningar verða um bæjarhlöð má búast við röskun og truflunum við bústörf meðan á framkvæmdum stendur. Gera má ráð fyrir að áhrif verði meiri á samanburðarvalkosti D1 en D3 vegna notkunar á heimreiðum og nálægðar við bæjarhlöð.

Báðir valkostir fara að mestu leyti um beitarhólf, gróna úthaga og þvera bæði línuleið og línuvegir þessi hólf. Beinna áhrifa mun helst gæta af umfangi línumannvirkja og raski við gerð þeirra s.s. við lagningu vega og uppsetningu línumastra. Þar sem línuleiðir og vegir liggja má búast við að girðingar verði opnar milli aðskildra hólfa á meðan framkvæmdum stendur. Varanleg áhrif á landbúnað felast í grónu landi sem fer undir línumannvirki sem nemur umfangi þeirra. Á línuleiðinni má finna gott land sem taka mætti til ræktunar en það land mun minnka varanlega sem nemur umfangi þeirra mannvirkja sem lenda á því landi. Þannig land er að finna á báðum valkostum og lítill munur á milli þeirra hvað það snertir.

Á valkosti D3 eru engin línumannvirki í ræktuðu landi en þar liggur 90 m kafli af línunni yfir ræktuðu landi á einni bújörð. Á samanburðarvalkosti D1 eru áhrifin mun meiri. Þar fer línan yfir ræktað land á fimm bújörðum og munu 3 möstur lenda í ræktuðu landi, hvert í sinni spildunni og línuvegir að þeim verða 160 m að lengd. Þar má búast við talsverðum áhrifum á framkvæmdatíma og mun ræktað land minnka varanlega sem nemur umfangi línumannvirkja og má búast við lakari nýtingu viðkomandi ræktunarspildna vegna breyttrar lögunar og aukinna jaðaráhrifa.

Á valkostunum fer línuleiðin um skipulagt skógræktarland og gætir áhrifa á þeim báðum. Í heildina má búast við heldur meiri áhrifum á valkosti D3 ef horft er til línumannvirkja og einnig er línuleiðin yfir skipulagt skógræktarland þar heldur lengri og helgunarsvæði framkvæmda stærra.

Á báðum valkostum má búast við óbeinum áhrifum af óviðkomandi umferð milli afgirtra hólfa með tilkomu línuvega sem liggja frá almennu vegakerfi og einnig þar sem hentugt land til ræktunar skerðist af völdum línumannvirkja.

## 6.5 Samanburður á umfangi og áhrifum framkvæmda milli valkosta A2 og A1 á framkvæmda- og rekstrartíma

Tafla 68 sýnir samanburð á umfangi framkvæmda á valkostum A2 og samanburðarvalkosti A1. Samanburðarsvæðið er á hálendi og nær frá Víðidalstunguheiði þar sem línuleiðir valkosta aðskiljast og til þess staðar þar sem þeir koma saman sunnan við Bótarfell í landi Sjálfseignarstofnunarinnar Auðkúluheiðar. Sjá einnig skýringarmyndir A og B valkosta, myndir 6, 7, 8 og 9 í viðauka 3.

Tafla 68. Samanburður á umfangi framkvæmda á valkostum A2 og A1

| Matsþættir á umfangi framkvæmda | Valkostur A2 | Samanburðarvalkostur A1 |
|---|---|---|
| Minnsta fjarlægð línuleiðar frá bæjarhlöðum eða mikilvægum vinnusvæðum á bújörðum (m) | 470 | >500 |
| Fjöldi bújarða þar sem fjarlægð línu frá bæjarhlöðum eða mikilvægum vinnusvæðum er á bilinu 0 - 500 m. | 1 | 0 |
| Heildarfjöldi mastra í úthaga (þ.e. utan ræktaðs lands) | 69 | 60 |
| Þar af horn- / endamöstur í úthaga (fjöldi) | 4 | 4 |
| Heildarlengd línu um úthaga (m) | 23.880 | 20.990 |
| Helgunarsvæði í úthaga (ha, m. v. 65 - 85 m breitt belti) | 203,0 | 178,4 |
| Vegir í úthaga (m) | 24.420 | 21.600 |
| Þar af vegir í vel grónum úthaga (m) | 2.420 | 5.890 |
| Heildarfjöldi mastra í ræktuðu landi | 0 | 0 |
| Þar af horn- / endamöstur í ræktuðu landi (fjöldi) | 0 | 0 |
| Heildarlengd línu yfir ræktuðu landi (m) | 0 | 0 |
| Helgunarsvæði í ræktuðu landi (ha, m. v. 65 - 85 m breitt belti) | 0 | 0 |
| Vegir í ræktuðu landi (m) | 0 | 0 |
| Heildarfjöldi mastra í skógræktarlandi | 0 | 0 |
| Þar af horn- / endamöstur í skógræktarlandi | 0 | 0 |
| Heildarlengd línu yfir skipulögðu skógræktarlandi (m) | 0 | 0 |
| Helgunarsvæði í skógræktarlandi (ha, m. v. 65 - 85 m breitt belti) | 0 | 0 |
| Vegir í skógræktarlandi (m) | 0 | 0 |

**Áhrif vegna nálægðar framkvæmda við vinnusvæði bújarða (heimasvæði) og möguleg röskun á störfum tengdum búrekstri.**

Báðir valkostir A2 og samanburðarvalkostur A1 eru á hálendi og liggja línuleiðir um svæði sem eru þjóðlendur eða sameignarlönd. Bein áhrif framkvæmda á landbúnað og skógrækt eru lítil á þessum valkostum en þar eru línuleiðir fjarri bæjarstæðum og öðrum mikilvægum vinnusvæðum bænda. Í einu tilviki á valkosti A2 eru gangnamannahús og hesthús sem því tengist í minna en 500 m fjarlægð frá línuleið. Ef framkvæmdir á þessu svæði eru seinni part sumars eða að hausti getur það mögulega haft einhver truflandi áhrif á störf gangnamanna.

Aðkomuvegir fyrir þessa valkosti tengjast héraðsvegum og má þar búast við aukinni umferð á framkvæmdatíma. Aðkomuvegir sem liggja um byggð eru að mestu þeir sömu fyrir báða valkosti og er ekki hægt að greina mun á milli þeirra.

**Áhrif á beitarland og úthaga**

Báðir valkostir liggja alfarið í úthaga, sem eru mismikið grónir og á hálendi þar sem eru sumarhagar fyrir sauðfé og hefur lagning línunnar lítil áhrif á notkun úthaga og beitarlanda. Bein áhrif framkvæmda eru sambærileg á báðum valkostum og eru að mestu bundin raski við gerð línumannvirkja meðan á framkvæmdum stendur og umfangi þeirra. Mögulega geta framkvæmdir komið styggð að búfé og sér í lagi ef framkvæmdatími er að hausti þegar smalamennska á afréttarlöndum stendur yfir. Ef framkvæmdir á þeim tíma eru nálægt mikilvægum smalaleiðum gæti myndast fyrirstaða eða önnur truflun á störfum gangnamanna. Varanleg áhrif felast helst í stærð gróins lands sem fer undir línumannvirki. Samkvæmt greiningu af loftmyndum er heldur meira gróið land þar sem samanburðarvalkostur A1 liggur en það land sem valkostur A2 liggur um og eins virðist þar heldur meiri beitargróður þegar lesið er úr upplýsingum af vistgerðakorti NÍ.

Á valkosti A2 er fyrirhugað að reisa 69 línumöstur í úthaga og beitarlöndum með tilheyrandi efnisflutningum og vegagerð. Þar af eru 4 horn- eða endamöstur sem eru stærri að umfangi en möstur þar sem línan liggur beint. Heildarlengd vega sem leggja þyrfti um úthaga og beitarlönd er samkvæmt uppdrætti 24,4 km. Af þeim liggja 2,4 km um vel gróið beitarland. Helgunarsvæði framkvæmda í úthaga er 203,0 ha og miðast við 85 m breitt svæði undir og umhverfis línu.

Á samanburðarvalkosti A1 er fyrirhugað að reisa 60 línumöstur í úthaga og beitarlöndum með tilheyrandi efnisflutningum og vegagerð. Þar af eru 4 horn- eða endamöstur sem eru stærri að umfangi en möstur þar sem línan liggur beint. Heildarlengd vega sem leggja þyrfti um úthaga og beitarlönd er samkvæmt uppdrætti 21,6 km, þar af 5,9 km um vel gróið beitarland. Helgunarsvæði framkvæmda í úthaga er 178,4 ha og miðast við 85 m breitt svæði undir og umhverfis línu.

Óbein áhrif koma helst fram þar sem búast má við óviðkomandi umferð um svæðið með tilkomu línuvega. Slík umferð gæti truflað sauðfé í sumarhögum og lömb þvælst undan mæðrum sínum.

**Áhrif á ræktunarland og skógrækt**

Hvorugur valkosta fer um ræktað land eða skógrækt.

**Samantekt**

Báðir valkostir eru á hálendi og liggja um svæði þar sem eru sumarhagar fyrir sauðfé. Áhrif valkosta á landbúnað og skógrækt eru lítil og er lítill munur þeirra á milli. Á valkosti A2 eru gangnamannahús og hesthús sem því tengist í minna en 500 m fjarlægð frá línuleið en annars er fjarlægð frá línuleiðum að bæjarstæðum eða mikilvægum vinnusvæðum bænda mjög mikil á þessum valkostum.

Báðir valkostir liggja alfarið í úthaga, á landi sem er misvel gróið. Á milli valkosta er lítill munur á beinum áhrifum framkvæmda en þau eru að mestu bundin raski við gerð línumannvirkja á meðan framkvæmdum stendur og umfangi þeirra. Mögulega geta framkvæmdir komið styggð að búfé og truflað störf gangnamanna séu þær á þeim tíma sem smalamennska á sér stað. Varanleg áhrif felast helst í stærð gróins lands sem fer undir línumannvirki. Lítill munur er á milli valkosta hvað þetta varðar en þó virðist land aðeins meira gróið á samanburðarvalkosti A1 samkvæmt greiningu á loftmyndum.

Óbein áhrif koma helst fram þar sem búast má við óviðkomandi umferð um svæðið með tilkomu línuvega. Slík umferð gæti truflað sauðfé í sumarhögum og lömb orðið viðskila við mæður sínar.

## 6.6 Samanburður á umfangi og áhrifum framkvæmda milli valkosta B2 og B1 á framkvæmda- og rekstrartíma

Tafla 69 sýnir samanburð á umfangi framkvæmda á valkostum B2 og samanburðarvalkosti B1. Samanburðarsvæðið er á hálendi og nær frá Grímstunguheiði þar sem línuleiðir valkosta aðskiljast sunnan og vestan við Bótarfell og til þess staðar þar sem þeir koma saman á Auðkúluheiði norðan Friðmundarvatna. Sjá einnig skýringarmyndir A og B valkosta, mynd 9 í viðauka 3.

Tafla 69. Samanburður á umfangi framkvæmda á valkostum B2 og B1

| Matsþættir á umfangi framkvæmda | Valkostur B2 | Samanburðarvalkostur B1 |
|---|---|---|
| Minnsta fjarlægð línuleiðar frá bæjarhlöðum eða mikilvægum vinnusvæðum á bújörðum (m) | >500 | >500 |
| Fjöldi bújarða þar sem fjarlægð línu frá bæjarhlöðum eða mikilvægum vinnusvæðum er á bilinu 0 - 500 m. | 0 | 0 |
| Heildarfjöldi mastra í úthaga (þ.e. utan ræktaðs lands) | 32 | 29 |
| Þar af horn- / endamöstur í úthaga (fjöldi) | 3 | 3 |
| Heildarlengd línu um úthaga (m) | 11.080 | 9.700 |
| Helgunarsvæði í úthaga (ha, m. v. 65 - 85 m breitt belti) | 94,2 | 82,5 |
| Vegir í úthaga (m) | 10.960 | 10.070 |
| Þar af vegir í vel grónum úthaga (m) | 2.930 | 720 |
| Heildarfjöldi mastra í ræktuðu landi | 0 | 0 |
| Þar af horn- / endamöstur í ræktuðu landi (fjöldi) | 0 | 0 |
| Heildarlengd línu yfir ræktuðu landi (m) | 0 | 0 |
| Helgunarsvæði í ræktuðu landi (ha, m. v. 65 - 85 m breitt belti) | 0 | 0 |
| Vegir í ræktuðu landi (m) | 0 | 0 |
| Heildarfjöldi mastra í skógræktarlandi | 0 | 0 |
| Þar af horn- / endamöstur í skógræktarlandi | 0 | 0 |
| Heildarlengd línu yfir skipulögðu skógræktarlandi (m) | 0 | 0 |
| Helgunarsvæði í skógræktarlandi (ha, m. v. 65 - 85 m breitt belti) | 0 | 0 |
| Vegir í skógræktarlandi (m) | 0 | 0 |

**Áhrif vegna nálægðar framkvæmda við vinnusvæði bújarða (heimasvæði) og möguleg röskun á störfum tengdum búrekstri.**

Báðir valkostir, B2 og samanburðarvalkostur B1 eru á hálendi og heiðarlöndum. Þar liggja línuleiðir um svæði sem eru sameignarlönd og þjóðlendur en einnig að hluta yfir eignarlönd tveggja bújarða. Bein áhrif framkvæmda á landbúnað og skógrækt eru lítil á þessum valkostum og línuleiðir fjarri bæjarstæðum og öðrum mikilvægum vinnusvæðum á bújörðum. Ef framkvæmdir á þessu svæði eru seinni part sumars eða að hausti getur það mögulega haft einhver truflandi áhrif á störf gangnamanna.

Aðkomuvegir fyrir þessa valkosti tengjast héraðsvegum og má þar búast við aukinni umferð á framkvæmdatíma. Aðkomuvegir sem liggja um byggð eru að mestu þeir sömu fyrir báða valkosti og er ekki hægt að greina mun á milli þeirra.

### Áhrif á beitarland og úthaga

Báðir valkostir liggja alfarið í úthaga, sem eru mismikið grónir og á hálendi þar sem eru sumarhagar fyrir sauðfé og mögulega hross. Lagning línunnar hefur lítil áhrif á notkun úthaga og beitarlanda og bein áhrif framkvæmda eru sambærileg á báðum valkostum. Þau eru að mestu bundin raski við gerð línumannvirkja meðan á framkvæmdum stendur og umfangi þeirra en mögulega getur komið styggð að búfé ef framkvæmdir hitta á vissa tíma og eru á svæðum þar sem búast má við búfé haldi sig. Þetta er t.d. ef framkvæmdatími er snemma sumars á svæðum þar sem lambfé er sleppt í sumarhaga eða að hausti þegar göngur og smalamennska á afréttarlöndum stendur yfir. Ef framkvæmdir á þeim tíma eru nálægt mikilvægum smalaleiðum gæti myndast fyrirstaða eða önnur truflun á störfum gangnamanna. Á þessu svæði gætu línuleiðir þverað girðingar sem skilja að beitarhólf og má búast við að þær verði opnar á meðan framkvæmdum stendur. Varanleg áhrif felast helst í stærð af gróins lands sem fer undir línumannvirki. Samkvæmt greiningu af loftmyndum er land þar sem valkostur B2 liggur heldur meira gróið en land sem samanburðarvalkostur B1 liggur um og eins virðist þar heldur meiri beitargróður þegar lesið er úr upplýsingum á vistgerðarkorti NÍ.

Á valkosti B2 er fyrirhugað að reisa 32 línumöstur í úthaga og beitarlöndum með tilheyrandi efnisflutningum og vegagerð. Þar af eru 3 horn- eða endamöstur sem eru stærri að umfangi en möstur þar sem línan liggur beint. Heildarlengd vega sem leggja þyrfti um úthaga og beitarlönd er samkvæmt uppdrætti 11,0 km. Af þeim liggja 2,9 km um vel gróið beitarland. Helgunarsvæði framkvæmda í úthaga er 94,2 ha og miðast við 85 m breitt svæði undir og umhverfis línu.

Á samanburðarvalkosti B1 er fyrirhugað að reisa 29 línumöstur í úthaga og beitarlöndum með tilheyrandi efnisflutningum og vegagerð. Þar af eru 3 horn- eða endamöstur sem eru stærri að umfangi en möstur þar sem línan liggur beint. Heildarlengd vega sem leggja þyrfti um úthaga og beitarlönd er samkvæmt uppdrætti 10,1 km, þar af 0,7 km um vel gróið beitarland. Helgunarsvæði framkvæmda í úthaga er 82,5 ha og miðast við 85 m breitt svæði undir og umhverfis línu.

Óbein áhrif koma helst fram þar sem búast má við óviðkomandi umferð um svæðið með tilkomu línuvega. Slík umferð gæti trufla sauðfé í sumarhögum og lömb þvælst undan mæðrum sínum.

### Áhrif á ræktunarland og skógrækt

Hvorugur valkosta fer um ræktað land eða skógrækt.

### Samantekt

Línuleiðir beggja valkosta liggja um hálendi og heiðarlönd, um svæði þar sem eru sumarhagar fyrir sauðfé og mögulega hross. Áhrif valkosta á landbúnað og skógrækt eru lítil og raska framkvæmdir lítið störfum tengdum búrekstri. Lítill munur er milli valkosta hvað það varðar.

Báðir valkostir liggja alfarið í úthaga, á landi sem er misvel gróið. Á milli valkosta er lítill munur á beinum áhrifum framkvæmda en þau eru að mestu bundin raski við gerð línumannvirkja á meðan framkvæmdum stendur og umfangi þeirra. Mögulega geta framkvæmdir komið styggð að búfé og truflað störf gangnamanna séu þær á þeim tíma þegar sleppa á lambfé eða þegar smalamennska á sér stað. Varanleg áhrif felast helst í stærð gróins lands sem fer undir línumannvirki. Lítill munur er á milli valkosta hvað þetta varðar en þó virðist land aðeins meira gróið á valkosti B2 samkvæmt greiningu á loftmyndum.

Óbein áhrif koma helst fram þar sem búast má við óviðkomandi umferð um svæðið með tilkomu línuvega. Slík umferð gæti truflað sauðfé í sumarhögum og lömb orðið viðskila við mæður sínar.

## 6.7 Samanburður á umfangi og áhrifum framkvæmda milli valkosta A2B2 og A1B1 á framkvæmda- og rekstrartíma

Tafla 70 sýnir samanburð á umfangi framkvæmda á valkostum A2B2 og samanburðarvalkosti A1B1. Samanburðarsvæðið er á hálendi og nær frá Víðidalstunguheiði þar sem línuleiðir valkosta aðskiljast og til þess staðar þar sem þeir koma saman á Auðkúluheiði norðan Friðmundarvatna. Sjá einnig skýringarmyndir A og B valkosta, myndir 6, 7, 8 og 9 í viðauka 3.

Tafla 70. Samanburður á umfangi framkvæmda á valkostum A2B2 og A1B1

| Matsþættir á umfangi framkvæmda | Valkostur A2B2 | Valkostur A1B1 |
|---|---|---|
| Minnsta fjarlægð línuleiðar frá bæjarhlöðum eða mikilvægum vinnusvæðum á bújörðum (m) | 470 | >500 |
| Fjöldi bújarða þar sem fjarlægð línu frá bæjarhlöðum eða mikilvægum vinnusvæðum er á bilinu 0 - 500 m. | 1 | 0 |
| Heildarfjöldi mastra í úthaga (þ.e. utan ræktaðs lands) | 92 | 80 |
| Þar af horn- / endamöstur í úthaga (fjöldi) | 5 | 5 |
| Heildarlengd línu um úthaga (m) | 32.140 | 27.870 |
| Helgunarsvæði í úthaga (ha, m. v. 65 - 85 m breitt belti) | 273,2 | 236,9 |
| Vegir í úthaga (m) | 30.940 | 29.230 |
| Þar af vegir í vel grónum úthaga (m) | 4.880 | 6.230 |
| Heildarfjöldi mastra í ræktuðu landi | 0 | 0 |
| Þar af horn- / endamöstur í ræktuðu landi (fjöldi) | 0 | 0 |
| Heildarlengd línu yfir ræktuðu landi (m) | 0 | 0 |
| Helgunarsvæði í ræktuðu landi (ha, m. v. 65 - 85 m breitt belti) | 0 | 0 |
| Vegir í ræktuðu landi (m) | 0 | 0 |
| Heildarfjöldi mastra í skógræktarlandi | 0 | 0 |
| Þar af horn- / endamöstur í skógræktarlandi | 0 | 0 |
| Heildarlengd línu yfir skipulögðu skógræktarlandi (m) | 0 | 0 |
| Helgunarsvæði í skógræktarlandi (ha, m. v. 65 - 85 m breitt belti) | 0 | 0 |
| Vegir í skógræktarlandi (m) | 0 | 0 |

**Áhrif vegna nálægðar framkvæmda við vinnusvæði bújarða (heimasvæði) og möguleg röskun á störfum tengdum búrekstri.**

Báðir valkostir, A2B2 og A1B1 eru á hálendi og liggja línuleiðir að mestu um svæði sem eru þjóðlendur eða sameignarlönd en einnig að hluta um eignarlönd tveggja bújarða. Bein áhrif framkvæmda á landbúnað og skógrækt eru lítil á þessum valkostum en þar eru línuleiðir fjarri bæjarstæðum og öðrum mikilvægum vinnusvæðum bænda. Í einu tilviki á valkosti A2B2 eru gangnamannahús og hesthús sem því tengist í minna en 500 m fjarlægð frá línuleið. Ef framkvæmdir á þessu svæði eru seinni part sumars eða að hausti getur það mögulega haft einhver truflandi áhrif á störf gangnamanna.

Aðkomuvegir fyrir þessa valkosti tengjast héraðsvegum og má þar búast við aukinni umferð á framkvæmdatíma. Aðkomuvegir sem liggja um byggð eru að mestu þeir sömu fyrir báða valkosti og er ekki hægt að greina mun á milli þeirra.

### Áhrif á beitarland og úthaga

Báðir valkostir liggja alfarið í úthaga, sem eru mismikið grónir og á hálendi þar sem eru sumarhagar fyrir sauðfé og mögulega hross. Lagning línunnar hefur lítil áhrif á notkun úthaga og beitarlanda og bein áhrif framkvæmda eru sambærileg á báðum valkostum. Þau eru að mestu bundin raski við gerð línumannvirkja meðan á framkvæmdum stendur og umfangi þeirra. Mögulega getur komið styggð að búfé ef framkvæmdir eru á ákveðnum tímum eða svæðum þar sem búfé heldur sig. Þetta er t.d. ef framkvæmdatími er snemma sumars á svæðum þar sem lambfé er sleppt í sumarhaga eða að hausti þegar göngur og smalamennska á afréttarlöndum standa yfir. Ef framkvæmdir á þeim tíma eru nálægt mikilvægum smalaleiðum gæti myndast fyrirstaða eða önnur truflun á störfum gangnamanna. Á þessu svæði gætu línuleiðir þverað girðingar sem skilja að beitarhólf og má búast við að þær verði opnar á meðan framkvæmdum stendur. Varanleg áhrif felast helst í stærð þess gróna lands sem fer undir línumannvirki. Samkvæmt greiningu af loftmyndum er í heild lítill munur á milli þessara valkosta hversu gróið landið er sem þeir fara yfir.

Á valkosti A2B2 er fyrirhugað að reisa 92 línumöstur í úthaga og beitarlöndum með tilheyrandi efnisflutningum og vegagerð. Þar af eru 5 horn- eða endamöstur sem eru stærri að umfangi en möstur þar sem línan liggur beint. Heildarlengd vega sem leggja þyrfti um úthaga og beitarlönd er samkvæmt uppdrætti 30,9 km. Af þeim liggja 4,9 km um vel gróið beitarland. Helgunarsvæði framkvæmda í úthaga er 273,2 ha og miðast við 85 m breitt svæði undir og umhverfis línu.

Á samanburðarvalkosti A1B1 er fyrirhugað að reisa 80 línumöstur í úthaga og beitarlöndum með tilheyrandi efnisflutningum og vegagerð. Þar af eru 5 horn- eða endamöstur sem eru stærri að umfangi en möstur þar sem línan liggur beint. Heildarlengd vega sem leggja þyrfti um úthaga og beitarlönd er samkvæmt uppdrætti 29,2 km, þar af 6,2 km um vel gróið beitarland. Helgunarsvæði framkvæmda í úthaga er 236,9 ha og miðast við 85 m breitt svæði undir og umhverfis línu.

Óbein áhrif koma helst fram þar sem búast má við óviðkomandi umferð um svæðið með tilkomu línuvega. Slík umferð gæti truflað sauðfé í sumarhögum og lömb þvælst undan mæðrum sínum.

### Áhrif á ræktunarland og skógrækt

Hvorugur valkosta fer um ræktað land eða skógrækt.

### Samantekt

Báðir valkostir eru á hálendi og heiðarlöndum og liggja um svæði þar sem eru sumarhagar fyrir sauðfé og mögulega hross. Áhrif valkosta á landbúnað og skógrækt eru lítil og er lítill munur þeirra á milli. Á valkosti A2B2 eru gangnamannahús og hesthús sem því tengist í minna en 500 m fjarlægð frá línuleið. Annars er fjarlægð frá línuleiðum að bæjarstæðum eða mikilvægum vinnusvæðum bænda mjög mikil á þessum valkostum og raskar lítið störfum tengdum búrekstri.

Báðir valkostir liggja alfarið í úthaga, á landi sem er misvel gróið. Á milli valkosta er lítill munur á beinum áhrifum framkvæmda en þau eru að mestu bundin raski við gerð línumannvirkja á meðan

framkvæmdum stendur og umfangi þeirra. Mögulega geta framkvæmdir komið styggð að búfé og truflað störf gangnamanna séu þær á þeim tíma sem smalamennska á sér stað. Varanleg áhrif felast helst í stærð þess gróna lands sem fer undir línumannvirki. Lítill munur er á milli valkosta hvað varðar gróið land sem fer undir slík mannvirki.

Óbein áhrif koma helst fram þar sem búast má við óviðkomandi umferð um svæðið með tilkomu línuvega. Slík umferð gæti truflað sauðfé í sumarhögum og lömb orðið viðskila við mæður sínar.

## 6.8 Samanburður á umfangi og áhrifum framkvæmda milli valkosta A3 og A1B1 á framkvæmda- og rekstrartíma

Tafla 71 sýnir samanburð á umfangi framkvæmda á valkostum A3 og samanburðarvalkosti A1B1. Samanburðarsvæðið er á hálendi og nær úr landi Þórormstungu þar sem línuleiðir valkosta aðskiljast og í tengivirki í landi Eiðsstaða. Sjá einnig skýringarmyndir A og B valkosta, myndir 10 og 11 í viðauka 3.

Tafla 71. Samanburður á umfangi framkvæmda á valkostum A3 og A1B1

| **Matsþættir á umfangi framkvæmda** | **Valkostur A3** | **Samanburðarvalkostur A1B1** |
| --- | --- | --- |
| Minnsta fjarlægð línuleiðar frá bæjarhlöðum eða mikilvægum vinnusvæðum á bújörðum (m) | >500 | >500 |
| Fjöldi bújarða þar sem fjarlægð línu frá bæjarhlöðum eða mikilvægum vinnusvæðum er á bilinu 0 - 500 m. | 0 | 0 |
| Heildarfjöldi mastra í úthaga (þ.e. utan ræktaðs lands) | 35 | 39 |
| Þar af horn- / endamöstur í úthaga (fjöldi) | 3 | 3 |
| Heildarlengd línu um úthaga (m) | 11.970 | 14.040 |
| Helgunarsvæði í úthaga (ha, m. v. 65 - 85 m breitt belti) | 101,7 | 119,3 |
| Vegir í úthaga (m) | 10.620 | 12.790 |
| Þar af vegir í vel grónum úthaga (m) | 9.980 | 4.980 |
| Heildarfjöldi mastra í ræktuðu landi | 0 | 0 |
| Þar af horn- / endamöstur í ræktuðu landi (fjöldi) | 0 | 0 |
| Heildarlengd línu yfir ræktuðu landi (m) | 0 | 0 |
| Helgunarsvæði í ræktuðu landi (ha, m. v. 65 - 85 m breitt belti) | 0 | 0 |
| Vegir í ræktuðu landi (m) | 0 | 0 |
| Heildarfjöldi mastra í skógræktarlandi | 8 | 3 |
| Þar af horn- / endamöstur í skógræktarlandi | 3 | 2 |
| Heildarlengd línu yfir skipulögðu skógræktarlandi (m) | 2.300 | 640 |
| Helgunarsvæði í skógræktarlandi (ha, m. v. 65 - 85 m breitt belti) | 19,6 | 5,4 |
| Vegir í skógræktarlandi (m) | 1.870 | 380 |

**Áhrif vegna nálægðar framkvæmda við vinnusvæði bújarða (heimasvæði) og möguleg röskun á störfum tengdum búrekstri.**

Báðir valkostir, A3 og samanburðarvalkostur A1B1 eru á heiðarlöndum og ná inn á hálendi. Línuleið valkostar A3 liggur nær öll um þjóðlendur, sameignarland eða land í eigu opinberra aðila. Svæðið sem samanburðarvalkostur A1B1 liggur um er nærri að hálfu leyti eignarlönd fjögurra bújarða en annars liggja línuleiðir valkostarins um svæði sem eru þjóðlendur eða sameignarlönd. Bein áhrif framkvæmda á landbúnað og skógrækt eru lítil á þessum valkostum en þar eru línuleiðir fjarri bæjarstæðum og öðrum mikilvægum vinnusvæðum bænda. Báðir valkostir fara um samningsbundið skógræktarsvæði á einni bújörð, þeirri sömu á þeim báðum.

Aðkomuvegir beggja valkosta tengjast einum stofnvegi, Kjalvegi (35), Svínvetningabraut (731) og Vatnsdalsvegi (722). Á samanburðarvalkosti A1B2 liggja aðkomuvegir einnig frá Svínadalsvegi (727). Búast má við aukinni umferð um þessa vegi og truflun vegna hennar á framkvæmdatíma.

**Áhrif á beitarland og úthaga**

Báðir valkostir liggja að mestu leyti í úthögum, sem eru misgrónir, á heiðum og hálendi þar sem eru sumarhagar fyrir sauðfé og hross. Lagning línunnar hefur frekar lítil áhrif á notkun úthaga og beitarlanda, þó má vænta meiri áhrifa á samanburðarvalkosti A1B1 á svæðum þar sem línan liggur um heimalönd bújarða. Bein áhrif framkvæmda eru að mestu bundin raski við gerð línumannvirkja meðan á framkvæmdum stendur og umfangi þeirra. Mögulega getur komið styggð að búfé ef framkvæmdir eru á ákveðnum tímum eða svæðum þar sem búfé heldur sig. Þetta er t.d. ef framkvæmdatími er snemma sumars á svæðum þar sem lambfé er sleppt í sumarhaga eða að hausti þegar göngur og smalamennska á afréttarlöndum standa yfir. Ef framkvæmdir á þeim tíma eru nálægt mikilvægum smalaleiðum gæti myndast fyrirstaða eða önnur truflun á störfum gangnamanna. Á þessu svæði gætu línuleiðir þverað girðingar sem skilja að beitarhólf og má búast við að þær verði opnar á meðan framkvæmdum stendur. Varanleg áhrif felast helst í stærð þess gróna lands sem fer undir línumannvirki. Samkvæmt greiningu af loftmyndum má vænta heldur meiri beitaruppskeru á landi sem valkosturA3 fer um en samanburðarvalkostur A1B1.

Á valkosti A3 er fyrirhugað að reisa 35 línumöstur í úthaga og beitarlöndum með tilheyrandi efnisflutningum og vegagerð. Þar af eru 3 horn- eða endamöstur sem eru stærri að umfangi en möstur þar sem línan liggur beint. Heildarlengd vega sem leggja þyrfti um úthaga og beitarlönd er samkvæmt uppdrætti 10,6 km. Af þeim liggja 6,0 km um vel gróið beitarland. Helgunarsvæði framkvæmda í úthaga er 101,7 ha og miðast við 85 m breitt svæði undir og umhverfis línu.

Á samanburðarvalkosti A1B1 er fyrirhugað að reisa 39 línumöstur í úthaga og beitarlöndum með tilheyrandi efnisflutningum og vegagerð. Þar af eru 3 horn- eða endamöstur sem eru stærri að umfangi en möstur þar sem línan liggur beint. Heildarlengd vega sem leggja þyrfti um úthaga og beitarlönd er samkvæmt uppdrætti 12,8 km, þar af 5,0 km um vel gróið beitarland. Helgunarsvæði framkvæmda í úthaga er 119,3 ha og miðast við 85 m breitt svæði undir og umhverfis línu.

Óbein áhrif koma helst fram þar sem búast má við óviðkomandi umferð um svæðið með tilkomu línuvega. Slík umferð gæti truflað búfé í sumarhögum og lömb þvælst undan ám.

### Áhrif á ræktunarland og skógrækt

Hvorugur valkosta fer um ræktað land en á báðum valkostum er bújörð með skipulögð skógræktarsvæði. Á skógræktarsvæðunum sem línuleið liggur um má búast við áhrifum vegna framkvæmda sem vara bæði á framkvæmda- og rekstrartíma línunnar. Á framkvæmdatíma má búast við talsverðu raski vegna vinnu við uppsetningu á möstrum og gerð annarra mannvirkja auk umferðar og þungaflutninga. Áhrif á skógrækt verður heldur meiri ef valkostur A3 verður valinn þar sem línuleið hans þverar skógræktarlönd á lengri kafla en samanburðarvalkostur A1B1 og umfang línumannvirkja er meira.

Á valkosti A3 eru 8 línumöstur fyrirhuguð í skipulögðu skógræktarlandi og þar af eru 3 horn- eða endamöstur sem eru stærri að umfangi en möstur þar sem línan liggur beint. Á valkostinum liggur línuleiðin yfir 2.300 m af landi. Helgunarsvæði framkvæmdar vegna línunnar miðast við 85 m breitt svæði undir og meðfram línu og nemur það á valkosti A3 samkvæmt uppdrætti 19,6 ha af skipulögðu skógræktarlandi. Á valkosti A3 er veglagning yfir skipulagt skógræktarland 1.870 m samkvæmt uppdrætti.

Á samanburðarvalkosti A1B1 eru 3 línumöstur fyrirhuguð í skipulögðu skógræktarlandi og þar af eru 2 horn- eða endamöstur sem eru stærri að umfangi en möstur þar sem línan liggur beint. Á valkostinum liggur línuleiðin yfir 640 m af skipulögðu skógræktarlandi. Helgunarsvæði framkvæmdar vegna línunnar á samanburðarvalkosti A1B1 miðast við 85 m breitt svæði undir og meðfram línu og nemur þar samkvæmt uppdrætti 5,4 ha af skipulögðu skógræktarlandi. Á valkostinum er veglagning yfir skipulagt skógræktarland 380 m samkvæmt uppdrætti.

Varanleg áhrif á rekstrartíma línunnar verða meiri af valkosti A3, en skógræktarland mun minnka varanlega af báðum valkostum, sem nemur línumannvirkjum og helgunarsvæði línunnar og mögulega þarf að ryðja skóg sem þegar hefur verið plantað innan þess svæðis.

### Samantekt

Báðir valkostir eru á heiðarlöndum og ná inn á hálendi og liggja um svæði þar sem eru sumarhagar fyrir sauðfé og hross. Áhrif valkosta á landbúnað og skógrækt eru lítil og er lítill munur þeirra á milli. Línuleiðir eru almennt í mikilli fjarlægð (>500 m) frá bæjarstæðum eða mikilvægum vinnusvæðum bænda, yfirleitt mjög mikil á þessum valkostum en í einu tilviki er valkostur A3 í um 600 m fjarlægð frá bæjarhlaði. Báðir valkostir fara um samningsbundið skógræktarsvæði á einni bújörð, þeirri sömu á þeim báðum.

Báðir valkostir liggja að mestu leyti í úthaga, á landi sem er misvel gróið. Á milli valkosta er lítill munur á beinum áhrifum framkvæmda en þau eru að mestu bundin raski við gerð línumannvirkja á meðan framkvæmdum stendur og umfangi þeirra. Mögulega geta framkvæmdir komið styggð að búfé og truflað störf gangnamanna séu þær á þeim tíma sem smalamennska á sér stað. Varanleg áhrif felast helst í stærð þess gróna lands sem fer undir línumannvirki. Nokkur munur er á milli valkosta hvað það varðar en land virðist meira gróið á valkosti A3 samkvæmt greiningu á loftmyndum.

Hvorugur valkosta fer um ræktað land. Báðir valkostir liggja um skipulögð skógræktarsvæði á einni jörð þar sem búast má við áhrifum bæði á framkvæmda- og rekstrartíma línunnar. Áhrif á skógrækt verður heldur meiri ef valkostur A3 verður valinn þar sem línuleið hans þverar skógræktarlönd á lengri kafla en samanburðarvalkostur A1B1 og umfang línumannvirkja verður meira.

Óbein áhrif koma helst fram þar sem búast má við óviðkomandi umferð um svæðið með tilkomu línuvega. Slík umferð gæti truflað búfé í sumarhögum og lömb þvælst undan mæðrum sínum.

# 7 Hugmyndir að mótvægisaðgerðum og ábendingar

- Staðsetja línuvegi í jöðrum ræktunarlands og þá þannig að þeir geti nýst til framtíðar sem túnaslóðar í samráði við bændur.

- Staðsetja möstur utan ræktaðs lands. Sé þess ekki kostur, þá sem næst jöðrum ræktunarspildna.

- Fyrirhuguð línustæði liggja á nokkrum stöðum um land sem telja má álitlegt ræktunarland, staðsetja möstur og línuvegi á þeim svæðum í samráði við landeigendur.

- Tímasetja framkvæmdir með tilliti til notkunar á landi, t.d. fara um ræktað land að loknum uppskerutíma.

- Hafa samráð við landeigendur við lagningu vega og slóða og staðsetja þá þannig að þeir nýtist til framtíðar í búverkum t.d. til að bæta aðgengi að beitarhólfum eða sem túnaslóðar.

- Setja góð hlið sem auðvelt er að ganga um á girðingar þar sem línuvegur fer um beitarhólf.

# 8 Viðaukar

## 8.1 Viðauki 1 – Matsrammi fyrir grunnstöðu landbúnaðar

Tafla 72. Matsrammi fyrir grunnstöðu landbúnaðar

| **GRUNNÁSTAND** | | | |
|---|---|---|---|
| **Matsþáttur** | **Lágt gildi** | **Miðlungs gildi** | **Hátt gildi** |
| **Staða landbúnaðar**<br>Mælikvarðar sem horft er til:<br>• Fjöldi bújarða<br>• Umfang búrekstrar<br>• Annar rekstur sem styður við landbúnað t.d. ferðaþjónusta<br>Töluleg gildi taka mið af svæði (héraði) | Lítill sem enginn búskapur er stundaður, engar eða fáar jarðir í ábúð.<br>Mikið rask er þegar til staðar á svæðinu, sem ekki er tilkomið vegna landbúnaðar, t.d. iðnaðarsvæði. | Þónokkur búskapur.<br>Lítil til meðalstór bú.<br>Dreifð byggð.<br>Landmiklar jarðir.<br>Jarðir með lítinn búskap sem er þó forsenda fyrir ábúð.<br>Jörð nýtt af öðrum t.d. nærliggjandi bújörðum. | Margar jarðir í ábúð, meðalstór til stór bú.<br>Blandaður búrekstur og eða fleiri stoðir undir búrekstri, t.d. ferðaþjónusta.<br>Mikil uppbygging mannvirkja hefur átt sér stað.<br>Nýlegar byggingar.<br>Landlitlar jarðir. |
| **Staða ræktunarlands**<br>Mælikvarðar sem horft er til:<br>• Tegund ræktunar<br>• Ástand ræktaðs lands<br>• Aldur ræktunar<br>• Skógrækt | Gömul tún sem eru ekki, að hluta eða óreglulega nýtt til að afla heyja.<br>Engin skógrækt.<br>Lítið eða ekkert ræktað land. | Viðhald ræktunar lítið.<br>Tún gömul en nýtt til öflunar heyja.<br>Grænfóðurræktun.<br>Lítilsháttar kornrækt eða skógrækt. | Mikið og frjósamt ræktunarland.<br>Tún í góðri rækt.<br>Tún nýlega endurræktuð.<br>Mikil korn- eða grænfóðurrækt.<br>Skógrækt. |
| **Mikilvægi og staða úthaga og beitarlands**<br>Mælikvarðar sem horft er til:<br>• Heimahagar<br>• Afréttir | Rýrir beitarhagar.<br>Litlir möguleikar til frekari ræktunar.<br>Afkoma bús á jörð byggir að litlu eða engu leyti á úthagabeit. | Frjósamt land en erfitt til ræktunar.<br>Beitarlönd sem henta að nokkru leyti til sauðfjár- eða hrossabeitar. | Mikið og frjósamt land og tækifæri til ræktunar m.a. skógræktar.<br>Gömul tún nýtt til beitar.<br>Mikil og góð beitarlönd á afrétti fyrir sauðfé og/eða hross.<br>Mikil og góð beitarlönd, grasmiklir heimahagar sem henta til beitar fyrir sauðfé, hross og/eða nautgripi. |
| **Viðkvæmni /ástand landbúnaðarlands, þ.e. möguleiki á að ná grunnástandi að nýju**<br>Mælikvarðar sem horft er til:<br>• Þéttleiki byggðar. Gróðurþekja.<br>• Samsetning gróðurs.<br>• Tegund ræktunar.<br>• Ástand ræktaðs lands.<br>• Aldur ræktunar.<br>• Nýting mannvirkja vegna línulagnar. | Viðkvæmni fyrir raski lítil og landbúnaðarland nær grunnástandi í kjölfar viðeigandi mótvægisaðgerða.<br>Áhrifasvæði línu fjarri bæjarhlöðum og ræktuðu landi.<br>Ræktun og verðmæti túna ná grunnástandi með viðeigandi mótvægisaðgerðum.<br>Línuvegir nýtast búrekstri. | Landbúnaður nær að hluta grunnástandi með viðeigandi mótvægisaðgerðum. | Varanleg áhrif af framkvæmdum ógna ábúð.<br>Lína sker ræktað land og er nálægt bæjarhlöðum.<br>Möstur, athafnasvæði og línuvegir í ræktunarlandi.<br>Línuvegir og möstur skera og/eða lenda yfir mikilvæg beitarlönd. |

## 8.2 Viðauki 2 – Skýringarmyndir fyrir valkost D.




Mynd 3. Skýringarmynd D-1 af línuleiðum og útfærslum á valkosti D, auk umfangs landbúnaðar á áhrifasvæði línunnar. Myndir af húsdýrum tákna bújarðir með viðkomandi búfjárrækt, stærðir húsdýra tákna stærðir búgreina sbr. töflu 7. Grænir flákar eru skráðar ræktunarspildur samkvæmt túnkortagrunni, brúnir flákar eru samningsbundin svæði í verkefninu Skógrækt á lögbýlum og önnur samningsbundin skógræktarsvæði.




Mynd 4. Skýringarmynd D-2 af línuleiðum og útfærslum á valkosti D, auk umfangs landbúnaðar á áhrifasvæði línunnar. Myndir af húsdýrum tákna bújarðir með viðkomandi búfjárrækt, stærðir húsdýra tákna stærðir búgreina sbr. töflu 7. Grænir flákar eru skráðar ræktunarspildur samkvæmt túnkortagrunni, brúnir flákar eru samningsbundin svæði í verkefninu Skógrækt á lögbýlum og önnur samningsbundin skógræktarsvæði.




Mynd 5. Skýringarmynd D-3 af línuleiðum og útfærslum á valkosti D, auk umfangs landbúnaðar á áhrifasvæði línunnar. Myndir af húsdýrum tákna bújarðir með viðkomandi búfjárrækt, stærðir húsdýra tákna stærðir búgreina sbr. töflu 7. Grænir flákar eru skráðar ræktunarspildur samkvæmt túnkortagrunni, brúnir flákar eru samningsbundin svæði í verkefninu Skógrækt á lögbýlum og önnur samningsbundin skógræktarsvæði.




Mynd 6. Skýringarmynd D-4 af línuleiðum og útfærslum á valkosti D, auk umfangs landbúnaðar á áhrifasvæði línunnar. Myndir af húsdýrum tákna bújarðir með viðkomandi búfjárrækt, stærðir húsdýra tákna stærðir búgreina sbr. töflu 7. Grænir flákar eru skráðar ræktunarspildur samkvæmt túnkortagrunni, brúnir flákar eru samningsbundin svæði í verkefninu Skógrækt á lögbýlum og önnur samningsbundin skógræktarsvæði.




Mynd 7. Skýringarmynd D-5 af línuleiðum og útfærslum á valkosti D, auk umfangs landbúnaðar á áhrifasvæði línunnar. Myndir af húsdýrum tákna bújarðir með viðkomandi búfjárrækt, stærðir húsdýra tákna stærðir búgreina sbr. töflu 7. Grænir flákar eru skráðar ræktunarspildur samkvæmt túnkortagrunni, brúnir flákar eru samningsbundin svæði í verkefninu Skógrækt á lögbýlum og önnur samningsbundin skógræktarsvæði.




Mynd 8. Skýringarmynd D-6 af línuleiðum og útfærslum á valkosti D, auk umfangs landbúnaðar á áhrifasvæði línunnar. Myndir af húsdýrum tákna bújarðir með viðkomandi búfjárrækt, stærðir húsdýra tákna stærðir búgreina sbr. töflu 7. Grænir flákar eru skráðar ræktunarspildur samkvæmt túnkortagrunni, brúnir flákar eru samningsbundin svæði í verkefninu Skógrækt á lögbýlum og önnur samningsbundin skógræktarsvæði.




Mynd 9. Skýringarmynd D-7 af línuleiðum og útfærslum á valkosti D, auk umfangs landbúnaðar á áhrifasvæði línunnar. Myndir af húsdýrum tákna bújarðir með viðkomandi búfjárrækt, stærðir húsdýra tákna stærðir búgreina sbr. töflu 7. Grænir flákar eru skráðar ræktunarspildur samkvæmt túnkortagrunni, brúnir flákar eru samningsbundin svæði í verkefninu Skógrækt á lögbýlum og önnur samningsbundin skógræktarsvæði.




Mynd 10. Skýringarmynd D-8 af línuleiðum og útfærslum á valkosti D, auk umfangs landbúnaðar á áhrifasvæði línunnar. Myndir af húsdýrum tákna bújarðir með viðkomandi búfjárrækt, stærðir húsdýra tákna stærðir búgreina sbr. töflu 7. Grænir flákar eru skráðar ræktunarspildur samkvæmt túnkortagrunni, brúnir flákar eru samningsbundin svæði í verkefninu Skógrækt á lögbýlum og önnur samningsbundin skógræktarsvæði.




Mynd 11. Skýringarmynd D-9 af línuleiðum og útfærslum á valkosti D, auk umfangs landbúnaðar á áhrifasvæði línunnar. Myndir af húsdýrum tákna bújarðir með viðkomandi búfjárrækt, stærðir húsdýra tákna stærðir búgreina sbr. töflu 7. Grænir flákar eru skráðar ræktunarspildur samkvæmt túnkortagrunni, brúnir flákar eru samningsbundin svæði í verkefninu Skógrækt á lögbýlum og önnur samningsbundin skógræktarsvæði.




Mynd 12. Skýringarmynd D-10 af línuleiðum og útfærslum á valkosti D, auk umfangs landbúnaðar á áhrifasvæði línunnar. Myndir af húsdýrum tákna bújarðir með viðkomandi búfjárrækt, stærðir húsdýra tákna stærðir búgreina sbr. töflu 7. Grænir flákar eru skráðar ræktunarspildur samkvæmt túnkortagrunni, brúnir flákar eru samningsbundin svæði í verkefninu Skógrækt á lögbýlum og önnur samningsbundin skógræktarsvæði.




Mynd 13. Skýringarmynd D-11 af línuleiðum og útfærslum á valkosti D, auk umfangs landbúnaðar á áhrifasvæði línunnar. Myndir af húsdýrum tákna bújarðir með viðkomandi búfjárrækt, stærðir húsdýra tákna stærðir búgreina sbr. töflu 7. Grænir flákar eru skráðar ræktunarspildur samkvæmt túnkortagrunni, brúnir flákar eru samningsbundin svæði í verkefninu Skógrækt á lögbýlum og önnur samningsbundin skógræktarsvæði.




Mynd 14. Skýringarmynd D-12 af línuleiðum og útfærslum á valkosti D, auk umfangs landbúnaðar á áhrifasvæði línunnar. Myndir af húsdýrum tákna bújarðir með viðkomandi búfjárrækt, stærðir húsdýra tákna stærðir búgreina sbr. töflu 7. Grænir flákar eru skráðar ræktunarspildur samkvæmt túnkortagrunni, brúnir flákar eru samningsbundin svæði í verkefninu Skógrækt á lögbýlum og önnur samningsbundin skógræktarsvæði.

## 8.3 Viðauki 3 - Skýringarmyndir fyrir valkosti A og B




Mynd 15. Skýringarmynd AB-1 af línuleiðum og útfærslum á valkostum A og B, auk umfangs landbúnaðar á áhrifasvæði línunnar. Myndir af húsdýrum tákna bújarðir með viðkomandi búfjárrækt, stærðir húsdýra tákna stærðir búgreina sbr. töflu 7. Grænir flákar eru skráðar ræktunarspildur samkvæmt túnkortagrunni, brúnir flákar eru samningsbundin svæði í verkefninu Skógrækt á lögbýlum og önnur samningsbundin skógræktarsvæði.




Mynd 16. Skýringarmynd AB-2 af línuleiðum og útfærslum á valkostum A og B, auk umfangs landbúnaðar á áhrifasvæði línunnar. Myndir af húsdýrum tákna bújarðir með viðkomandi búfjárrækt, stærðir húsdýra tákna stærðir búgreina sbr. töflu 7. Grænir flákar eru skráðar ræktunarspildur samkvæmt túnkortagrunni, brúnir flákar eru samningsbundin svæði í verkefninu Skógrækt á lögbýlum og önnur samningsbundin skógræktarsvæði.




Mynd 17. Skýringarmynd AB-3 af línuleiðum og útfærslum á valkostum A og B, auk umfangs landbúnaðar á áhrifasvæði línunnar. Myndir af húsdýrum tákna bújarðir með viðkomandi búfjárrækt, stærðir húsdýra tákna stærðir búgreina sbr. töflu 7. Grænir flákar eru skráðar ræktunarspildur samkvæmt túnkortagrunni, brúnir flákar eru samningsbundin svæði í verkefninu Skógrækt á lögbýlum og önnur samningsbundin skógræktarsvæði.




Mynd 18. Skýringarmynd AB-4 af línuleiðum og útfærslum á valkostum A og B, auk umfangs landbúnaðar á áhrifasvæði línunnar. Myndir af húsdýrum tákna bújarðir með viðkomandi búfjárrækt, stærðir húsdýra tákna stærðir búgreina sbr. töflu 7. Grænir flákar eru skráðar ræktunarspildur samkvæmt túnkortagrunni, brúnir flákar eru samningsbundin svæði í verkefninu Skógrækt á lögbýlum og önnur samningsbundin skógræktarsvæði.




Mynd 19. Skýringarmynd AB-5 af línuleiðum og útfærslum á valkostum A og B, auk umfangs landbúnaðar á áhrifasvæði línunnar. Myndir af húsdýrum tákna bújarðir með viðkomandi búfjárrækt, stærðir húsdýra tákna stærðir búgreina sbr. töflu 7. Grænir flákar eru skráðar ræktunarspildur samkvæmt túnkortagrunni, brúnir flákar eru samningsbundin svæði í verkefninu Skógrækt á lögbýlum og önnur samningsbundin skógræktarsvæði.




Mynd 20. Skýringarmynd AB-6 af línuleiðum og útfærslum á valkostum A og B, auk umfangs landbúnaðar á áhrifasvæði línunnar. Myndir af húsdýrum tákna bújarðir með viðkomandi búfjárrækt, stærðir húsdýra tákna stærðir búgreina sbr. töflu 7. Grænir flákar eru skráðar ræktunarspildur samkvæmt túnkortagrunni, brúnir flákar eru samningsbundin svæði í verkefninu Skógrækt á lögbýlum og önnur samningsbundin skógræktarsvæði.




Mynd 21. Skýringarmynd AB-7 af línuleiðum og útfærslum á valkostum A og B, auk umfangs landbúnaðar á áhrifasvæði línunnar. Myndir af húsdýrum tákna bújarðir með viðkomandi búfjárrækt, stærðir húsdýra tákna stærðir búgreina sbr. töflu 7. Grænir flákar eru skráðar ræktunarspildur samkvæmt túnkortagrunni, brúnir flákar eru samningsbundin svæði í verkefninu Skógrækt á lögbýlum og önnur samningsbundin skógræktarsvæði.




Mynd 22. Skýringarmynd AB-8 af línuleiðum og útfærslum á valkostum A og B, auk umfangs landbúnaðar á áhrifasvæði línunnar. Myndir af húsdýrum tákna bújarðir með viðkomandi búfjárrækt, stærðir húsdýra tákna stærðir búgreina sbr. töflu 7. Grænir flákar eru skráðar ræktunarspildur samkvæmt túnkortagrunni, brúnir flákar eru samningsbundin svæði í verkefninu Skógrækt á lögbýlum og önnur samningsbundin skógræktarsvæði.




Mynd 23. Skýringarmynd AB-9 af línuleiðum og útfærslum á valkostum A og B, auk umfangs landbúnaðar á áhrifasvæði línunnar. Myndir af húsdýrum tákna bújarðir með viðkomandi búfjárrækt, stærðir húsdýra tákna stærðir búgreina sbr. töflu 7. Grænir flákar eru skráðar ræktunarspildur samkvæmt túnkortagrunni, brúnir flákar eru samningsbundin svæði í verkefninu Skógrækt á lögbýlum og önnur samningsbundin skógræktarsvæði.




Mynd 24. Skýringarmynd AB-10 af línuleiðum og útfærslum á valkostum A og B, auk umfangs landbúnaðar á áhrifasvæði línunnar. Myndir af húsdýrum tákna bújarðir með viðkomandi búfjárrækt, stærðir húsdýra tákna stærðir búgreina sbr. töflu 7. Grænir flákar eru skráðar ræktunarspildur samkvæmt túnkortagrunni, brúnir flákar eru samningsbundin svæði í verkefninu Skógrækt á lögbýlum og önnur samningsbundin skógræktarsvæði.




Mynd 25. Skýringarmynd AB-11 af línuleiðum og útfærslum á valkostum A og B, auk umfangs landbúnaðar á áhrifasvæði línunnar. Myndir af húsdýrum tákna bújarðir með viðkomandi búfjárrækt, stærðir húsdýra tákna stærðir búgreina sbr. töflu 7. Grænir flákar eru skráðar ræktunarspildur samkvæmt túnkortagrunni, brúnir flákar eru samningsbundin svæði í verkefninu Skógrækt á lögbýlum og önnur samningsbundin skógræktarsvæði.

## 8.4 Viðauki 4 – Varnarhólf sauðfjársjúkóma




Mynd 26. Á því svæði sem valkostirnir liggja um eru varnargirðingar sem ætlað er að hindra útbreiðslu sauðfjársjúkdóma. Hólfin sem um ræðir eru Miðfjarðarhólf, Vatnsneshól og Blönduhólf. Valkostir A og B þvera Miðfjarðarlínu milli Miðfjarðarhólfs og Blönduhólfs. Valkostur D liggur úr Miðfjarðarhólfi yfir í Vatnsneshólf og áfram í Húnahólf og þverar á þeirri leið Miðfjarðarlínu og Vatnsneslínu.

Samkvæmt lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, 25/1993, er skylt að viðhalda varnarlínum og halda hólfum lokuðum þannig að ekki verði samgangur jórturdýra á milli varnarhólfa. Mikilvægt er að þessar girðingar séu alltaf lokaðar og að sauðfé komist ekki milli varnarhólfa. Skylt er að lóga kindum sem fara á milli hólfa.

Sjá nánar: https://www.althingi.is/lagas/nuna/1993025.html

Mynd 27 sýnir skiptingu lista og skiptingu allra varnarhólfa á Íslandi




Mynd 27. Skipting varnarhólfa sem eiga að hindra útbreiðslu sauðfjársjúkdóma. https://www.mast.is/is/baendur/saudfjarraekt/flutningar-sjukdomavarnir#varnarholf